# Gjörðabók brunamálanefndar 1875-1945

Aðfnr. 246

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

www.borgarskjalasafn.is

Heimilt er að vitna í skjölin og skal þá geta uppruna þeirra.

Ljósmyndun þessara skjala var styrkt af Þjóðskjalasafni Íslands.

**© Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

SKJALASAFN
REYKJAVÍKURBÆJAR

Gjörðabók brunamálanefndar
1875
:
1945

.077.5 - .784.075.15

246

...ASAFN

...6

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

SKJALASAFN
REYKJAVÍKURBÆJAR
246

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

SKJALASAFN
REYKJAVÍKURBÆJAR

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1875 hinn 10. Februarmán. átti eldsvoðanefnd Reykjavíkurkaupstaðar fund með sjer.

Nefndinni kom saman um að fela slökkviliðsstjóra eða skora á hann að semja skrá yfir alla þá bæjarbúa, sem skyldir eru til slökkviliðsþjónustu, einsog líka að kynna sjer fyrir næsta fund hverjir kunni hæfastir til að gjörast slökkviliðsforingjar og annað því um líkt, og koma með uppástungur um það. —

Fundi slitið.

[illegible] Magnús Stephensen. M. Fridriksson. Ó. Ólafsson. G. Zoëga

Ár 1875 hinn 25. Maí átti eldsvoðanefndin fund með sjer.

1. Tómathr. skýrði frá að komnar væru 40 vatnsfötur; af þeim eru 24 þegar afhentar slökkviliðsstjóra, og 16 munu bráðlega verða afhentar honum. —

2. Var tekið fyrir að ~~ákveða~~ stinga upp á, hve margir skyldu í hverri aðalsveit slökkviliðsins og hverjir skyldu sveitarhöfðingjar og hve margir, undirsveitarhöfðingjar o. sv. fr.; Voru uppástungurnar undir þannig:

a. Í húsrifsliðinu skyldu 40, sveitarhöfðingi Magnús tjesmiður Árnason, 3 undirsveitarhöfðingjar, nefnil. Björn Hjaltested, Sveinn Jónsson tjesmiður, Helgi Helgason tjesmiður.

b. Í bjargliðinu skyldu 40, sveitarhöfðingi Egill Egilsson, undirsveitarhöfðingjar Símon kaupm. Johnsen og Helgi barnaskólakennari Helgesen.

c. Í lögregluliðinu 50.

d. Í slökkviliðinu (nálægt 300 manns) skyldu 15 brunaboðar, sveitarhöfðingi Sigfús Eymundsson, 6 undirsveitarhöfðingjar: Jónas Helgason, Nelj. Zimsen, Böðvar Þorvaldsson, Pjetur Bjerring, Jón Jónsson hjá Smith, Sigurður Þórðarson í Hliðarhúsum og hinn 7. ennfremur: gestgjafi Jörgensen; flokkstjórar 12 ɔ: Símon Alexíusson, Eyþór Felixson, N. Jakobsson, Magnús Þorvarðsson, Torfi Magnússon, Þórður Guðmundsson í Hól, Þorsteinn Guðmundsson múrari, Emil Hall, Thordal, Sigurður Vigfússon og August Olavsen. Brunameistarar skyldu 12. —

Fundi slitið.

[illegible] Magnús Stephensen. M. Fridriksson. Ó. Ólafsson. G. Zoëga

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1875, miðvikudaginn 8. dag septembermánaðar, átti Eldvoðanefndin fund með sjer.

1. Formaður skýrði frá, að bæjarstjórnin hefði samþykkt allar uppástungur eldvoðanefndarinnar bæði um niðurskipun slökkviliðsins í sveitir og hverjir fyrirliðar skyldu vera í hverjum flokknum fyrir sig. Enn fremur skýrði hann frá, að hann hefði tilkynnt öllum fyrirliðunum útnefningu sína, og að þeir ættu að útvega sjer einkennishúfur sínar samkvæmt reglugjörðinni um slökkvilið Reykjavíkurbæjar 31. októb. 1874, 12. gr.

2. Því næst stakk eldvoðanefndin uppá, að sem ~~vara~~ undirsveitarhöfðingi í hinu eiginlega slökkviliði, skyldi sem varasveitarhöfðingi, í stað gestgjafa N. Jörgensens heitins, skyldi skipaður verzlunarmaður Jón Pálsson.

3. Þá var bæjarbúum þeim, er skyldir eru til slökkviliðsþjónustu, skipað niður í hinar 4 aðalsveitir, og varð sú skipting þannig:

a) Í hurrisliðið voru skipaðir:

1. Sigurður Jónsson járnsmiður
2. Guðmundur Jónsson snikkari
3. Þórður Jónsson skipasmiður á Bergi.
4. Þorkell Gíslason kennslukona (í Ingólfsbr.)
5. ~~Georg Ahrentz~~ snikkari Jón Gíslason snikkari
6. Magnús Ólafsson snikkari
7. Björn Guðmundsson múrari
8. Hannes Hansson tómthúsmaður
9. Sigurður Hansson múrari
10. Geitur Gunnarsson snikkari.
11. Magnús Vigfússon bóndi á Miðseli.
12. Egill Guðnason tómthúsmaður
13. Grímur Guðnason tómthúsmaður í Seli
14. Páll Jóhann Jóhannesson vinnum. í Hala
15. Ólafur Ólafsson tómthúsm. ~~[illegible]~~ í Gjárhoti.
16. Pétur Ólafur Gíslason, tómthúsm. í Pétursbúð
17. Jóhann Sigurður Ringsted, vinnum. í Miðseli.
18. Jón Jónsson járnsm. í Hádarbænum
19. Jón Jónsson skipasmiður
20. Sigurður Símonarson skipstjóri
21. Valgarður Ólafsson Breiðfjörð snikkari
22. ~~[illegible]~~ Sverrir Runólfsson steinhöggvari
23. Hjörtur Oddsson snikkari
24. Sigvaldi Árnason snikkari
25. Páll Jóhann Jóhannesson [illegible]

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

26. Sveinn Sveinsson í Hábæ
27. Jens Ólafsson húsmaður í Laxárnesi
28. Ludvig Alexíusson tómthúsm. í Smiðsholti
29. Einar Þorsteinsson Arnarholti
30. Páll Pálsson múrari í Veghúsum
31. ~~Páll Einar Dagobert Olsen í Mylnunni~~
31. Pétur Valgarðsson tómthúsm. Vegamótabú
32. Björn Árnason gullsm.
33. Ejólfur Oddsson gullsm.
34. Páll Einar Dagobert Olsen í Mylnunni
35. Þorsteinn Sveinsson járnsmiður
36. Jakob Sveinsson múrari

## b. Í bjargliðið voru skipaðir:

1. Jón Jónsson }
2. Steingrímur Jónsson } í Hólshól
3. Einar Árnason tómthúsm. á Tóftum
4. Torfi Þorgrímsson prentari
5. Jónas Guðbrandsson Brennu
6. Benedikt Ásgrímsson gullsm.
7. Nikulás Runólfsson ([illegible]) gullsm.
8. Magnús Árnason tómthúsm. í Þingholti
9. Friðrik Guðmundsson bókbindari
10. Bjarni Sigurðsson assistent
11. Magnús Einarsson tómthús. í Melkoti
12. Sigurður Magnússon bóndason í Bráðræði
13. Kristinn Ólafsson tómthúsm. á Steinum
14. Jón Guðnason bóndi á Litlaseli
15. Ívar Jónatansson tómthúsm. á Litla-Seli
16. Hermann Einarsson tómthúsm. á Brekku
17. Jón Oddsson tómthúsm. í Mýrarholti
18. Gísli Jónsson, tómthúsm. á Nýlendu
19. Sveinn Guðmundsson, tómthúsm. í Sveinsbæ
20. Gísli Björnsson tómthúsm. á Bakka
21. Jón Guðmundsson tómthúsm. í Hala
22. Jón Ólafsson tómthúsm. í Hlíðarhúsi
23. Þórður Árnason tómthúsm. í Hlíðdal
24. Jón Oddsson hafnsögum. í Dúkskoti
25. Eyvindur Jónsson, tómthúsm. í Hábæ
26. Gísli Jónatansson vinnum. í Lóniskoti
27. Þórður Þórðarson yngism. í Vigfúsarkoti
28. Guðm. M. Olsen, assistent í Helgahúsi
29. Jóhannes Zoëga yngism. í Nýjabæ
30. Þórður J. Zoëga, yngism. í Nýjabæ
31. Guðmundur Ásmundsson, vinnum. í Hákoti
32. Vigfús Guðnason, tómthúsm. í Kristjánshúsi
33. Hafliði Guðmundsson, assistent.
34. Egill Gunnlögsson, tómthúsm. í Arabæ
35. Torfi Jónsson, tómthúsm. í Hákonarbæ
36. Jón Bjarnason Straumfjörð assistent
37. Ejólfur Þorkelsson gullsmiður.

## c. Í lögregluliðið voru skipaðir

1. ~~Benedikt Jóhannsson assistent.~~ +
2. Árni Gíslason lögregluþjónn ⊙ ×
3. ~~Hans Fischer verzlunarm.~~ \ +
4. Einar Ejólfsson lausamaður ×
5. ~~Snorri Jónsson dýralæknir~~ \ +
6. Þorsteinn Jónsson tómthúsm. ×
7. Rafn Sigurðsson vinnum. á Norðurb.} Reykj. +
8. Páll Jónsson vinnum. í Melshúsum ×
9. Pétur Guðmundss. vinnum. í Landakoti × \ ÷
10. Sveinn Ingimundarson, bóndi á Seli \ ✱
11. Jakob Steingrímsson tómthúsm. Seli ✱
12. Jón Björnsson tómthúsm. Ánanaust ÷
13. Sigurður Einarsson vinnum. í Hlíðarhúsum ÷
14. Magnús Árnason tómthúsm. ÷
15. Jón Halldórsson pjátrari ×
16. Jón Guðmundsson tómthúsm. í Hlíðarh. ×
17. Sigurður Gunnarsson cand. theol. +
18. Oddur Jónsson }
19. Jón Jónsson } í Dúkskoti +
20. Einar Jafetsson faktor ×
21. Guðmundur Guðmundsson [illegible] ÷
22. Ólafur Þórðarson í Vigfúsarkoti ×
23. ~~Jóhannes Runólfsson Arabæ~~ ×
24. Jón Runólfsson í Arabæ ×
25. Matt. Jóhannessen faktor
26. Jón Ólafsson tómthúsm. í Finnbogabæ ÷
27. Stefán Magnús Jónsson cand. theol. +
28. Þorkell Þórðarson tómthúsm. í Grjóta ÷
29. Magnús Þorkelsson bóndi á Grímsstöðum ÷
30. ~~Pétur Jónsson vinnum. Grímsst.~~ ÷
31. Kristján Gíslason bóndi í Görðum ÷
32. Matthías Jochumsson ritstjóri ÷
33. Guðmundur Guðmundsson bókbindari +
34. Lárus Halldórsson biskupsskrifari
35. Helgi Jónsson assistent +
36. Sigurður Þórðarson Jónassen student +
37. Emil Jensen bakari ÷
38. [illegible] ÷
39. ~~Jón Borgfirðingur lögregluþjónn~~ ×

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

40. Jón Gunnarsson assistent. ×
41. Einar O. Guðjohnsen lóðsm. †
42. Sveinn Tryggvason assistent ×
43. ~~Jónas Sigurðsson framm.lóðsm.~~
44. Steingr. Johnsen cand. theol. ×
45. Björn Jónsson ritstjóri ı
46. Jónas Thorsteinsen Ulall assistent ×
47. Helgi Guðmundsson stúdent ×
48. Magnús Jónsson stúdent ×
~~49. Ólafur Rosenkranz stúdent~~ †
~~50. Ólafur Ámundason hjá Thomsen~~ –
50. Guðm. Bjarnason lausam. bygam ×

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

4. Þá var ákveðið að biðja um húfur handa slökkviliðinu, með hinum ýmislegu borðum um, svo sem ákveðið er í reglugjörðinni, 12. gr., og tókst bæjarfógeti á hendur, að panta húfurnar með næsta gufuskipsferð. Sömuleiðis skyldi hann panta 50 skildi handa lögreglulíðinu, circa 3 þumlunga á lengd og 2 á breidd, með stöfunum L. R. á.

Fundi slitið.

[signature] A. Thorsteinsson. Magnús Stephensen. Ólafsson G Zoëga

Ár 1876 hinn 11. Januar átti eldsvoðanefndin fund með sjer. –

1. Var þá ákveðið að nefndin skyldi þessa göngu um bæinn til þess að kynna sjer um ofna og eldstór, hvort það sje í lagi eða ekki; og að öðru leyti að gjöra fyrirskipanir samkvæmt lögunum af 15. Okt. 1875.

2. Var ákveðið að auglýsa sem fyrst um hver slökkviáhöld skuli fylgja húsunum og að hlutaðeigendur skuli vera búnir að útvega þau svo fljótt sem unnt er og ekki seinna en 30. Juni þ. á. –

Fundi slitið. –

[signature] Magnús Stephensen. Ólafsson G Zoëga

Ár 1876 hinn 16. Febr. átti eldsvoðanefndin fund með sjer.

1. Var þá skýrt frá þeim göllum, sem nefndarmenn höfðu við göngu sína orðið varir við á ofnum, ofnpípum o. fl., höfðu nefndarmenn ritað þetta í 2 bækur, sem fylgja gjörðabókinni. Skyldi formaður sjá um að húseigendum og öðrum hlutaðeigendum yrði tilhaldið að láta laga það sem ábótavant er. –

Fundi slitið.

[signature] A. Thorsteinsson. Einar Þórðarson Ólafsson

Ár 1876 hinn 23. Febr. átti eldsvoðanefndin fund með sjer. –

Var þá kosin 2ja manna nefnd til að semja frumvarp til reglugjörðar þeirrar, sem lög um brunamál 15. Okt. 1875 og(?) um geta, og hlutu kosningu landfógeti Thorsteinsson og E. prentari Þórðarson. – Fundi slitið.

[signature] A. Thorsteinsson G Zoëga. Einar Þórðarson Ólafsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1876 hinn 26 Juni átti brunamálanefndin fund með sjer.

1. Var þá lagt fram rétt og samþykkt frumvarp til reglugjörðar um brunamál í Reykjavíkur kaupstað.

2. Var lagður fram Reikningur Consul Smiths fyrir höfur o. fl. og var fallizt á að greiða hann. —

3. Var slökkviliðsstjóra afhenta húfurnar með tilheyrandi tölum til útbýtingar. — Fundi slitið.

Thorsteinsson Einar Þórðarson Ólafsson Althorstenn G. Zoëga

Ár 1876 hinn 8. Septbr. átti eldsvoðanefndin fund með sjer. —
Var þá rætt um, hvort ástæða væri til að veita dbrgm. Geir Zoëga lausn frá að vera slökkviliðsstjóri. Zoëga var sjálfur á fundi og lýsti því yfir að sjer hefði helst gengið það til að segja um lausn að hann áliti aðra menn í bænum betur til þess kjörna. En eldsvoðanefndin áleit, ~~að betri væri það ekki, að aðrir væru betri til þess, enda~~ væri álitið að Zoëga væri vel kjörinn til þess að vera slökkviliðsstjóri og fann því enga ástæðu til að mæla fram með beiðni hans. — Fundi slitið. —

Thorsteinsson Einar Þórðarson Ólafsson G Zoëga

Á 1878 h. 5. october átti eldsvoðanefndin fund með sér.

Á þessum fundi var lögð fram bréf frá Egilsen kaupmanni dags. 26. august um ýmislegar aðfinningar við aðgerðir brunamálsnefndarinnar. Bréf þetta ~~hann~~ var ~~t~~ sent til álits slökkviliðsstjórans og hefði hann með bréfi dags. 13. f. m. svarað því að þessar aðfinningar eigi væri á rökum byggðar og var brunamálsnefndin á sömu skoðun, enda þótt hún þó játi að sumt hvað sé ábótavant hér í bænum með brunamál, en henni kom saman um að

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

láta sem fyrst samkvæmt reglugjörð 26. oct. 1876 14. grein
framfara skoðun á öllum byggingum í bænum af slökkvi-
liðsstjóra og sveitahöfðingja slökkviliðsins og skoraði á
formanninn að sjá um að áðurnefndri tilskipun
15. oct. 1875 og öðrum lögum um brunamál
verði hlýtt.

2. Var samin áætlun fyrir útgjöld á næstkomandi
ári eptir fyrirmælum Reglugjörðar 15. Okt. 1874
§ 13 og hljóðar hún þannig:

1. til þess að útvega 2 hand„exstincteura" c. 150 Kr.
2. til ýmissra útgjalda . . . . . . 50 –

200 Kr.

3. Var það samþykkt að fara þess á leit við
bæjarstjórnina að útvegað yrði ný sprautu
sem fyrst.

Fundi slitið

E. Th. Jónassen

Einar Þórðarson   A. Thorsteinsson   Ólafsson   G. Zoëga

Ár 1879 h. 2. Maí átti eldvarnarnefndin
fund með sér í kirkjunni í Reykjavík eptir beiðni
Jakobs Sveinssonar til þess að yfirlíta hvort að
eigi mætti setja ofna þar uppi á þeim stað, er
nefndin áður hafði hugsað sér og hvort eigi mætti
hafa þar reykháfa leirrör. Mættir voru þar
úr eldsvoðanefndinni bæjarfógetinn, slökkvi-
liðsstjórinn og Einar Þórðarson; kom þeim saman

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

um að Jakob Sveinsson geti sett ofna þannig, hann hefir hugsað sèr, og sinn hvorju megin við kórinn framan til, en að hann geti að hafa reykháfa úr tígulsteina tilbúna á þann hátt sem lögin fyrirskipa um brunamál í Reykjavík dags. 15. Okt. 1875

Var svo þessum fundi slitið.

E. Th. Jónassen G. Zoëga

Einar Þórðarson.

Ár 1879 h. 24. júní kom eldsvoðanefndin ásamt brunamálastjórnarnum saman í dómkirkjunni í Reykjavík til þess eptir beiðni trèsmiðs Jakobs Sveinssonar, er stendur fyrir aðgjörð kirkjunnar að yfirlíta, hvernig ofnunum þeim, er setja á upp í henni, ætti að vera fyrir komið. Ofnarnir eiga að standa út við hliðarveggina nokkru vestar en í miðju kirkjunnar og eiga pípurnar úr þeim að liggja með gólfinu austur eptir kirkjunni í reykháfana, er koma upp úr loptinu báðu megin við kórinn. Reykháfarnir sameinast í einn reykháf yfir kórhvelfingunni, en úr tígulsteini. Pípurnar eiga að liggja á lagi úr 2 múrsteinum á þykkt og á þeim litla kafla, er þær fyrir framan kórinn liggja undir gólfinu á að vera svo um búið að þær liggi í múruðum stein-stokk og járnrist yfir þeim; alstaðar þarsem pípurnar ganga í gegn um sætisbekkina á að vera 6 þumlunga millibil þeirra og sætisins og járnplata undir sætinu gagnvart pípunum dálítið frá trjenu. En skyldi það sýna sig, þegar farið verður að reyna ofnana að trèð í bekkjunum yfir pípunum þrátt fyrir járnplöturnar, hitni (of) mikið svo hætt sè við að geti kviknað í því, þá verður að nema burt úr bekkjunum setið fyrir ofan pípurnar. Undirgekkst Jakob að láta gera það.

Fundi svo slitið

E. Th. Jónassen

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Á 1879 h. 29. september var eldsvoðanefndin á fundi og kom þá á fund til umræðu hverja skyldi stinga uppá fyrir slökkviliðsstjóri í staðinn fyrir Geir Zoëga, er sókt hefði um lausn frá þessum starfa í bréfi dagsett 22. þ. m. og stakk nefndin uppá þessum mönnum:

factor Jóni Pálssyni
— Jóni O. V. Jónssyni og
— Símoni Johnsen

sem hæfum til þessa starfs og gera það að leitandi uppástungu til bæjarstjórnarinnar.

Frekar var eigi að taka fyrir.

E. Th. Jónassen  A. Thorsteinsson  Egilsson  Einar Þórðarson

Á 1879 h. 15. Nóvemb. átti brunamálanefndin fund með sér í dómkirkjunni eptir beiðni Jakobs Sveinssonar til þess það að yfirlíta frágang hans á þeim 2 hitavélum sem þar hafa verið settar. Nefndinni kom saman um að það mundi vera vel frá vélinni og umbúningi hennar gengið, en til enn frekari tryggingar var Jakob Sveinssyni uppálagt að láta á gólfið undir rörin, sem eru frekar 4" frá gólfinu, járnplötur á 6. næstu sætin við ofninn, en það skyldi vera undir frekari skoðunargjörð komið, hvort (það) þetta þyrfti að setja í innri sætin, og skyldi slökkviliðsstjórinn og einn úr brunamálanefndinni aðgæta þetta, þegar næst yrði lagt í ofnana.

Fundi slitið

E. Th. Jónassen

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Á 1880 h. 3. júní setti brunamálanefndin fund með sér og var þar þá tekið fyrir:

1° að ræða um, hvort að skyldi kaupa sprautur til bæjarins eða ekki og er bæjarstjórnin hafði skotið þessu máli undir álit brunamálanefndarinnar. Nefndin réð til þess að bæjarstjórnin léti sem fyrst kaupa sprautu á vagni, ásamt slöngu 25 feta ($\frac{2}{20}$ ~~álna~~ [feta] og $\frac{1}{10}$ ~~álna~~ [feta] í tveimur pörtum) vagna til þess að flytja vatn á og 25 vatnsfötur úr segldúki.

2° Bar bæjarfógeti E. Th. Jónassen það undir álit brunamálastjórnarinnar hvernig hann skyldi með fara um bil 80 tunnur af steinolíu sem komið hefði hingað með skipinu Smithe í þessum mánuði. Nefndin samþykkti að hann mætti grafa þær niður í fjörunni fyrir neðan lóð sína 30 álnir frá húsum ~~fjörunni~~ og láta þekja þær þar með 1 álnar mold.

Fundi slitið

E. Th. Jónassen   Ól. Pálsson

Egilsson   Einar Þórðarson   A. Thorsteinsson

Á 1880 h. 31. ágúst átti brunamála~~byggingar~~nefndin fund með sér. Kom þá til umræðu beiðni frá Valgarði snikkara Breiðfjörð um að mega nota hús það sem hann lét byggja í fyrra sumar fyrir verkstæði og var það leyft með því móti að hann gerði norðurhliðina eldfasta, eins og hefði verið tekið fram við hann við útmælinguna 22. sept

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

f. á. þar á móti vill (meiri hluti) nefndarinnar með engu móti leyfa að nokkur búi uppi á loptinu yfir verkstæðinu. Einnig líka nefndin áskilur að verkstæðið að öðru leyti verði útbúið á þann hátt sem brunabótalögin fyrirskipa.

Minni hlutinn landf. Thorsteinson álítur að skilyrði það sem var sett í útmælingargjörðinni f. á. að hliðin skuli þakin eldföstu efni eigi að standa óhaggað en að öðru leyti megi hann nota húsið til hvers sem vera skal, ef brunamálalöggjöfinni sé fullnægt.

Egilsson samþykkir landfógeta en um hvað hann álítur ~~gluggana~~ hliðinni eldfasta, þó glugga séu, ef forsvaranlegir járnhlerar séu fyrir.

Fundi slitið

E. Th. Jónassen  A. Thorsteinson  Jón Pálsson  Egilsson

Ár 1881 h. 7. febrúar var haldinn fundur af eldsvoðanefndinni eptir skriflegri áskorun formannsins og var þar þá tekið fyrir eptir beiðni kaupmannanna Vídalíns og Eggerz að bera það undir álit ~~byggingar~~ brunamálanefndarinnar, hvort þeir ekki mætti álíta sem eldfastan vegg sem búinn væri til úr (bindingi uppfylltum með g,) beton og síðan að utan kladd með cementi að minnsta kosti 2 þumlunga þykku og sem á neðri etage hússins væri gluggalaus, þótt á efri etagen væri gluggar. Segjast þeir spyrja að þessu af því að þeir hafi í hyggju að byggja hús það sem þeir ekki sé að reisa á fyrverandi lóð Einars Þórðarsonar eptir útmælingargjörð byggingarnefndarinnar 29. Október (hérað er fyrst nú tilætlað) [illegible]

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

vatnsnefndin á því að slíkur veggur sem nú var nefndur mætti álítast eldfastur, einkum þegar hann stæði í 6 álna fjarlægð frá næsta húsi, eins og hér er tilætlast. Kaupmaður Eggerz var mættur á þessum fundi.

Fundi sagt slitið

E. Th. Jónassen Egilsson

Einar Þórðarson. G. Zoëga Árni Þórlákson

Ár 1881 h. 28 apríl átti brunamálanefndin fund með sér á skrifstofu bæjarfógetans eptir skriflegri áskorun hans og var þar þá tekið fyrir að ráðgast um, hvernig ætti að fara með geymslu eptirleiðis á slökkvitólum bæjarins, með því að nú vantaði ~~þar~~ hús fyrir hina nýju sprautu, er verið hefir í geymslu hjá Smith í vetur. Kom ~~þá~~ nefndinni saman um að tiltækilegast mundi vera nú í bráð að láta búa til hús í geymsluhúsi bæjarins á lóð barnaskólahússins, en að öðru leyti sem fyrst að bera undir álit bæjarstjórnarinnar hvort ekki sé nauðsynlegt að búa til nýtt fyrir hús þau nú strax í sumar; það skal líka tekið fram að bæjarfógeti hefir fengið tilkynningu um að kirkjan ekki lengur geti misst plássið það í sakristíunni sem hann hefir hingað til haft fyrir hin gömlu slökkvitól sín og undir því nauðsynin á húsi fyrir slökkvitólin nú þegar því brýnni.

Var svo fundi sagt slitið.

E. Th. Jónassen Egilsson G. Zoëga Einar Þórðarson. Árni Þórlákson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1882 hinn 27. Janúar átti brunamálanefndin fund með sér samkvæmt beiðni kaupmannanna Vidalíns & Eggerz dags. í janúar þ. á. og var þeim samkvæmt téðri beiðni leyft að setja upp söginnar vél í geymsluhúsi þeirra. Skyldi vélin standa í norð-vestur horninu á geymsluhúsinu; er þar moldargólf undir og skyldi múrað upp undirstaða undir vélina og gengið vel og forsvaranlega frá. Upp úr vélinni á að ganga járnpípa og var því kaupmönnunum boðið að saga nægilega stórt op á þakið, múra þar upp kringum pípuna og ganga svo vel frá að enginn eldsvoði geti af hlotizt. Að öðru leyti mun brunamálanefndin hafa daglegt eptirlit með uppsetning vélar þessarar. –

Við sama tækifæri skoðaði brunamálanefndin dreiara 2 í íbúðarhúsi ofannefndra kaupmanna, liggja dreiararnir 5–6 þuml. inn í skorsteinspípurnar skammt fyrir ofan það er pípurnar frá eldavélunum ganga út í skorsteinana. Bauð brunamálanefndin kaupmönnunum að breyta þessu á þann hátt að saga innan úr dreiurunum að minnsta kosti 3 þuml. þykkt, fylla það aptur með Cementi og klæða það síðan innan með járni og réði brunamálanefndin kaupmönnunum til að fá múrmeistara Lüders til þess að ganga frá þessu svo forsvaranlegt væri og öruggt fyrir eldsvoða. hið fyrsta mögulegt væri.

Fundi slitið

E. Th. Jónassen   Þorlákur O. Johnson   Egilsson   [illegible]

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1882 h. 3. júní átti brunamálanefndin fund með sér og var tilefni þessa fundar það að hinn frakkneski konsul hér í bænum hafði í bréfi dags. s. d. beðið um að hin frakkneska stjórn fengi leyfi til þess að leggja kol við hliðina á hinu frakkneska geymsluhúsi við Austurvöll. Á þessum fundi mætti auk formannsins bæjarfulltrúi E. Egilsson og slökkviliðsstjóri O. Rosenkranz. Pétur Gíslason mætti eigi þó hann væri boðaður, en kaupmaður P. O. Johnson er erlendis. Nefndarmennirnir komu saman af sérstökum ástæðum um (að leyfa að frakkneska stjórnin mætti leggja kol á hið umbeðna svæði í þetta sinn fyrir hinn til tekna 2 mánaða tíma með því móti að því gerði girðinguna alveg þétta á þeim tveim endum, er snúa út að götunum, en að það jafnframt yrði tilkynnt konsúlnum að nefndin eigi geti leyft þetta framvegis, með því það væri nokkuð vafasamt, hvort nefndin geti leyft það eptir á slíkum stað hinum gildandi brunamálalögum og samþykkt bæjarstjórnarinnar þar að lútandi, enda hefði brunamálastjóri hinna dönsku kaupstaða hér, í bréfi dags. s. d., mælt á móti því við bæjarfógeta, að þetta yrði leyft.

Fundi slitið
E. Th. Jónassen  Egilsson  O. Rosenkranz

Ár 1883 hinn 10. Oktober hélt brunamálanefndin fund með sér eptir áskorun formannsins og var þar þá tekið fyrir:

1. Lögð var fram listi frá slökkviliðsstjóranum

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

yfir yfirmenn slökkviliðsins, er var tekin til yfir-vegunar og verður þessi listi með gerðum byggingar lagður undir samþykki bæjarstjórnarinnar.

2. Þá var talað um að nauðsynlegt væri að útvega sem fyrst handa bænum 120 stk. af tygldúks-vatnsfötum, með því mjög fáar fötur væru til

3. Var ákveðið að útvega þyrfti og 2 brunasegl úr filti og þótti stærð þeirra mátuleg 10 x 12 álnir.

4. Sömuleiðis gat slökkviliðsstjórinn þess að útvega þyrfti um 50 húfur með rauðum borða um handa brunaliðinu, og sömuleiðis 10 handa húsrifsliði og 10 handa bjargliðinu.

5. að útvega 3 brunalúðra handa bænum.

Var svo af brunamálanefndinni óskað þess að slökkviliðsstjórinn hið fyrsta reyndi sprauturnar og láti skoðun fram fara á húsunum

Fleira eigi fyrirtekið

Þorl. Ó. Johnson E. Egilsson [illegible] Rosenkranz P. O. Gíslason

Ár 1885 hinn 17. marz var fundur haldinn af brunamálanefndinni og slökkviliðs-stjóranum eptir fundarboði frá formanni nefndarinnar (bæjarfógeta).

Tilefni fundarins var það að formaðurinn, þareð eldsvoðar eru farnir að verða langt um tíðari en áður, áleit nauðsynlegt að fá álitsgjörð brunamála-nefndarinnar um það hvort ekki mundi mögulegt að fá nýja sprautu, nær og þá sem keypt var fyrir fám

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

árum frá Löwener í Kaupmannahöfn.

Nefndin var á því að skora skyldi sem fyrst á bæjarstjórnina að fá 1. sprautu frá Löwener enn og þá, er bornir nú á.

Ennfremur að útvega til bæjarins hið fyrsta:

1.) 1 Dúsín af „star" (the Harden „star" hand grenade) -granate, er nú fást í Kaupmannahöfn eptir því sem slökkviliðsstjóri skýrir frá og þar hafa reynst vel; þær kosta 40 kr.

2.) að útvega 24 ljóskeri enn og þá sem bornir nú á til þess að [illegible] við hafa við eldsvoða.

3.) að útvega 4 leðra í viðbót við þá 3 leðra sem til eru.

4.) að útvega 2 klakahögg, er geymd séu í brunatóla-húsinu.

Með því ekki var frekar að fyrirtaka, þá var fundi sagt slitið.

E. Th. Jónassen

Jón Ólafsson   Páll Þorkelsson

O. Rosenkranz

Ár 1885 hinn 12. sept. hélt brunamálanefndin fund enn sér eptir fundarboði frá formanni sínum og var tilefni fundarins að stinga uppá eptir fyrirmælum bæjarstjórnarinnar einhverjum mönnum hæfum til þess að vera slökkviliðsstjóri í staðinn fyrir stúdent O. Rosenkranz, er fengið hefir lausn frá þeim starfa frá 1. okt. þ. á. Nefndinni var gert kunnugt um að bóksali Kr. Ó. Þorgrímsson með bréfi dags. 5. þ. m. hefði sókt um að vera slökkviliðsstjóri og var það bréf lesið upp. Formaðr gat þess að hann vildi stinga uppá Helgi Trésmið Helgasyni til þessa starfa og álit nefndin

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

ir að báðir þessir menn gætu haft þennan starfa á hendi, en þarsem formaður lýsti því yfir að Helgi Helgason upp á fyrirspurn hans til hans hefði sagst skyldi taka starfa þenna að sér, ef bæjarstjórninni litist að fela sér hann, þá var þó meiri hluti nefndarinnar á því að Helgi mundi vera betur til þess fallinn að takast á hendur slökkviliðsstjórn, en bóksali Kristján Þorgrímsson; á fleiri mönn-um var eigi beinlínis stungið upp, enda þótti nefndinni vandhæfi á að finna til þess hæfa menn, er gætu stöðunni sinna og annari vegna sinnt slökkviliðsstjórn sem skyldi, ef hún ætti að vera leyst vel af hendi.

Þess skal sérstaklega getið að Rosenkranz slökkviliðsstjóri mælti eindregið með að fela slökkviliðs-stjórnina eptirleiðis Helga Helgasyni.

Fleira eigi fyrirtekið. Fundi slitið.

E. Th. Jónassen

Jón. O. V. Jónsson. Páll Þorkelsson Jón Ólafsson Rosenkranz

Ár 1885 hinn 26. nóvemb. var fundur haldinn af byggingarmálanefndinni á skrifstofu bæjarfógetans eptir fundarboði frá formanni nefndarinnar. Tilefni þessa fundar var bréf frá kaupmanni J. O. V. Jónssyni dags. 24. þ. m. svohljóðandi: + + + Byggingarmálanefndin [illegible] sér bréfið, þarsem hr. kaupmaður Jónsson fer því fram að geta byggt etage ofaná hús það, er hann eigi framan á Hakkstöðum undan húsinu í Hafnarstræti, en með því nefndur kaupmaður hingað til hefir haft allt portið bæði norðan og

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

austanvert við hús þetta fullt af steinkolum, þá álitu brunamálanefndin að þetta sé svo hættulegt, ef eldur skyldi koma upp í húsinu, ~~þ~~ að hann þó að eins geti fengið leyfi til þess að byggja þetta stage að hann hætti við að geyma kol eptirleiðis í þessu porti, en hvað snertir kolabyrgðir þær sem nú eru í portinu, þá vill brunamálanefndin leyfa að þær megi vera þar óhaggaðar unz þær eru útseldar en þó ekki lengri tíma en til 1. okt. næsta árs.

Þá gat Helgi Helgason slökkviliðsstjóri þess að hann áliti það ekki hættulegt að hafa kolin geymd í alþingis-húsinu sem og nú væri gert og ákvað nefndin hið fyrsta eptir helgina að skoða það, hvernig geymsla þessi væri.

~~Loks~~ Var svo borið upp af Helga Helgasyni að ýmsir nýjir menn þyrfti að skipa í slökkviliðið og var því frestað að gera það til þess að fundur yrði aptur eptir helgina.

Fundi slitið

E. Th. Jónassen Páll Þorkelsson Jón Ólafsson
Helgi Helgason

Ár 1886 hinn 1. apríl var fundur haldinn af brunamálanefndinni til þess að íhuga og stinga uppá hverjir menn mundu ~~bezt~~ fallnir til þess að vera yfirmenn í slökkviliðinu við hina nýju slökkvivél, er bærinn hefir fengið í vetur og einnig að kjósa menn í skarðið fyrir þá er nú hafa gengið úr liðinu.

Nefndin stakk þá upp á þessum mönnum

1. undirsveitarhöfðingi í stað Sigfúsar Eymundssonar er fengið hefir lausn, var stungið uppá að kjósa

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

úrsmið Eyjólf Þorkelsson og sem vara-meðsvarar-höfðingja Berg örtlasmið Þorleifsson

2. sem sveitarhöfðingja í húsrifsliðinu Sigurð Arnason trésmið.

3. sem sveitarhöfðingja við vatnsburðarliðið múrara Björn Guðmundsson.

4. sem sveitarhöfðingja við slökkvibíl No 3 Árnhaldar Thorsteinson.

5. sem sveitarhöfðingja við slökkvibíl No 2. Arnbjörn Ólafsson

6. við slökkvibíl No 1. (nýjustu slökkvivélina)

3 sveitarhöfðingjar:

a.) Ólafur Amundason factor

b.) Magnús Benjamínsson úrsmiður

c.) Þorst. Guðmundsson verzlunarmaður.

búnumenn:

1) Torf. Þórðarson frá Vegfúsarkoti

2) Gunnlaugr Pjetursson Háaleiti

en aðrir liðsmenn eiur og við gömlu sprautuna No 1.

Þessar uppástungur brunamálanefndarinnar verði svo bornar undir samþykki bæjarstjórnarinnar.

Frekara eigi fyrirtekið.

Fundi sagt slitið

E Th Jónasson

Páll Þorkelsson Helgi Helgason

Ár 1895, þ. 7. des. var fundur haldinn í brunamála-nefndinni.

1. Var Sigurði Jónssyni kaupmanni leyft að hafa smiðju, sem hann ætlar að byggja og hefur fengið útmælingu fyrir á lóð sinni í Aðalstræti: 3 al. frá gaflinum á leikhúsi W.Ó. Breiðfjörðs, með því skilyrði að reykháfurinn í smiðjunni gjörði svo hár að hann beri 1 al. að minnsta kosti uppyfir þak leikhússins og veggurinn sem að því snýr gjörði byggður eldtraustur. Lagt var fyrir beið-andann: að kveykja ekki upp í smiðjunni fyr en brunamála-nefndin hefði athugað, að allur frágangur á henni bæði að því er eldstæði og annað snertir, væri samkvæmt því sem fyrirskipað er.

2. Gekk nefndin á heimili Þórðar Zoëga í Vesturgötu; hafði hann í óleyfi nefndarinnar lagt ofnpípur út úr vesturgafli húss síns, og eigi búið svo um að sem lög 15. des. 1875 mæla fyrir; hafði slökkviliðsstjóri optsinnis áminnt hann um að lagfæra þetta, en árang-urslaust, og 5. þ. m. hafði formaður nefndarinnar ritað Þórði og lagt fyrir hann að lagfæra tafarlaust ofnpípur þessar og eldstæði það, sem er í sambandi við hana, ~~en~~ og bannað honum að leggja eld í það fyr en þessu væri fullnægt. Þegar nefndin kom hafði Þórður þó eigi enn gjört neitt til að hlýðnast þessum fyrir-mælum, og eldstæðið, lítil eldunarvjel, sem stóð á óhlöðnum trjekassa, var fullt af eldi og ofnkolum, og ofnpípan var, eins og áður, hvergi í 8 þuml. fjarlægð frá trjeinu í kringum hana. Nefndin ljet þegar taka eldinn úr eldstónni, og bannaði Þórði stranglega, að nota hana fyr en hann hefði látið svo um hana sem slökkviliðsstjóranum þætti

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

viðstaddur. Þórði var jafnframt gefið til kynna, að ~~mál~~ hann yrði látinn sæta sektum fyrir brot gegn brunamálasamþykktinni og óhlýðni við brunamálanefndina.—

Fundi slitið

Halldór Daníelsson G. Gunnarsson

K. Zimsen Helgi Helgason Ólafur Ólafsson

Ár 1908 hinn 14. septbr. átti eldsvoðanefndin fund með sjer. Var þetta gjört

1° Borgarstjóri skýrði frá að hann eptir væntanlegt samþykki brunamálanefndarinnar hefði, í samráði við slökkviliðsstjórann skipað Knud Zimsen verkfræðing sem eptirlitsmann með acetylengasstöðvum hjer í bænum. — Brunamálanefndin samþykkti ráðstöfun þessa.

2° Útaf erindi frá Jóh. Kr. Jóhannessyni, er bæjarstjórnin hafði vísað til álita brunamálanefndarinnar leggur nefndin [að fengnu áliti eptirlitsmanns Kn. Zimsen] það til að honum verði leyft að hafa acetylenlýsingu í húsinu No 17 við Laugaveg, þó að því áskildu, að fullnægt verði öllum skilyrðum þeim, er reglugjörð 30 desbr. 1903 fyrirskipar og hlýti hann þar fyrirmælum eptirlitsmanns.

3° Lagt til að Bened. S. Þórarinssyni verði skipaður varasveitarhöfðingi við slökkviliðið í stað Rostgaards, sem nú er farinn af landi burt.— og Kjörg verkfræðingur sem

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

sveitarhöfðingja yfir vatnsbreiðarliðinu
Fundi slitið
Páll Einarsson  Sighvatur Bjarnason
Kl... Zimsen  Kristján Þorgrímsson

Ár 1908 þ. 16. okt. átti eldsvoðanefndin fund með sjer. Á fundinum gjörðist þetta:
1, var lögð fram beiðni frá Axel Malm verkfræðing frá Kaupmannahöfn um að mega setja upp acetylengasstöðvar til að lýsa með Iðnaðarmannahúsið við Vonarstræti og hús Slippfjelagsins við Mýrargötu. Nefndin veitti þessi leyfi samkvæmt skriflegum tillögum verkfræðings Knud Zimsen með þeim skilyrðum að því er Iðnaðarmannahúsið snertir, að útgöngudyr verði settar á suðurhlið leiksalsins sem mest niðri, að hurðir á öllum útidyrum hússins bæði frá leiksalnum og þjónarsviðinu falli út, sem og miðhurðin út frá þjónarsviðinu, og að sjálfsögðu með því skilyrði, að báðar gas-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

stöðvarinnar og útbúninginn allan full-
nægi ákvæðum reglugjörðar 30. des.
1903 og ber í þeim efnum að öllu leyti
að hlýða fyrirmælum eptirlitsmanns-
ins. Enn var það áskilið, að eigendur
beggja húsanna skyldu vera skyldir
til að greiða hækkun þá á brunabóta-
gjaldi, er leiða kynni af hinu nýja
ljósi fyrir nágranna þeirra. –

2, Formanni falið að útvega eptirlits-
fyrir nefndarinnar hönd reikninga
eptirlitsmanns fyrir starf hans sam-
kvæmt reglugjörðinni um notkun
acetylengasgerðarstöðva o. s. frv. –

Fleira gjörðist ekki.

Fundi slitið

Páll Einarsson

Lárus Bjarnason Sighvatur Bjarnason

Kristján Þorgrímsson

Ár 1904, föstudaginn hinn 14. maí átti slökkviliðsnefndin
fund með sjer í skrifstofu bæjarfógeta.

Allir á fundi nema Magnús Blöndal

I. Samþykkt að veita Þórarni [illegible]
stjórnar leyfi til þess að nota acetylen til lýsingar í
húsi hans, samkvæmt meðmælum Kr. Zimsens
eptirlitsmanns bæjarins, þó með þeim skilyrðum,
sem sett voru fyrir líku leyfi 16. okt. f. á.

II Þá var samþykkt að fela borgarstjóra að semja
uppkast til erindisbrjefs fyrir sótara bæjarins.

III Ákveðið að halda slökkviliðsæfingu í Maímánuði.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

eptir nánari ákvæði slökkviliðsstjóra.

Fundi slitið

Páll Einarsson   [illegible] Bjarnason

Sighvatur Bjarnason   Kristján Þorgrímsson

Ár 1909 miðvikudaginn hinn 19. Maí átti eldsvoðanefndin fund með sér á skrifstofu bæjarstjóra. Allir nefndarmenn viðstaddir nema Sighv. bankastjóri Bjarnason.

Lagt fram bréf frá Guðm. Gíslasyni, Fríkirkjuvegi nr. 3, dags. 20. ~~þ. m.~~ marz þ. á. um Cooker-stykk úr bæjarsjóði til þess að afla sér fræðslu og æfingar erlendis ~~um~~ í slökkviliðsstörfum. Nefndin þóttist ekki geta lagt með beiðninni að svo stöddu.

Þeir Sighv. bankastjóri Bjarnason og Kr. Þorgrímsson konsúll voru kosnir til þess að íhuga tiltækilegar breytingar á fyrirkomulagi brunamála, og leggja fyrir nefndina frumvarp til reglugjörðar þar að lútandi og uppástungur til breytinga á slökkviliði og slökkviáhöldum.

Líka lagði nefndin til að bæjarstjóra og slökkviliðsstjóra væri falið að kaupa 4 slökkviáhöld (Minimax?), er hæfi brunaliðinu.

Sighv. bankastjóri mætti í lok fundarins.

Fundi slitið

Páll Einarsson

[illegible] Bjarnason   Magnús Blöndahl

Kristján Þorgrímsson   Sighvatur Bjarnason

Þann 8. júlí 1909 var samþykkt að leyfa Gunnari kaupmanni Einarssyni að gjöra reykofn í sláturhúsi sínu á Norðurstíg 4.

Páll Einarsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1909, laugardaginn 14. Ágúst átti brunamála-nefndin fund með sjer á skrifstofu bæjarstjóra. Auk bæjarstjóra voru staddir þar Lárus Bjarnason og Gunnar Olsen í fjarveru slökkvistjóra.

Fram var lögð beiðni kaupmanns Gunnars Gunnarssonar um að mega geyma nokkur hundruð föt af steinolíu á afviknum stað við sjóinn niður undan Kaupangi.

Bæjarstjóri og G. Olsen vildu veita hið umbeðna leyfi að því tilskildu að olían verði geymd í lokaðri girðingu, að standur sje grafinn með fram steinunum að neðanverðu, að ekki sje geymd fleiri en 350 föt í einu og að steinolía sje ekki geymd þar lengur en til loka þessa árs.

Lárus Bjarnason var beiðninni mótfallinn meðal annars vegna þess að fleiri munu á eptir fara með líkar beiðnir ef þessi verði veitt.

Sighv. Bjarnason mætti nú á fundinum og tjáði sig beiðninni eptir atvikum fylgjandi.

Fundi slitið

Páll Einarsson

L. H. Bjarnason Sighvatur Bjarnason G. Olsen.

Ár 1909, þriðjudaginn hinn 21. Desember átti brunamálanefndin fund með sjer á skrifstofu bæjarstjóra. Allir á fundi nema Sighvatur Bjarnason.

1. Samþykktir uppdrættir að geymsluhúsi Steinolíu-fjelagsins í Melunum eptir skoðun bæjarstjóra og slökkvistjóra á því.

2. Fram lögð kæra 6 bæjarmanna út af geymslu Steinolíufjelagsins á sínum steinolíutunnum í Þingholtsstræti. Nefndin ákvað, að fjelagið mætti til bráðabirgða og meðan slökkvistjóri leyfir geyma þar allt að 100 tunnur, en ekki meir.

Sighv. Bjarnason mætti er [illegible]

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

3. Ákveðið að láta umsóknir um sótaraembættið ganga á milli nefndarmanna. Jafnframt var samþykkt að setja skyldi sóturunum erindisbréf, er borgarstjóri undirbúi ásamt slökkviliðsstjóra og með brunamálastjóra [illegible] hann til þess. Frumvarpið gangi síðan milli nefndarmanna.

4. Ákveðið var að halda slökkviliðsæfingar nú milli jóla og nýjárs, og lofaði slökkviliðsstjóri að svo skyldi verða.

Fundi slitið

Páll Einarsson

[illegible] Magnús Blöndahl Sighvatur Bjarnason

Kristján Þorgrímsson

Ár 1910 hinn 17. janúar átti brunamálanefndin fund með sér á skrifstofu borgarstjóra. Allir á fundi nema Lárus Bjarnason.

Þetta var gjört:

1° Nefndin ákvað að mæla með því, að af þeim 57 mönnum, sem sókt hafa um sótarastöðu þá, sem nú er laus verði þessir 4 í kjöri:

1° Andrés Þorláksson, Litla Bergi
2° Magnús Magnússon, Frakkastíg 20
3° Sigurgeir Jóhannsson, Laugaveg 75
4° Amundi Einarsson, Vesturgötu 24

2° Settur sótari: Páll Ólafsson kvartar yfir því, að slökkviliðsstjóri Kr. Þorgrímsson hafi eigi tekið til greina kærur yfir slæmum frágangi á eldfærum á 6 tilteknum stöðum. – Slökkviliðsstjóri neitar því, að

síðan Sólon hafi leitt fram eptir vitnunum
af hinum tilgreindu mönnum, annan en
Odd Helgason, er hvergi hefur komið neinn
framburð eða rannsókn útaf brjefi þessu.

3° Lagt fram erindi frá herra M. Hjaltasyni bakara, þar sem hann fer fram á, að leyfi verði veitt til að setja bakaraofn í húsið No 48 við Vesturgötu hjer í bænum. — Slökkviliðsstjóri hafði nýskoðað húsið og skýrir svo frá, að húsið sje mjög óhentugt til bakaraiðnar, að ýmsu leyti. — Samkvæmt þessum upplýsingum frá slökkviliðsstjóra, sem nefndin álítur á rökum byggt, eptir því sem hún þekkir til, getur nefndin eigi lagt það til að hið umbeðna leyfi verði veitt, í öllu falli ekki nema gagngjörð breyting verði gjörð á eldstæðum í húsinu.

4° Lagt fram frumvarp til nýrrar reglugjörðar um brunamál í Reykjavík, samið af þeim Sighv. Bjarnasyni og Kr. Þorgrímssyni (sbr. fund 19. maí þ. á.) — Frumvarpið skyldi ganga milli hinna nefndarmannanna.

Fundi slitið

Páll Einarsson

Sighvatur Bjarnason   Magnús Blöndahl   Kristján Þorgrímsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1910, þriðjudaginn hinn 15. Febrúar átti brunamálanefndin fund með sjer á skrifstofu borgarstjóra.
Allir á fundi.

Próf út af brunanum í Þingholtsstræti aðfaranótt 22. f.m. höfðu gengið milli nefndarmanna.

Eptirfarandi ályktanir voru gjörðar:

1. Það er upplýst, að sumir af næturvörðunum, er eiga að bera á sjer lykla bæði að brunaboðunum og að brunatólahúsunum, hafi ekki haft lyklana á sjer, og að næturvörður sá, er fór að vekja slökkviliðsstjóra, hafi ekki rækt það erindi ólastanlega.

   Út af þessu samþykkt að fela bæjarstjóra að biðja lögreglustjóra að brýna fyrir lögregluþjónum bæjarins þær skyldur, er á þeim hvíla út af brunamálum.

2. Þá var samþykkt að setja nú þegar rafmagnsbjöllu á hús slökkviliðsstjóra og spjald er segi til, til hvers bjallan sje. Ráðstöfun þessi sje auglýst í blöðunum og eptir atvikum á annan hátt.

3. Samþykkt að panta nú þegar 4×25 stikur af samskonar slöngum og síðast voru pantaðar.

4. Brunamatarar voru ~~skipaðir~~ tilnefndir: Hallgrímur Benediktsson, Guðmundur Stefánsson og Sigurjón Pjetursson

5. Var ákveðið að halda slökkviæfingu innan loka þ.m. og síðan 3. hvern mánuð. Æfingar fari fram með hverri deild liðsins sjerstaklega og síðan í sameiningu með öllu liðinu.

6. Loks var samþykkt að fara fram á það við bæjarstjórnina, að fá mann úr brunaliði Kaupmannahafnar, aðstoðarmann eða yfirliða, til þess að leggja á ráð um nýtt skipulag á slökkviliði bæjarins og ráða þetta leiðtoganda og fyrirlitt hans skipulagi í liðið og æfa það

Fundi slitið

Páll Einarsson

Sighvatur Bjarnason Kristján Þorgrímsson [illegible] Bjarnason

Ár 1910 þriðjudaginn hinn 22. dag Febrúarmánaðar átti brunamálanefndin fund með sjer á skrifstofu borgarstjóra. Allir nefndarmenn á fundi og auk þess varaslökkviliðsstjóri Guðmundur kaupmaður Olsen.

Eptirfarandi mál komu til umræðu.

1. var framlagt brjef Kristjáns kaupm. Þorgrímssonar dags. 17. þ. m., en með brjefi þessu segir Kr. Þorgrímsson af sjer slökkviliðsstjórastarfinu. Brjefið var framlagt á síðasta bæjarstjórnarfundi og hafði bæjarstjórnin tekið lausnarbeiðninni.

2. upplýstist það á fundinum, að settur slökkviliðsstjóri G. Olsen hafði um miðjan Okt. síðastliðinn með leyfi ~~[illegible]~~ borgarstjóra lánað Jeppesen nokkrum fyrir hönd Kjötf. slökkviliðsmanna leðurslöngu frá slökkviliðinu, er ekki hefur verið skilað. Nefndin fól borgarstjóra að ganga eptir slöngunni eða bótum fyrir hana, og ákvað að ekki mætti framvegis lána neitt á höld slökkviliðsins.

3. Þá var borgarstjóra falið að leggja það til við bæjarstjórnina í nafni nefndarinnar, að Guðm. Olsen verði skipaður slökkviliðsstjóri til bráðabirgða frá 1. þ. m., en þá hjet G. Olsen á fundinum að taka við starfinu. Jafnframt lagði nefndin til, að Pjetur Ingimundarson trjesmiður verði skipaður varaslökkviliðsstjóri til bráðabirgða.

4. ákvað nefndin að fela Gísla Finnssyni járnsmið eptirlit með brunahönunum í Vesturbænum, Bjarnhjeðni Jónssyni járnsmið í Miðbænum, Helga Magnússyni járnsmið í Þingholtunum og Kristjáni Kristjánssyni járnsmið í Skuggahverfi.

Menn þessir hafi allir lykla að brunahönunum og gæti þess sjerstaklega að hreinsa hanana, þegar búið er að nota þá og leggur nefndin til að þeim sje greidd þóknun fyrir starfann. Ennfr. var ákveðið að panta 4 pumpur til brunahananna.

5. Nefndin telur ekki viðlit, að setja niður brunasíma fyr en framtíðarskipulag á brunamál bæjarins, sjerstaklega ákveðin brunastöð o. fl. En vill hinsvegar fjölga brunaköllurum, setja nafnspjöld á hús þeirra og spjöld við og auglýsa viðstaðfang það í blöðunum. Í Vesturbænum voru tilnefndir þeir Bjarni Pjetursson blikksmiður og Árni Árnason, Hausbæ, í Miðbænum: Eiríkur Bjarnason járnsmiður, í Þingholtunum: Magnús Guðmundsson [illegible]

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

og í skuggahverfinu: Lúðvík Jakobsen bókbindari.

6. var lagt fyrir slökkviliðsstjóra að gjöra tillögur til lögreglustjóra um skipun lögregluliðs í slökkviliðinu.

7. var hinum nýja slökkvistjóra falið að gjöra sem fyrst tillögur um skipun nægilega margra manna í hverja deild slökkviliðsins.

8. var slökkvistjóra sjerstaklega falið að gjöra tillögu sem allra fyrst um skipun 10-12 fastra manna við slöngurnar og honum jafnframt heimilað að greiða hverjum þessara manna alt að 30 aur borgun fyrir hverja klukkustund æfinga.

Fundi slitið

Páll Einarsson [illegible]

Sighvatur Bjarnason Magnús Blöndahl

Kristján Þorgrímsson

Ár 1910 þ. 6. apríl kom brunamálanefndin saman á fund á skrifstofu borgarstjóra. Á fundinum voru auk borgarstjóra að eins mættir bæjarfulltrúi M. Kr. Blöndahl og slökkviliðsstjóri G. Olsen. Gjörðist það sem hjer segir:

1.

Lagt fram brjef frá slökkviliðsstjóra Kaupmannahafnar dags. 9. þ. m., sem er svar hans við málaleitun borgarstjóra, að hann útvegi hingað æfðan mann til að æfa hjer slökkvilið og leggja ráð á um nýja skipun slökkviliðsins. Leggur slökkviliðsstjóri Kaupmannahafnar það til, að hingað verði fenginn æfður maður úr slökkviliði Kaupmannahafnar að eins mánaðartíma o.s.fr. og er svo á brjefinu að skilja, að slíkur maður muni geta

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

fengist, ef honum verði greidd 500 kr. laun, og að andi ókeypis ferð fram og aptur. —

Nefndin leggur til að fylgt sje ráðum slökkviliðsstjóra Kaupmannahafnar og að bæjarstjórnin veiti nægilegt fje til þess að fenginn sje hingað þegar á þessu vori æfður maður úr slökkviliði Kaupmannahafnar. —

2.

Samkvæmt tillögum slökkviliðsstjórans leggur nefndin til, að eptirgreindir menn verði skipaðir embættismenn í slökkviliðinu sem hjer segir:

Jóhannes Lárusson trjesm. undirsveitarhöfðingi í slökkviliði

Erasmus Elíasson Do Do Do

Sigurður Halldórsson, trjesm., yfirmann við lekana.

Hjalti Sigurðsson, factor flokksstjóri við sprautu Nr. 2

Magnús Magnússon, kennari, flokksstjóri við sprautu Nr. 1

Sigurður Þorsteinsson, deildarstjóri við sprautu Nr. 1

Lúðvig Hafliðason, kaupm. flokksstjóri við sprautu Nr. 1

Ari B. Antonsson flokksstjóri við sprautu Nr. 3

Jóhannes Magnússon, verzlunarm. við sprautu Nr. 3

Björn Rósenkranz, kpm flokksstj. við sprautu Nr. 4

Ingvar Pálsson, kaupm. Hverfisg. flokksstj. við sprautu Nr. 4

Guðm. Magnússon, Grjótag. 14, Brunaköllari fyrir Miðbæinn

Árni Jónsson, verzlm. Laugav. 37, flokksstj. í Bjargliðinu

Kristófer Egilsson, járnsm. Vesturg. 52 yfirmann við sjálfstæða stigann

Fleira gjörðist eigi

Fundi slitið

Páll Einarsson

Magnús Blöndahl G. Olsen

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1910 þriðjudaginn 19. apríl átti brunamálanefndin fund með sjer á skrifstofu bæjarstjóra. Allir á fundi nema Ásmundi Sveinbjarnarsyni.

Nefndin hreyfði með þeim hætti að Halldórsgerði er fallið það úr uppástungum nefndarinnar til bæjarstjórnar, Magnúsi Magnússyni og Gunnari Magnússyni, með því að mótbárur bæjarstjórnar um aðrar en 2 síðarnefndu munu hafa verið byggðar á ekki nægri þekkingu á högum þeirra. Loks stingur nefndin upp á Bendtsen varaslökkviliðsstjóra ~~(og Möller varaslökkviliðsstjóra í stað B.)~~ í stað Lúðvíks Hafliðasonar og Möller varaslökkviliðsstjóra eða Egil Jacobsen kaupmann í stað B. Rosenkranz.

Mælt með því að Bergljótu Guðmundsdóttur verði veittar 13 kr. úr bæjarsjóði fyrir lækni í síðastliðnum fæðingum.

Fleira ekki fyrirtekið
Fundi slitið

Páll Einarsson

Sveinbjarnarson Magnús Blöndahl G. Olsen

Ár 1910, þriðjudaginn hinn 27. september átti brunamálanefndin fund með sjer á skrifstofu bæjarstjóra. Allir á fundi nema Magnús Blöndahl. Auk nefndarmanna mætti slökkviliðsstjóri og vara-slökkviliðsstjóri.

Fram var lagt erindi Kiestedt brunastjóra dags. 12. júlí þ. á. Var það rætt bæði yfirleitt og í einstökum atriðum og samþykkt hugir allra að því að fylgja sem mest tillögum hr. Kiestedt.

Páll Einarsson Sveinbjarnarson

Ásmundur Sveinbjarnarson Magnús Blöndahl G. Olsen

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1910, fimmtudaginn hinn 27. Október átti brunamála-nefndin fund með sjer á skrifstofu bæjarstjóra. Allir á fundi nema M. Blöndahl.

Brunamálanefndin leggur til að bæjarstjórnin útvegi með láni alt að 30000 kr. til byggingar á brunastöð og ~~útbúnaðar~~ til þess að koma brunamálum bæjarins í sæmilegt og viðunanlegt horf.

Fundi slitið

Páll Einarsson

Arinbj. Sveinbjarnarson. / Lárus Bjarnason / G. Olsen.

Ár 1911 þ. 13. febr. var fundur haldinn í bruna-málanefndinni. Allir mættir nema Lárus H. Bjarnason og Magnús Th. Blöndahl.

1) Tilkynnt var brjef hlutafjelagsins "Völundur" dags. 11. þ.m., um að til-boð fjelagsins um sölu lóðar við Vonar-stræti "standi ekki lengur en til 14. þ.m. –

2) Tilkynnt brjef frá Dansk Tarifforening dags. 1. þ.m. um niðurfærslu á vátryggingargjaldi. –

Fleira gjörðist ekki. –

Fundi slitið

Páll Einarsson.

Arinbj. Sveinbjarnarson. G. Olsen.

Pjetur Ingimundarson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1911 þ. 17. júlí kom brunamálanefndin saman á fund á skrifstofu borgarstjóra. Allir nefndarmennirnir komu á fundinn. Auk þess voru til staðar bæjarverkfræðingurinn og varaslökkviliðsstjórinn. Bæjarfulltrúi Lárus H. Bjarnason fór af fundinum áður en honum var lokið. – Gjörðist þá það er hjer segir á fundinum. –

1º

Lagt var fram og rætt var frumvarp til nefndarálits viðvíkjandi framkvæmd á umbótum þeim, er verkfræðingur Ørsted hefur lagt til að gjörðar verði á brunamálefnum kaupstaðarins og samþykkti nefndin frumvarpið, og leggur samkvæmt því til, að bæjarstjórnin feli brunamálanefndinni

að láta byggja brunasíma með miðstöð á aðalstöð bæjarsímans og gjöra samninga þar að lútandi við símastjórnina. –

að byggja aðalbrunastöð á grunni þeim, er bæjarstjórnin ákveður og gjöra alla samninga þar að lútandi.

að láta byggja slökkvitólahús í vesturbænum og kaupa grunn undir það –

að kaupa brunaáhöld þau og tæki, sem tilgreind eru undir 3ja lið í nefndarálitinu.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

2°

Voru lögð fram tilboð þau, er útveguð höfðu verið um sölu á grunni undir aðalbrunastöðina. Fól nefndin borgarstjóra að leita ennfremur sölutilboða á Brunnhúsalóðinni og lóðinni nr. 6 og 8 við Tjarnargötu. Ákvað nefndin að leggja svo öll tilboðin fyrir bæjarstjórnina á næsta fundi. –

3°

Bæjarverkfræðingurinn hjet uppi þá ósk á fundinum, að hann ekki þyrfti að taka við slökkviliðsstjórastarfinu fyr en 1. oktober næstkomandi, og ætlar hann fyrir næsta bæjarstjórnarfund að færa skriflega rök fyrir þessari ósk sinni. – Nefndin ákvað að leggja þessa beiðni bæjarverkfræðingsins undir úrslit næsta bæjarstjórnarfundar. –

4°

Var lagt fram brjef frá brunamálastjóranum þar sem hann fer þess á leit fyrir hönd hins almenna brunabótafjelags kaupstaðanna, að lagt verði fyrir slökkviliðið að ausa burtu vatni úr húsum eptir bruna. Nefndin telur sjálfsagt að verða við þessari ósk brunabótafjelagsins og leggja fyrir slökkviliðið að gjöra þetta í hvert skipti eptir bruna. –

Fleira gjört –

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

ist ekki. –

Fundi slitið. –

Páll Einarsson

Ásmundur Sveinbjarnarson  Magnús Blöndahl

G. Olsen.

Ár 1911 þ. 27. júlí kom brunamálanefndin saman á fund á skrifstofu borgarstjóra. Allir nefndarmennirnir á fundi, nema bæjarfulltrúi L. H. Bjarnason. Bæjarverkfræðingurinn og vatnsveitustjóri liðsstjórinn. –

Voru lagðar fram teikningar þær, af fyrirhugaðri aðalbrunastöð, er gjörðar hafa verið að tilhlutun nefndarinnar. Var rætt um fyrirkomulag stöðvarinnar og teikningarnar og þær afhentar bæjarverkfræðingnum til athugunar og til þess að hann komi fram með tillögur sínar um byggingu stöðvarinnar.

Fleira gjörðist ekki. –

Fundi slitið. –

Páll Einarsson

Ásmundur Sveinbjarnarson  Magnús Blöndahl

G. Olsen.  B. Jónsson.

Pjetur Ingimundarson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1911 þ. 23. ágúst átti brunamálanefndin fund með sjer á skrifstofu borgarstjóra. Allir mættu á fundinum, en bæjarfulltrúi Lárus H. Bjarnason fór af fundi áður en byrjað var að ræða fundarefnið. Sagðist ekki hafa tíma til að bíða eptir þeim nefndarmönnunum, er ekki stundvíslega mættu. –

Bæjarverkfræðingurinn var og mættur og voru lagðar fram teikningar hans að fyrirhugaðri aðalbrunastöð og lýsing á henni. – Kostnaðaráætlun fylgdi ekki áætlun bæjarverkfræðingsins, en henni lofaði hann fyrir kl. 7. næsta dag. Var því samþykkt að koma þá saman á skrifstofu borgarstjóra til þess að gjöra ályktun í málinu. –

Fundi slitið

Páll Einarsson
Arinbj. Sveinbjarnarson

Magnús Blöndahl
G. Olsen.
K. Zimsen.
Pjetur Ingimundarson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1911 þ. 24. ágúst kom brunamálanefnd- in á fund á skrifstofu borgarstjóra. Allir nefndarmennirnir á fundi nema Lárus H. Bjarnason. Á fundinum var einnig mættir bæjarverkfræðingurinn og vatnsleiðslu-stjóri Pjetur Ingi- mundarson. Gjörðist þá það er hjer segir. –

1°

Lagðar voru fram á ný teikningar bæjarverkfræðingsins og Pjeturs Ingi- mundarsonar að aðalbrunastöðvar- húsi, og áætlun bæjarverkfræðingsins yfir byggingarkostnaðinum eptir hans teikningu. Er áætlunarupphæð hans 10800 kr.

Samþykkti nefndin að bjóða út bygginguna eptir báðum teikning- unum, þó þannig að turninn á byggingunni eins og hann er áætlað af Pjetri Ingimundarsyni verði 40 fet frá grunni í staðinn fyrir 60 fet. Útboðsfrestur sje settur svo, að tilboð- in verði komin til brunamálanefndar 2 dögum fyrir næsta bæjarstjórnarfund. Verða svo tilboðin lögð fyrir bæjar- stjórnina, er svo ákveður eptir hvorri teikningunni skuli byggja. –

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

var lagt fram brjef frá Gísla járnsmið Finnssyni dags. 19. þ. m., en í því beiðist hann lausnar frá þeim starfa að hafa eptirlit með brunahönunum í Vesturbænum. Veitti nefndin honum lausn frá starfa þessum og útnefndi í hans stað Kristofer Egilsson járnsmið Vesturgötu 52 til að gegna starfanum. –

Fleira gjörðist ekki
Fundi slitið

Páll Einarsson Arinbj. Sveinbjarnarson
Magnús Blöndahl B. Jensson G. Olsen
Pjetur Sigmundsson

Ár 1911 þ. 31. ágúst kom brunamálanefndin á fund. Allir nefndarmennirnir á fundi og bæjarverkfræðingurinn og varaslökkviliðsstjórinn. –

Lögð voru fram frumvörp til útboðsskilmála fyrir byggingu aðalbrunastöðvarinnar við Tjarnargötu. Voru þau samþykktir af nefndinni með þeirri breytingu, að tímafrestunum í síðasta kafla skyldi breytt þannig að dagarnir verði: 30. sept., 10. nóv og 30. nóv. – og að iðlráða dagsekt skyldi verktakandi greiða, ef verkinu ekki verð

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

lokið,
2 á Teikningum lögum. Ennfremur var samþykkt að eldvarnarveggur skyldi vera að norðan, ef byggt yrði eftir teikningu Pjeturs Ingimundarsonar og þá byggt á lóðarmörkum að norðan.-

Skyldu tilboð komin til borgarstjóra ekki seinna en næsta þriðjudag kl. 12 og ákveðið var að halda næsta brunamálanefndarfund þann dag kl. 5 e. h. á sama stað og nú.-

Fundi slitið

Páll Einarsson

Árni Sveinbjörnsson

Magnús Blöndahl

[illegible]

G. Olsen

Ár 1911 þ. 5. sept. kl. 12 á hádegi var borgarstjórinn til staðar á skrifstofu sinni til þess að opna tilboð þau, er komið höfðu um bygginguna aðalbrunastöðvarhússins.-
Alls höfðu komið 5 tilboð, er voru opnuð í viðurvist 4 frambjóðenda og bæjarverkfræðingsins og reyndust tilboðin að vera þessi:

1, Frá Halldóri M. Olafssyni, Teikn. bæjarverkfr. 29800
2, - Pjetri Ingimundarsyni og Sigurði Jónssyni:
a, Teikning bæjarverkfræðing - 16480 kr.
b, - - Pj. Ingimundarsonar 12400 -

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

3, Frá Finni O. Thorlacius og Einari Erlendssyni: Teikning bæjarverkfr. – kr. 19426.26

4, Frá Kristni Sigurðssyni: Teikning bæjarverkfræðingsins – – 18750.00

5, Frá Jóni Zoëga (ótiltekin teikning) – 15480 –

Tilboðin voru öll lesin upp í heyranda hljóði. –

Páll Einarsson

B. Jónasson.

Ár 1911 þ. 5. september kom brunamálanefndin saman á fund á skrifstofu borgarstjóra. Allir nefndarmenn, nema Magnús Blöndahl, á fundi. Bæjarverkfræðingurinn var og mættur. –

Lögð voru fram tilboð þau, er komið höfðu í bygginguna brunastöðvarinnar. Lagt var fram brjef bæjarverkfræðingsins dags. í dag, en í brjefi þessu leggur hann til að hafnað verði öllum tilboðunum og að bærinn láti byggja stöðina undir hans umsjón og eptir hans teikningu. Tekur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

hann það fram, að hann treysti sjer til að láta byggja slökkvarliðshúsið eptir sínum uppdrætti fyrir 10600 kr., samkvæmt tilboðinu.

Nefndinni þótti varhugavert að ganga móti tillögum bæjarverkfræðingsins og leggur því til, að bæjarstjórnin samþykki hana, enda gengur nefndin út frá, að seinna verði bætt þeirri kvöð við bygginguna, ef það verður álitið nauðsynlegt.

Fundi slitið.

Páll Einarsson
Arinbj. Sveinbjarnarson, L. H. Bjarnason. G. Olsen
B. Jónasson.

Ár 1911 þ. 22. desember átti brunamálanefndin fund með sjer á skrifstofu borgarstjóra. Allir á fundi nema L. H. Bjarnason. Fór þá fram það er hjer segir:

1°

J. Aall. Hansen biður um að fá leigðan grunn undir geymsluhús fyrir sprengiefni. Nefndin leggur til að umsækjanda verði leigður grunnur undir

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

geymsluhúsið í námunda við púðurgeymsluskúra landssjóðs og bæjarins í Rauðarárholtinu norðanverðu. Bæjarverkfræðingnum falið að ákveða staðinn nánar. Grunnurinn sje leigður með því skilyrði, að geymsluhúsið verði flutt burt hvenær sem þess verður krafist af brunamálanefndinni. —

2°

Bæjarverkfræðingurinn leggur fram lauslega áætlun yfir kostnað við brúlegginguna og uppfyllingu lóðar við slökkvistöðvarhúsið, vatnsleiðslu og skolpræsi með vatnssalerni í húsið og eldhúsi og ennfremur gasleiðsla með áhöldum. Er kostnaðaráætlunin alls 1680 kr. þar af til gasáhaldanna 350 kr. — Að undanteknum hinum áætlaða lið til gasáhaldanna samþykkti nefndin að verja mætti allt að áætlunarupphæðinni til þess er að framan greinir. —

3°

Var ákveðið að byggja slökkvitólahúsið í vesturbænum á horni ~~Holtsgötu~~ Brekkugötu og Framnesvegar á lóð bæjarins þar, og bæjarverkfræðing falið að gjöra teikningu af húsi þessu og undirbúa byggingu þess. —

4°

Bæjarverkfræðing falið að gjöra áætlun

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

um lagning brunasímans og undirbúa lagningu hans sem fyrst. –

5º

samþykkt að panta 2 slönguvagna A. og B. og annast borgarstjóri það. –

Fleira gjörðist ekki. –

Fundi slitið

Páll Einarsson Magnús Blöndahl

Arinbj. Sveinbjarnarson B. Jónasson

Ár 1912 þ. 30. jan. kom brunamálanefndin saman á fund á skrifstofu borgarstjóra. Allir á fundi. Gjörðist þá það er hjer segir:

1º

Bæjarverkfræðingurinn leggur fram teikningar af fyrirhuguðu slökkvitólahúsi á horni Frammnesvegar og Bræðraborgarstígs. Er ætlast til að húsið verði 9.5 metrar á lengd og 7.5 metrar á breidd, byggt úr steinsteypu. Nefndin er því samþykk að húsið verði byggt úr steinsteypu og leggur til að bygging hússins verði boðin út. –

2º

Bæjarverkfræðingurinn lagði ennfremur fram uppdrátt af fyrirhuguðum brunasíma og lýsingu á honum. Leggur nefndin til

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

að bygging hússins verði boðin út. –

3°

Var lögð fram umsókn frá Sigurjóni Pjeturssyni um að fá 500 króna styrk til þess að læra nýjustu aðferð við að slökkva og bjarga, með og skuldbindur umsækjandi sig til þess að kenna slökkviliðinu hjer, eptir að hann er hingað kominn aptur að ári liðnu. Samþykkt með 4 atkvæðum gegn 1 að mæla með því að umsækjanda verði veittur 400 kr. styrkur til þessa, en með því skilyrði að hann taki að sjer varaslökkviliðsstjórastarfið og hafi það á hendi eptir að hann er kominn heim aptur. –

4°

Var rætt nokkuð um skipun slökkviliðsins. .

Fleira gjörðist ekki
fundi slitið

Páll Einarsson  Kr. Zimsen
Arinbj. Sveinbjarnarson  B. Jónsson.

Þann 13. febr. 1911 var nefndin, boðuð til fundar á skrifstofu borgarstjóra. Mættir voru auk borgarstjóra, bæjarfulltrúi Arinbjörn Sveinbjarnarson og slökkviliðsstjórinn. Átti að ræða um útboð á brunaslöngum og byggingu slökkvitólahúss í Vesturbænum o.m. En hinir mættu nefndarmenn komu sjer saman um að fresta að gjöra ályktun um þetta þar til að nefndarkosning hefur farið fram á næsta bæjarstjórnarfundi.

Fundi slitið
Páll Einarsson
Arinbj. Sveinbjarnarson. B. Jónasson.

Ár 1912 þ. 16. febr. kom brunamálanefndin saman á fund á skrifstofu borgarstjóra. Mættir voru allir nefndarmennirnir nema Arinbjörn Sveinbjarnarson. – Gjörðist þá það er hjer segir:

1°

Bæjarverkfræðingurinn lagði fram teikningar af fyrirhuguðu slökkvitólahúsi í Vesturbænum og útboðsskilmála. Hvorttveggja var samþykkt og útboðið ákveðið.

2°

Bæjarverkfræðingurinn lagði ennfremur fram skilmála fyrir útboð á byggingu

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

brunastöðina. Útboðsskilmálarnir voru samþykktir og ákveðið að auglýsa útboðið í blöðum hjer í bænum.-

3°

Samþykkt að leggja gasleiðslu í geymsluherbergi, vinnustofur og skrifstofuherbergin í slökkvistöðinni.-

4°

Samþykkt að leggja einnig linoleum á gólf í skrifstofuherbergjum bæjarverkfræðingsins í slökkvistöðinni og á stigann upp á loptið.-

Fleira gjörðist ekki.-
Fundi slitið
Páll Einarsson
Hannes Hafliðason Jón Þorláksson.
Bjarnason.

Ár 1912 hinn 1. marz kl. 12 á hádegi voru opnuð tilboð þau, er komið höfðu til borgarstjóra um byggingu slökkvistöðvarhúss í Vesturbænum. Als höfðu komið 4 tilboð og voru þau opnuð á skrifstofu borgarstjóra að viðstöddum bæjarverkfræðingnum og 3 af þeim er tilboð höfðu sent. Tilboðin reyndust að vera þessi:

Frá Pétri Ingimundarsyni og Sig. Jónssyni Kr. 3175.00
Frá Guðna Þorlákssyni og Guðm. Guðnasyni - 3250.00
Frá Jens Eyjólfssyni og Kr. Sigurðssyni - 3415.00
Frá Helga Jónssyni Tungu - 4365.00

Tilboðin voru öll [illegible]
verka

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Upplesið samþykt: —

Páll Einarsson

B. Sveinsson

Ár 1912 þ. 4 marz kom brunamálanefndin saman á fund á skrifstofu bæjarstjóra. Allir mættir nema Jón Þorláksson. —
Gjörðist á fundinum það er hjer segir:

1°

Voru tekin til athugunar tilboð þau er gjörð hafa verið í bygging slökkvitólahússins í Vesturbænum. Lægsta tilboðið er 3175 kr. – Bæjarverkfræðingurinn álítur að húsið muni ekki kosta meira en 3000 kr. ef bærinn sjálfur byggi það. Leggur því nefndin til að öllum tilboðunum verði hafnað, og að bæjarverkfræðingnum verði falið að sjá um byggingu hússins. —

2°

Nefndin telur það heppilegt að slökkviliðsstjórinn búi á slökkvistöðinni og leggur til að bæjarstjórnin leigi honum þar 3 herbergi ásamt eldhúsi til íbúðar og ákveði leiguna á næsta fundi. —

3°

Sk. Thorsteinsson kaupmaður biður um að fá settan brunahana við fiskspurkunar-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

hús hans á Kirkjusandi. Erindið var afhent bæjarverkfræðingnum til athugunar á staðnum. Jón Þorláksson kom í fundarlok.
Fleira gjörðist ekki.
Fundi slitið
Páll Einarsson
Hannes Hafliðason Arinbj. Sveinbjarnarson
Jón Þorláksson B. Jónasson.

Ár 1912 þ. 1. maí kl. 12 á hádegi var bygganefndin til staðar á skrifstofu sinni til þess að veita viðtöku og opna tilboð í byggingu brunastöðva.
Alls höfðu komið þrjú tilboð og voru þau opnuð að viðstöddum tveimur tilbjóðendum. Reyndust tilboðin að vera frá þessum mönnum:
P. Smith, símaverkfræðing
K. Zimsen, verkfræðingi og
Halldóri Guðmundssyni, rafmagnsfræðing. -
Voru bréf þeirra lesin upp í heyranda hljóði, og tilboðin síðan afhent bæjarverkfræðingnum, til þess að hann yfirfari þau og gjöri tillögur til brunamálanefndarinnar um þau. -
Páll Einarsson
B. Jónasson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1912, hinn 6. maí hjelt brunamálanefndin fund á skrifstofu borgarstjóra. Allir á fundi

1. Bæjarverkfræðingurinn óskar eptir að fá að nota slökkvitólahúsið við Templarasund, til afnota við vinnu þá, sem fyrirhuguð er við yfirbygging Lækjarins í sumar. Ákveður nefndin því að fresta sölu hússins til haustsins, en láta þá fram fara uppboð á því.

2. Beiðni frá Hótel Ísland um samþykki brunamálanefndar til tiltekinna breytinga á salnum ~~[illegible]~~ í austurenda hótelsins var frestað, vegna ófullnægjandi upplýsinga og ófullnægjandi umsóknar.

3. Th. Thorsteinsson sækir um að settur verði brunahani með nægilegum slöngum við pakkhús hans á Kirkjusandi. Meiri hluti nefndarinnar leggur til að settur verði brunahani í nánd við húsið, gegn því að Th. Thorsteinsson leggi til nægar slöngur, svo að haninn verði notaður án þess að ná þurfi til slökkvitólja neðan úr bæ, og að hann setji slökkvitæki (vatnsslöngur) innanhúss bæði í verkafólkshúsið og pakkhúsið, eptir því sem slökkviliðsstjóri tekur gilt.

4. Frestað að gera tillögu um ~~byggingu~~ samþykt á tilboði um brunasíma.

Fundi slitið

Páll Einarsson

Arinbj. Sveinbjarnarson. Hannes Hafliðason Jón Þorláksson

B. Jónasson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1912, hinn 13. maí, hjelt brunamálanefndin fund á skrifstofu borgarstjóra.
Allir á fundi.

1. Beiðni frá Hótel Ísland um leyfi til að setja gasmótor og raflýsingaútbúnað til afnota fyrir kvikmyndaleikhús í hinum fyrverandi veitingasölum. Nefndin veitir hið umbeðna leyfi með þeim skilyrðum, að öll nánari tilhögun á þessu verði eins og slökkviliðsstjóri telur gilt, og að núverandi og síðari eigendur Hótel Íslands greiði hækkun þá á brunabótagjöldum á húsum og lausafje, sem stafa kunna af breytingu þessari, fyrir íbúa og eigendur nágrannahúsanna. Þessi kvöð skal þinglesin á kostnað núverandi eiganda Hótel Íslands.

2. Voru lögð fram hin 3 framkomnu tilboð um brunasímana. Nefndin er sammála um að velja verði milli tilboðanna frá K. Zimsen og P. Smith; tilboð Smiths er að upphæð kr. 10560,00. Tilboð K. Zimsens er nokkru lægra, en með því að verð á sumum liðum hjá honum er ekki fast heldur miðað við gangverð, og með því að nokkur atriði vantar í það, sem nauðsynlegt er að kaupa, er ekki hægt að segja með nákvæmri vissu hver tilboðsupphæðin er. Slökkviliðsstjórinn hefur mælt með því að tilboði P. Smiths verði tekið. Meiri hluti nefndarinnar hallast þó fremur að tilboði K. Zimsens. Tilboðin verða lögð fyrir bæjarstjórnina

Allir á fundi

Fundi slitið.

Páll Einarsson

Hannes Hafliðason Jón Þorláksson

Ásmundur Sveinbjarnarson [illegible]

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1912 þ. 27. júlí kom brunamálanefndin saman á fund á skrifstofu borgarstjóra. Á fundinum vantaði Jón Þorláksson og Hannes Hafliðason. –

1, Bæjarstjórnin hafði vísað til athugunar nefndarinnar að gjöra tillögur um hvernig verja skyldi Brunabótasjóði bæjarins. Var það rætt nokkuð, en frestað að gjöra um það tillögu til næsta hausts. –

2, Þess var óskað að slökkviliðsstjóri hjeldi við fyrsta tækifæri æfingu með hinum föstu mönnum slökkviliðsins og lofaði hann að gjöra það. –

3, Var rætt um lagning brunasímans. –

Hannes Hafliðason kom áður en fund var lokið. –

Fundi slitið
Páll Einarsson

Hannes Hafliðason
B Jónasson. Hinrik Sveinbjarnarson

Ár 1912 þ. 2. september kom brunamálanefndin saman á fund á skrifstofu borgarstjóra. Allir á fundi nema Jón Þorláksson. Gjörðist á fundinum það er hjer segir:

1, Var lagt fram brjef landsímastjórans dags. 8. f. m., viðvíkjandi nokkurn talsímastaura fyrir brunasímann og gagnstætt. Nefndin er samþykk tillögum landsímastjórans. –

2, Var lesin yfirlýsing stjórnar Nýja Bíó um skuldbinding til að greiða helming

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

iðgjalda í Nágrannahúsum. Nefndin tók
yfirlýsingarnar gilda.–

3, Var lesin kæra Sigurðar Benediktsson yfir
málmbræðslu Valdemars Poulsens og skýrsla
bæjarverkfræðingsins þar að lútandi. Nefndin
vill að Valdemar Poulsen verði bannað málm-
bræðsla á þessum stað, nema hann fái
sjerstakt leyfi nefndarinnar til þess, og hlýti
skilyrðum þeim, er honum verða sett.–

4, Nefndin veitti Bjarnhjeðni Jónssyni leyfi til
að nota gas-hrútar í skúr sem hann byggir
við húsið № 6 við Aðalstræti, enda taki
slökkviliðsstjóri allan umbúnað gildan
áður en mótorinn er tekinn til notkunar.

5, Nefndin tilnefndi eptir tillögu slökkviliðs-
stjóra 12 menn í miðbænum, 12 í Austur-
bænum og 12 í Vesturbænum sem fasta
liðsmenn í slökkviliðinu. Enn alls þess-
ir menn hafa lofað bæjarverkfræðingn-
um að takast starfann á hendur.
Nöfn þeirra verða innfærð hjer á eptir.–

Fleira gjörðist ekki.–

Fundi slitið.–

Páll Einarsson

Hannes Hafliðason. B. Jónasson.

Sveinbj. Sveinbjarnarson

Samkv. 5. voru þessir menn tilnefndir:

a, Í austurbænum:

1. Hjörleifur Þórðarson Þingholtsstræti 11.
2. Olafur Th. Gudmundsson Laugaveg 34 B
3. Rögnvaldur Þorsteinsson –"– 65
4, Jón Sigurðsson –"– 54

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

5. Jens Eyjólfsson Grettisgötu 11
6 Jón Ólafsson —"— 35 B
7. Kristján Jónasson —"— 32 B
8 Bjarni Sverrisson —"— 43
9. Kristófer Sigurðsson Skólavörðustig 4 A
10. Valentínus Eyjólfsson Njálsgötu 48
11. Sigurbjörn Þorkelsson —"— 44
12. Páll Magnússon Bergstaðastræti 4

b. í miðbænum

1. Bjarnhéðinn Jónsson Austurstræti 6 B
2. Ásgrímur Eyþórsson —"— 22 18
3. Björn Rósenkranz —"— 22
4. Jónas H Jonsson Bárubúð
5. Jósep Magnússon Þingholtsstræti 12
6 Lúdvig Lárusson —"— 1
7. Helgi Magnússon Bankastræti 6
8. Magnús Vigfússon Stjórnarráðinu
9. Kolbeinn Þorsteinsson Vonarstræti 2
10. Magnús Jónsson ~~Grjótagötu~~ Mjóstræti 2
11. Guðm Árnason Grjótagötu 2
12. Sig. Sigurðsson Fischersundi 3

C í vesturbænum

1. Kristinn Pétursson blikksmiður Vesturgötu 40 bunum við sl 3
2. Pétur Gunnlaugsson trésm Framnesveg 1 varabunum " " "
3. Kristinn Árnason trésm Austurbakka liðsm " " "
4. Vilhelm Jóhannesson trésm Austurbakka liðsm " " "
5. Gísli Gíslason verzlunarmaður Nýlendugötu 19 varamaður við brunah
6. Páll Jónsson járnsmiður Framnesveg 3 formaður " "

~ .. ~

7. Jóhannes Magnússon verzlunarmaður Bræðraborgst 15 bunum við sl 4
8. Daníel Þorsteinsson skipasm Mýrargötu 7 varabunum " " "
9. Ottó Þorláksson skipstjóri Vesturgötu 29 liðsm " " "
10. Jón Hjartarson Bræðraborgarstíg 22 A liðsm
11. Símon Bekk trésmiður Vesturgötu 21 varamaður við brunah
12. Árni Jónsson járnsmið Nýlendugötu 18 form við brunahana

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1912, hinn 28. okt., var fundur haldinn í brunamálanefndinni á skrifstofu borgarstjóra. Var þá fyrir tekið:

1. Böðvari Jónssyni leyft að flytja steinolíumótor úr Aðalstræti 6 í myllubús og vinnuhús sitt við Rauðarárstíg, og einnig leyft að nota hann í verksmiðju Steinars við Mýrargötu ef til kemur. Slökkviliðsstjóri ákveði umbúnað mótorsins.

Á fund vantaði Arinbjörn Sveinbjarnarson, og slökkviliðsstjórann, sem var veikur.

Fundi slitið

Páll Einarsson.

Jón Þorláksson    Hannes Hafliðason

Ár 1912, hinn 31. okt. var fundur haldinn í brunamálanefndinni. Var þá fyrir tekið:

1. Var rædd áætlun um útgjöld til slökkvitóla og slökkviliðs fyrir næsta ár (1913), og leggur nefndin til að útgjöldin verði ákveðin þannig.

| | | |
|---|---|---|
| a. Laun slökkviliðsins | kr. | 2600,00 |
| b. Viðhald og endurnýjun slökkvitóla og húsa | " | 500,00 |
| c. Ýms gjöld | " | 300,00 |

2. Lagt til að keyptir verði 2 slönguvagnar með tilheyrandi slöngum, sem áætlað er að kosti um 1550.00 krónur, og að andvirði þeirra verði greitt af brunabótasjóði Reykjavíkur.

3. Útaf fyrirspurn um hvað liði uppsetningu brunasímans, upplýsti slökkviliðsstjóri að búið væri að setja upp staurana og ~~verið að~~ leggja þráðinn á þá, og verið að leggja leiðsl-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

unnar að þjóðinni, en öll hús eigin-
legu ~~voru~~ tekin ókominn um þrátt fyrir ítrek-
aða eftirgangsmuni, en látið væri uppi
af seljanda að þau mundu send áleiðis
hingað nú þessa dagana (með Ceres
2. nóv. frá Kaupmannahöfn)

4. Nefndin vill ekki leggja eldstæði
í kjallara reykháfs í útihúsi Bj. Símonar-
sonar við Vallarstræti 4.)
Á fund vantaði Arinbjörn Sveinbjarn-
arson

Fundi slitið
Páll Einarsson

Jón Þorláksson Hannes Hafliðason B. Jónasson.

Ár 1912, hinn 19. dag nóvembermánaðar
hjelt brunamálanefndin fund á skrifstofu
borgarstjóra. Á fund vantaði Arinbjörn Svein-
bjarnarson og Hannes Hafliðason.

1. Bæjarstjórnin hefur beðið álits
nefndarinnar um lögmæti eldvarnar-
gafls ~~við~~ milli húsanna nr. 8 og 6 B
í Aðalstræti, sem hefur verið færður og
byggður upp að nýju við breytingu
hússins nr. 6 B á þessu ári.
Það er upplýst að eldvarnarveggur milli
þessara húsa var ekki löglegur samkvæmt
áður en breytingin á húsinu Nr. 6 B var
framkvæmd, að því leyti að veggurinn,
sem telst til hússins nr. 6 B, var ekki
eins hár og húsið nr. 8. Á þessu hefur
ekki orðið breyting við umrædda breytingu á

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

húsinu nr. 6 B. Breytingin á því hefur verið gjörð samkvæmt gefnu byggingarleyfi, og álítur nefndin ekki að ~~falsari~~ krafa um hækkun veggjarins verði gjörð til eiganda þess húss, en vill að krafa verði gjörð á hendur eiganda hússins nr. 8 um að hann hækki eldvarnarvegginn svo að hann taki 6 þuml. upp fyrir þakið á því húsi.

2. Var rætt um hreinsun reykháfa í bænum. Upplýst að kvartanir yfir alltíðar um að verkið sé ekki framkvæmt sem skyldi. Sótarinn í Vesturbænum hefur sagt starfinu upp, og álítur nefndin að fullnægjandi hreinsun muni ekki fást fyrir 1900 kr. á ári. Vill nefndin því gjöra þá breytingartillögu við frv. til fjárhagsáætlunar fyrir 1913, að gjaldliður 5 verði áætlaður 2200 krónur.

Fundi slitið

Páll Einarsson

Jón Þorláksson

B. Jónasson.

Ár 1912, hinn 3. des., ~~?~~ hélt brunamálanefndin fund á skrifstofu borgarstjóra; á fund vantaði Arinbjörn Sveinbjarnarson (lasinn).

1. Var rætt um hreinsun reykháfa í bænum. Meiri hluti nefndarinnar leggur til að hreinsunin í öllum bænum sé falin einum manni, er hafi ábyrgð á starfinu, og ráði sér verkamenn til vinnunnar eftir þörfum, og að þessi sýslan verði auglýst laus til umsóknar.

Fundi slitið

Páll Einarsson

Jón Þorláksson

Hannes Hafliðason

B. Jónasson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1912 þ. 17. des. kom brunamálanefndin saman á fund. Allir á fundinum nema Jón Þorláksson.

1. Voru lagðar fram og athugaðar umsóknir þær, er komið höfðu um slökkviliðsstjórastöðuna, alls 29 að tölu. Nefndin mælir með að einhver af þessum þremur umsækjendum fái sýslanina
Pétur Ingimundarson
Magnús Magnússon vagnasmiður, og
Jón Villhjálmsson skósmiður og Kristinn Jónsson trésmiður. –
Ákveðið að láta allar umsóknirnar með fylgiskjölum ganga milli bæjarfulltrúanna fyrir næsta fund. –

2. Samþykkt að leggja til, að sýslanin verði veitt með því skilyrði: að sá, er hana fær taki núverandi sótara, Kristján Sæmundsson í þjónustu sína með sömu launum og hann nú hefur fyrstu 4 mánuði ársins, enda inni hann af hendi hið sama starf og hann hefur gjört fyrir bæinn. Sá er sýslanina fær lúti að sjálfsögðu reglum þeim og erindisbréfi, er honum verður sett. –

Fleira gjörðist ekki. –
Jón Þorláksson kom á fundinn áður en honum var slitið.

Hannes Hafliðason
Sveinbj. Sveinbjarnarson
B. Þórarinsson.

Fundi slitið
Páll Einarsson
...

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1913 þ. 14. febr. kom brunamálanefndin saman á fund á skrifstofu borgarstjóra. Allir nefndarmennirnir á fundi. Fór þá fram á fundinum það er hjer segir:

1, Var lesið frumvarp til reglugjörðar um brunamál og slökkvilið kaupstaðarins og nokkrar breytingar gjörðar á því og það afgreitt til bæjarstjórnar.-

2, Var samþykkt að setja beint talsímasamband milli ~~aðalslökk~~ miðstöðvar bæjarsímans og aðalslökkvistöðvarinnar og til varaslökkviliðsstjórans, ennfremur milli aðalslökkvistöðvarinnar og slökkvitólahúsanna í austur- og vesturbænum. Ennfremur að sett verði nætursamband við bæjarfógetann og gæslustöðina og brunakallaranna.-

3, Er nefndin er því mótfallin að miðstöð bæjartalsímans verði leyft að leyft að setja turbinu og vatnsmótor í samband við vatnsveituna, með þeim kjörum, sem landsímastjórinn hefur farið fram á.-

Fundi slitið

Páll Einarsson

B. Jensson

Hinn 4. marz 1913 var fundur haldinn í brunamálanefndinni á skrifstofu borgarstjóra.

1. Lagt fram bréf frá Dansk Tariffervening dags. 21. febr. til borgarstjóra, þar sem meðal annars er spurt fyrir um hvenær lokið verði að byggja slökkvistöðinni á slökkvistöðinni. Nefndin felur borgarstjóra að svara þessu atriði með því að gefa fjelaginu upplýsingar um hvernig byggt hefir verið að aðallt yir til þarar slökkv

2. Sigurjón Sigurðsson tjeomiðameistari býðst í bréfi dags. 3. febr. til að kaupa gamla slökkvitólahúsið við Templarasund til niðurrifs fyrir Kr. 325.00. Nefndin hafnaði þessu boði.

Á fund vantaði Arinbjörn Sveinbjarnarson.

Fundi slitið

Páll Einarsson

Jón Þorláksson. Hannes Hafliðason

Bjarnason.

Ár 1913 þ. 13. oktober kom brunamálanefndin saman á fund á skrifstofu borgarstjóra. Gjörðist á fundinum það er segir:

1°.

var lögð fram beiðni frá P. M. Bjarnasen. framkvæmdarstjóra ~~P. M. Bjarnasen~~ (viðarverslunarfjelagsins "Ísland") um að mega ~~stein~~ setja niður og nota steinolíumotor í steinhúsinu №4 við Norðurstíg, en þar ætlar hann að

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

reka niðursuðuverksmiðju. Nefndin leyfði honum þetta, en með því skilyrði, að um mótorinn verði búið eins og slökkviliðsstjóri segir fyrir, og má ekki taka hann til notkunar fyr en slökkviliðsstjóri hefur gefið skriflegt leyfi til þess. Ennfremur er leyfið því skilyrði bundið að umsækjandi greiði hlutaðeigendum þá hækkun í iðgjaldi, sem kann að orsakast af því að mótorinn er tekinn til notkunar, fyrir þá er búa í húsinu eða nágrannahúsum. -

2.

Nefndin felur slökkviliðsstjóra og varaslökkvistjóra að koma fram með tillögur um flokkaskiptingu og skipun starfsmanna í varaslökkviliðið fyrir miðjan næsta mánuð. -

Á fundinn vantaði Jón Þorláksson.

Fleira gjörðist ekki.

Fundi slitið

Páll Einarsson. Arinbj. Sveinbjarnarson

Hannes Hafliðason. B. Jónasson.

Ár 1913, hinn 30. október var fundur haldinn í brunamálanefndinni á skrifstofu borgarstjóra. Gjörðist þetta á fundinum.

1. Var rætt um tillögur til áætlunar um útgjöld til slökkvitóla og slökkviliðs næsta ár, og leggur nefndin til að sá liður fjárhags-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

áætlunarinnar fyrir 1914 verði þannig:

a. Laun slökkviliðsins – kr. 2600.00
b. Viðhald og endurnýjun slökkvitóla og húsa – – – – – " 1000.00
c. Ýms útgjöld – – – – – " 400.00

Samtals " 4000.00

Fleira var ekki fyrir tekið.
Á fund vantaði Hannes Hafliðason.

Páll Einarsson

Arinbj. Sveinbjarnarson.

Jón Þorláksson B. Jónasson.

Ár 1913, hinn 17. desember, hélt brunamálanefndin fund á skrifstofu borgarstjóra. Var þá fyrir tekið:

1. Sigurði A. Gunnlaugssyni leyft að setja brauðbökunarofn í húsið Hverfisgötu 5, að því tilskildu að verkið sé unnið undir umsjón slökkviliðsstjórans.
2. R. P. Levi leyft að setja upp og nota olíumótor í húsi Gísla Finnssonar við Norðurstíg.
3. Rætt um innköllun og æfingu varaslökkviliðsins.

Allir nefndarmenn á fundi og auk þess ~~Slökkviliðsst~~ varaslökkviliðsstjórinn.

Fundi slitið

Jón Þorláksson Páll Einarsson

Hannes Hafliðason. Arinbj. Sveinbjarnarson.

B. Jónasson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hinn 26. okt. 1914 hjelt brunamála-nefndin fund á skrifstofu borgarstjóra.

S/4 1. Stjórnarráðinu leyft að setja dieselmótor með tilheyrandi til lýsingar og afgjafar í pósthúsið, undir eptirliti slökkviliðsstjóra, og að því tilskildu, að stjórnarráðið greiði þá hækkun á brunabótagjöldum, sem nágrannar pósthússins kynnu að verða fyrir vegna mótorsins.

2. Borgarstjóra og slökkviliðsstjóra falið að ráða varðmann til slökkvistöðvarinnar og gera samninga við þá.

3. Nefndin gerir svofellda tillögu um fjárveitingar til slökkvitóla og slökkviliðs 1915.

| | | |
|---|---|---|
| a. Laun slökkviliðsstjóra og varaslökkviliðsstjóra | kr. | 900,00 |
| b. Laun slökkviliðsins | " | 2300,00 |
| c. Viðhald og endurnýjun slökkvitóla og húsa | " | 1000,00 |
| d. Ýms útgjöld | " | 700,00 |
| Samtals | " | 4900,00 |

Allir á fundi.

Fundi slitið

K. Zimsen

Ásgeir Sigurðsson[?]

Arinbj. Sveinbjarnarson Hannes Hafliðason

G. Olsen[?]

Ár 1914 hinn 28. desember hjelt bruna-málanefndin fund á skrifstofu borgarstjóra.

Stefán B. Jónsson sækir um leyfi til að setja 4 hesta steinolíumótor í kjallara hússins nr. 51 við Grettisgötu og ætlar hann að hafa hann
S/4
til að snúa kornmölunarkvörn o. fl.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Nefndin veitir hið umbeðna leyfi að því tilskildu, að allur umbúnaður á klefa þeim, sem mótorinn verður settur í, fullnægi kröfum slökkviliðsstjóra að því er snertir tryggingu gegn brunahættu, svo og að tryggur geymslustaður sje fyrir steinolíu. – Ennfremur er það skilyrði fyrir leyfinu, að beiðandi greiði þá hækkun á brunabótagjöldum, sem nágrannar hans kunna að verða fyrir vegna mótorsins.

Fleira gjörðist ekki.

Á fund vantaði Jón Þorláksson og Arinbj. Sveinbjarnarson.

Fundi slitið.

K. Zimsen. Hannes Hafliðason.
G. Olsen

Ár 1915, hinn 18. maí, ~~1915~~ hjelt brunamála nefndin fund á skrifstofu borgarstjóra.

1. Einar Erlendsson sækir um leyfi til að mega nota Zeopal-pakpappa til þaks í stað járns á eitt eða tvö hús í útjöðrum bæjarins (brjef hans dags. 15. marz 1915).

Nefndin vill fyrir sitt leyti mæla með því að leyfi verði veitt til þess að nota þakefni þetta á einu eða tveimur smáum steinhúsum, í útjöðrum bæjarins.

2. Út af brjefi Hins íslenzka steinolíufjelags dags. 25. jan. 1915, um steinolíugeymslu kaupmanna, ákvað nefndin að svara á þá leið, að ekkert mundi því til fyrirstöðu að gera olíugeyma í kjöllurum eða í jörðu, þó þannig að þeir rúmi ekki meira en 800 lítra ef þeir eru í kjöllurum undir húsum, og ekki meira en 3500 lítra ef þeir eru í jörð utanhúss.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

3. Ákveðið að greiða þetta í reikning sótarans fyrir hreinsun reykháfa á gistihúsunum í Laugarnesi og Kleppi.

4. Aug. Flygenring býður bænum til kaups mótordælu þá, sem nú er í vörslum slökkviliðsins, fyrir
S/6 kr. 3954.30. ~~Nefndin~~ Nefndin leggur til að dælan verði keypt, og andvirði hennar greitt af brunabótasjóði Reykjavíkur.

5. Nefndin yfirfór reikninga frá ýmsum mönnum yfir skemdir á fötum m.m. við brunann 25. april síðastl. Nefndinni virðist ekki verða hjá því komist að greiða þennan kostnað, en felur slökkviliðsstjóra að athuga reikningana, svo að ekki verði borgað hærra en sanngjarnt er.

Fleira gjörðist ekki

Fundi slitið

K. Zimsen.

Arinbj. Sveinbjarnarson

Hannes Hafliðason Ág. [illegible]

Jón Þorláksson

Ár 1915 hinn 26. júní var fundur haldinn í skrifstofu borgarstjóra og var þetta gjört.

1. Ákveðið að kaupa 500 metra brunaslöngur
S/6 á slönguvagnana og skyldi kaupa 200 metra af slöngu er kostar samkv. tilboði Helga Magnússonar & Co kr. 1.90 og 300 metra, er kostar kr. 3.50. Sýnishorn af slöngunum voru lögð fram á fundinum, og sá nefndin sjer ekki fært að leita frekari tilboða erlendis vegna stríðsins.

2. Ákveðið að kaupa svo marga „unióna" á
S/6 slöngurnar, sem þörf er á eftir nánari ákvörðun slökkviliðsstjóra.

S/6 3. Ákveðið að kaupa slöngur fyrir mótordæluna eftir nánari ákvörðun slökkviliðsstjóra.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

3. Nefndin leggur til að bæjarstjórn ákveði að kaupa mótordælu, er gefi um 600 lítra á mínútu og sjálfheldustiga allt að 15 metra háan og sje leitað S/6 tilboða um kaup á þessum tækjum. Telur nefndin sennilegt, að þessi tæki kosti allt að tíu þúsund krónur og leggur til að notaður sje brunabótasjóðurinn til greiðslu á kostnaðinum, það sem hann nær.

4. Ennfremur leggur nefndin til að keyptir verði hjálmar og belti með öxum handa fasta slökkviliðinu og 6 reykgrímur og áætlar þenna kostnað um 1200 krónur.

5. Samþykt að reyna að fá mann til að taka C/7 að sjer eftirlit með brunahönum og aðgerð á þeim og lagt til að heimilað verði að greiða þann kostnað, sem það hefir í för með sjer.

6. Slökkviliðsstjóri gat í ljósi, að hann teldi nauðsynlegt að stofnað yrði fast bjarglið, sem í væru 12 menn, er fengju borgun fyrir æfingar og vinnu við bruna, auk aðal-slökkviliðið. Nefndin telur þessa ráðstöfun heppilega, en frestar að gera tillögu að þessu sinni.

Fleiri ekki gjört.

Á fund vantaði Jón Þorláksson.

Fundi slitið.

K. Zimsen. Ársæll Sveinbjarnarson.
Hannes Hafliðason G. Olsen

Ár 1915, hinn 27. ág. hjelt brunamálanefndin fund á skrifstofu borgarstjóra.

1. Ólafur Jónsson járnsmiður sækir um leyfi til að setja olíumótor í húsið ~~Nr. 6 C~~ Nr. 6. C. við Aðalstræti. Leyfið veitt með þeim skilyrðum, að umbúnaður fullnægi kröfum slökkviliðsstjóra, og að eigandi mótorsins greiði hækkun þá á brunabótagjöldum, sem mótorinn kann að baka nágrönnum.

S/4

2. Samþykt ráðstöfun slökkviliðsstjóra um að fá Helga Magnússon járnsmið til þess gegn 300 kr. árgjaldi að sjá um að allir slökkvihanar bæjarins sjeu jafnan í nothæfu ástandi og hafa ávalt til mann til þess að gera tafarlaust við bilanir á þeim, sem fyrir kunna að koma.

C/7

Fleira gerðist ekki

Á fund vantaði Arinbjörn Sveinbjarnarson

Fundi slitið

K. Zimsen.

Jón Þorláksson  G. Olsen  Hannes Hafliðason.

Ár 1915, hinn 27. okt., hjelt brunamálanefndin fund á skrifstofu borgarstjóra.

1. Nefndin gerir svofellda áætlun um útgjöld til slökkvitóla og slökkviliðs 1916:

S/6

| | |
|---|---|
| a. Laun slökkviliðsstjóra og varaslökkviliðsstjóra | kr. 900,00 |
| b. Laun slökkviliðsins | " 3000,00 |
| c. Viðhald og endurnýjun slökkvitóla og húsa | " 1000,00 |
| d. Til aukningar slökkvitóla og húsa | " 9000,00 |
| e. Ýms útgjöld | " 1000,00 |

Fleira var ekki gjört.

Á fund vantaði Arinbjörn Sveinbjarnarson.

Fundi slitið.

K. Zimsen.

Jón Þorláksson  G. Olsen

Hannes Hafliðason

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1915, hinn 30. nóv., hjelt brunamála-nefndin fund á skrifstofu borgarstjóra. Allir á fundi:

S/4 1. Samkvæmt ályktun bæjarstjórnarinnar á fundi hennar 18. nóv. setur nefndin þessi skilyrði fyrir leyfi handa Gunnari Sigurðssyni til þess að setja steinolíumótor í húsið Ingólfsstræti 2:

1. Að umbúnaður ~~um~~ um mótorinn og í mótorherberginu fullnægi kröfum slökkviliðsstjóra, og

2. Að eigandi mótorsins greiði hækkun þá á brunabótagjöldum, sem mótorinn kann að baka nágrönnunum.

Fleira gerðist ekki
Fundi slitið.

[signature] Zimsen.
Jón Þorláksson G. Olsen
Hannes Hafliðason. Steingr. Sveinbjarnarson

Ár 1916, hinn 4. janúar, hjelt bruna-málanefndin fund á skrifstofu borgarstjóra.

1. Magnúsi Guðmundssyni skipasmið S/4 leyft að setja olíumótor í smíðahús hans á leigulóðinni fyrir vestan Slippinn, gegn sömu skilyrðum sem sett voru fyrir samskonar leyfi á fundi nefndarinnar 30. nóv. 1915.

2. Annar varðmaðurinn á slökkvistöðinni hefur sagt lausu starfinu, ákveðið að auglýsa starfann með umsóknarfresti til 1. febr.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

2. Lagt fram bréf frá Dansk Tarifforening dags. 4. des. f.á., og frá Köbstedernes alm. Brandforsikring dags. 8. des. f.á.

S/3. Út af kröfum fjelaga þessara um endurbætur á slökkviteljaum og vatnsveitu, ályktar nefndin:

a. Að fela borgarstjóra og slökkviliðsstjóra að gera sem allra fyrst ráðstafanir til útvegunar á mótordælu og slöngum, sjálfheldustiga, og einkennum og vetlingum handa slökkviliðinu, sem þegar hefur verið ákveðið að útvega.

D/1. b. Að fela borgarstjóra að útvega og leggja fyrir nefndina tillögur ásamt nauðsynl. uppdráttum ~~f~~ um fyrirkomulag slöngutums, sem einnig hefur verið ákveðið að koma upp.

c. Að leggja til við bæjarstjórnina, að ákveðið verði að gera á komandi sumri, ef unt er fyrir 1. ágúst, vatnsgeymir á Rauðarárholtinu.

S/3 d. Að fela borgarstjóra að svara Dansk Tarifforening og Köbstedernes alm. Brandforsikring að því er þessi atriði snertir eptir að bæjarstjórn, væntanl. á næsta fundi sínum, hefur tekið afstöðu til tillögunnar undir staflið c.

S/3 e. Að því er snertir hækkun þá á iðgjöldum fyrir hús í bænum, sem Köbst. alm. Brandforsikring fer fram á, leggur nefndin til, að bæjarstjórnin láti í ljósi, að hún telji þá flokkun húsa, sem stungið er upp á, heppilega, og að bæjarstjórnin geti eptir atvikum ligi mælt á móti nokkurri hækkun iðgjaldanna, allt að því er fjelagið fer fram á, en vilji þó fara fram á að hækkunin fyrir algjörvanin timburhús, sem ~~sem~~ virt eru minna en 10 þús. kr., verði nokkru lægri heldur en fjelagið stingur upp á.

Hækkun sú, sem fjelagið fer fram á, er þessi: 1. Fyrir steinhús haldast iðgjöldin óbreytt.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

2. Fyrir algjörvarin timburhús, hækki iðgjöldin um 71 til 73 aura af 1000 kr. (verða þá alls

1.59 - 1.61 kr. 2.30 til kr. 2.40 af 1000 kr. Fyrir venjul. íbúðarhús

3. Fyrir hús, sem eru ekki algjörvarin, hækki iðgjöldin um h. u. b. kr. 1.45 af 1000 kr., og verða kr. 3.10 til kr. 3.20 af 1000 kr. fyrir íbúðarhús.

Allir á fundi.

Fleira gerðist ekki

Fundi slitið

K. Zimsen.

Hannes Hafliðason    Fr. Jespersen Lützen.

Ásmundur Sveinbjarnarson    G. Olsen

År 1916, hinn 25. jan., hélt bruna-málanefndin fund á skrifstofu borgarstjóra.

1. Samþykt að ráða tvo fasta starfsmenn, til viðbótar við þann sem nú er, á slökkvistöðina.

Ráðnir voru: Anton Eyvindsson og Karl Bjarnason.

Fleira ekki tekið fyrir.

Fundi slitið.

K. Zimsen

Sighvatur Bjarnason    Hannes Hafliðason    Ásmundur Brynjólfsson.

G. Olsen

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Árið 1916, hinn 14. Mars, hélt brunamála-
nefndin fund á skrifstofu borgarstjóra.

1. Sótarasýslanin. Lagðar fram 4 umsóknir um starfið, frá: Sigurði Halldórss. Njálsg. 29, Benjamín Einarssyni Tjarnarg. 6, Finnboga Finnssyni Vitastíg 9 og Jósafat Sigurðss. Grettisg. 24.
   Nefndin mælir með því að sýslanin verði veitt Sigurði Halldórssyni, Njálsg. 29.
2. Framlagt bréf frá Kjøbstædernes almindelige Brandforsikring. Félagið sjáist ekki geta orðið við tilmælum bæjarstjórnar, sem samþykkt voru á fundi hennar 6. jan. þ.á., um niðurfærslu á iðgjöldum.

Allir á fundi

Fleira ekki tekið fyrir.

Fundi slitið.

K. Zimsen.

Jörundur Brynjólfsson.

Sighvatur Bjarnason Hannes Hafliðason. G. Olsen

Árið 1916 hinn 12. maí hélt brunamálanefndin fund á skrifstofu borgarstjóra.

1. S/4 H. J. Hansen leyft að flytja gasmótor úr bakaríinu við Laugav. 61, í bakaríið á Vesturg. 14.
   Leyfið veitt, en slökkviliðsstjóra falið að hafa umsjón með verkinu.
2. S/4 E. P. Aspelund leyft að flytja mótor úr Steinar-húsum? í Fischersund 3. gegn sömu skilyrðum og sett voru fyrir samskonar leyfi á fundi brunamálanefndarinnar 30. nóv. 1915.
3. Byggingarnefndin hefir leitað álits brunamálanefndarinnar um hvort gjörlegt muni að leyfa, S. Einarsdóttir Grettisg. 70. að byggja málmbræðsluhús við Hringbrautina, samkv. uppdrætti er fyrir liggur. Nefndin sér sér ekki fært að mæla með þessu.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

4. Jón Sveinsson hefir í bréfi farið fram á skaðabætur, fyrir skemdir á húsinu no. 14B við Pósthússtræti, er
S/7 urðu við brunann 27. mars.
Nefndin sér sér ekki fært að sinna þessari kröfu.

5. Reikningar höfðu borist slökkviliðsstjóra frá nokkrum mönnum, er störfuðu við brunann 27. mars í Lækjargötu, fyrir skemdir á fötum. Nefndin leggur til að þessum mönnum séu greiddir reikningarnir, að þessu sinni, en áskrað hinsvegar, að greiða ekki slíkar skemdir, nema eftir mati tveggja óvilhallra dómkvaddra manna. Reikningar höfðu komið frá 14 mönnum, að upphæð 512.00 kr.

6. Nefndin leggur til að framvegis verði hafðir þrír brunakallarar, í [illegible] í hverri deild aðal slökkviliðsins, og að keypt verði þau áhöld er þarf til þess að þeir hafi samband við slökkvistöðina.

Allir á fundi. Fleira gjörðist ekki.
Fundi slitið.

K. Zimsen. Sighvatur Bjarnason. G. Olsen
Hannes Hafliðason. Jörundur Brynjólfsson.

Árið 1916, hinn 31. maí, hélt brunamálanefndin fund á skrifstofu borgarstjóra.
Þetta gjörðist:

1. Tekin voru til meðferðar tilboð er brunamálanefndinni höfðu borist um að selja bænum slökkvidælu.
Tilboðin voru þessi:
a. Frá Ágústi Flygenring í Hafnarfirði 16 hestafla dælu, sentamótor frá Ludvigsbergs Verkstad Aktiebolag. Verð 7850.00 kr.
S/6
b. Frá J. H. W. Olsen Kaupmannahöfn. 12 hestafla dæla frá sama firma; Verð 5720.00 kr.
c. Frá Geir G. Zoëga, Reykjavík, 14 hestafla dæla frá Merryweather & Sons í Englandi; Verð: 455 £.
d. Frá Helga Magnússyni & Co. í Reykjavík; 22 hestafla dælu frá Scania-Vabis í Malmey; Verð: 8580.00 kr.
e. Frá Th. A. Krag í Kaupmannahöfn; 22 hestafla dælu, frá sömu verksmiðju og með sömu gerð og hin síðast talda; Verð: 7250 kr. með umbúðum, eða 7630 kr. hingað komin.
Öll tilboðin eru með verðhækkunarfyrirvara.
Nefndin ákveður að ganga að tilboði Th. A. Krag.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

2. Tilboð í Sjálfheldu Stiga:

a. Frá Hassel & Teudt í Kaupmannahöfn.
15 m. á lengd, fyrir handafl; verð kr. 1200; og
$17\frac{1}{2}$ m. — — — — loftafl — — — 2400.

S/6 b. Frá Köbenhavns Sprøjtefabrik, 16 m. Stigi, fyrir loftafl; verð 1450 Kr.

c. Frá Geir G. Zoëga í Reykjavík, 15,25 m á lengd (frá Merryweather & S. í London); verð: kr. 2520 (með 16 kr. gangverði á £)

d. Frá J. A. W. Olsen í Kaupmannahöfn, 16 m. langur, fyrir loftafl; verð: kr. 1890 f. o. b. í Stokkhólmi.
Nefndin ákvað að taka tilboði J. A. W. Olsen.

3. Einkennisbúningar fyrir Slökkviliðið, hjálmar og belti með tilheyrandi áhöldum. Eitt tilboð hefði nefndinni borist frá J. A. W. Olsen.
S/6 Verðið á einstökum áhöldum er þannig:
Belti með öxi og krók kr. 42,00 fyrir hv. mann.
Hjálmar úr málmi — — 7,00 — — — — —
— — — — leðri — — 13,00 — — — — —
— — — — (handa slökkviliðsstj.) kr. 15,00 — — — — —
Nefndin ákvað að kaupa búninga og áhöld handa 40 mönnum.
Áætlaður kostnaður á öllum áður skráðum áhöldum, með flutningskostnaði, kr. 12000 Kr.

S/6 4. Nefndin ákvað að leita tilboða á ölnstökkum handa Slökkviliðinu.
Fleira gjörðist ekki.
Fundi slitið.

K. Zimsen. G. Olsen Hannes Hafliðason
Guðmundur Brynjólfsson.
Sighvatur Bjarnason

Árið 1916, hinn 3. október, hélt brunamálanefndin fund á skrifstofu borgarstjóra.
Þetta gjörðist:

1. P. Petersen sækir um leyfi til að setja mótor í skúrbyggingu er hann hefir látið
S/4 gjöra. Nefndin veitir þetta umbeðna leyfi með sömu skilyrðum og sett voru fyrir samskonar leyfi á fundi 30. nóv. 1915.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

2. Hallgrímur Tómasson í verzl. „Von“ sækir um leyfi til að setja 1½ h.a. Steinolíumótor í við-
5/4 húsið no 55 við Laugaveg. Mótorinn á að nota til kaffibrenslu og mölunar.

Nefndin veitir hið umbeðna leyfi með sömu skilyrðum og sett voru í næsta lið hér á undan.

3. Sláturfélag Suðurlands sækir um leyfi til að setja upp 3ja hestafla „Dynamo“ og 1½
8/4 hestafls rafmagnsmótor í sambandi við olíumótorinn í kolhúsi félagsins.

Nefndin mælir með því að þessi umbeðnu leyfi verði veitt, með því skilyrði, að tækin verði sett upp undir eftirliti sérfróðsmanns, sem brunamálanefndin tilnefnir, og greiði Sláturfélagið kostnaðinn við eftirlitið.

Fundi slitið.

K. Zimsen.
Hannes Hafliðason
Sighvatur Bjarnason [illegible] Brynjólfsson.

Árið 1916 hinn 27. október hélt brunamálanefndin fund á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gjörðist:

1. Hf. „Nýja Bíó“ sækir um leyfi til að setja upp steinolíumótor, 10 hesta Tuxham-mótor, í kjallaranum undir inngöngu skúrnum,
9/4 til notkunar við sýningar þegar gasmótorinn sem þar er nú, er ekki nothæfur.

Nefndin veitir leyfi til að hafa hinn umbeðna steinolíumótor til vara, enda sé hann aldrei notaður nema gasmótor verði ekki notaður af ástæðum, sem kvikmyndaleikhúsinu er ekki um að kenna.

Þessi skilyrði eru ennfremur sett fyrir leyfinu:

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

1. Að umbúnaðurinn um mótorinn og í mótorherberginu fullnægi kröfum slökkviliðsstjóra, og
2. að leigjandi mótorsins greiði hækkun þá á brunabótagjöldum, sem mótorinn kann að baka nágrönnum.
3. Steinolíubirgðir mega ekki vera í mótorhúsinu né annarstaðar í húsinu meira en 20 litrar, sem sjeu geymdir í lokuðu málmíláti.
4. Mótorinn skal takast í burtu þegar rafmagnsstöð kemur í bæinn eða þegar brunamálanefndin krefst þess af öðrum ástæðum.

2. Lagt til að veitt verði á næsta ári til slökkvitóla og slökkviliðs:
a. Laun slökkviliðsstjóra og varaslökkviliðsstjóra Kr. 900.00.
b) Laun slökkviliðsins Kr. 3800.00.
c) Viðhald og endurnýjun slökkvitóla og húsa Kr. 1500.00
d) Kostnaður við hesta Kr. 1000.00.
e) Ýms útgjöld Kr. 2000.00.

Fundi slitið.

K. Zimsen.
Sighvatur Bjarnason  Jörundur Brynjólfsson
Hannes Hafliðason  G. Olsen

Ár 1916 hinn 4. desbr. hjelt brunamálanefndin fund með sjer á skrifstofu borgarstjóra.
Var þetta gjört:
1o Gunnar Filippusson sækir um leyfi til að setja upp steinolíu mótor í húsinu No 20 í Vesturgötu hjer í bænum. – Nefndin leyfir að setja niður mótorinn með

5/4

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

þessum skilyrðum:
a. Að umbúnaðurinn um mótorinn í mótorherberginu fullnægi kröfum slökkviliðsstjóra
b. að mótoreigandi greiði hæðum fé á brunabótagjöldum, sem mótorinn kann að valda nágrönnunum
c. Geymslu á steinolíu skal hagað eptir fyrirmælum slökkviliðsstjóra
d. Mótorinn skal taka burtu þegar rafmagnsstöð kemur í bæinn, eða þegar brunamálanefndin krefst þess af öðrum ástæðum
2. Nefndin ákveð að gjöra nauðsynlegar breytingar á slökkviliðshúsinu í Þingholtsstræti og við Vegamótastíg til þess að hægt sje að koma fyrir hin sjálfheldustigum slökkviliðsins á sem haganlegastan hátt. –
3. Lagður fram uppdráttur af slöngutorni þeim, sem byggja á til að þurka slöngur slökkviliðsins.

Á fund vantaði Jörund Brynjólfsson og Hannes Hafliðason

Fundi slitið

K. Zimsen.
Sighvatur Bjarnason
G. Olsen

Ár 1917 miðvikudag 11. apríl var fundur haldinn í brunamálanefndinni á skrifstofu borgarstjóra.

Var þetta gjört:

1. Lagðir fram uppdrættir af skápum fyrir einkennisbúninga slökkviliðsmanna og var áætlað að kostnaður mundi verða um 1200 krónur. Þótti nefndinni þessi kostnaður svo mikill, að hún vill reyna að komast af án skápanna fyrst um sinn, eða þar til veitt verður fje úr bæjarsjóði sjerstaklega til þessa, væntanlega á fjárhagsáætlun næsta árs.

2. Lagt fram erindi frá föstum slökkviliðsmönnum bæjarins, þar sem þeir fara fram á: 1° að þeir
5/5 sjeu tryggðir fyrir slysum á kostnað bæjarins, 2° að kaup þeirra sje hækkað að miklum mun og 3° að komið sje fastara skipulagi á reglur fyrir greiðslu á skemmdum á fötum þeirra, þegar eldsvoða ber að höndum.

Nefndin leggur til að starfsmönnum þessum verði veitt dýrtíðaruppbót frá 1. janúar þ.á. að telja, er nemi 50% af launum þeim, er þeir nú fá. — Þá ákvað nefndin að leita sjer upplýsinga hjá slysaábyrgðarfjelögum um það, hvern kostnað það muni hafa í för með sjer, að kaupa hæfilega slysaábyrgð handa slökkviliðsmönnunum.

Að því er snertir endurborgun á fataskemmdum lætur nefndin þess getið, að hún hafi þegar á fundi einum

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

12. maí f. á. (tölul. 5) ákveðið að greiða fatask[e]mmdir eftir mati tveggja óvilhallra, dóm kvaddra manna, í hvert einstakt sinn.

3. Lagt fram erindi frá umboðsmanni brunabótafjelags dönsku kaupstaðanna, Hannesi Thorsteinsson þar sem hann kvartar yfir ljelegum og hættulegum frágangi á ofnum og eldfærum í „Hotel Island“ hjer í bænum. – Ákveðið að fela slökkviliðsstjóra og varaliðsslökkviliðsstjóra að rannsaka þetta mál með allra bráðasta og annast um að tafarlaust verði bætt úr því, sem ábótavant er.

Jörund Brynjúlfsson vantaði á fund.

Fundi slitið

[illegible] Hansen. G. Olsen Hannes Hafliðason

Sighvatur Bjarnason

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Árið 1917, hinn 19. júní hélt brunamála-
nefndin fund á skrifstofu borgarstjóra.
Þetta gjörðist:

1. Bjarnhéðinn Jónsson járnsmiður óskar
S/4. eftir að fá að setja upp steinolíumótor
í járnsmiðju sinni við Aðalstræti 6 B,
í stað gasmótors þess, sem þar er nú.
Nefndin veitir leyfi til að setja upp mótor-
inn með þeim skilyrðum, sem getið
er í fundargjörð brunamálanefndar 27. okt.
f. á. fyrir ~~samskonar~~ leyfi til H/f. Nýja Bíó.

2. Brunamálanefndin ályktar að fela
S/2 slökkviliðsstjóra, að hafa gætur á því,
að 8. gr. ~~[illegible]~~ laga um brunamál
í Reykjavík sé stranglega fylgt.

Fleira gjörðist ekki.
Fundi slitið.

K. Zimsen. Sigurður Jónsson[illegible] Hannes Hafliðason
Ó. G. Eyjólfsson[illegible]. Jörundur Brynjólfsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1917 mánudaginn 30. júlí hjelt brunamálanefndin fund á skrifstofu borgarstjóra

Þetta gerðist á fundinum:

1. Nathan & Olsen sækja um að fá að setja 33 hestafla Diesel-mótorvjel í rafmagnsstöðvarhúsið við bygginguna þeirra í Pósthússtræti; skyldi nota vjelina til reksturs rafmagnsstöðvarinnar. S/4

Nefndin samþykkti að leyfa þetta með sömu skilyrðum og Gissuri Filippussyni voru sett um sama efni, sbr. fundargjörð 4. des. f. á.

2. M. Jóhannesson hefir sett upp sementsrör frá ofni upp með suðurgafli á húsi hans við Þingholtsstræti nr. 15 og sækir nú um leyfi ~~brunamála~~ byggingarnefndar til þess að láta þennan umbúnað standa þannig út næsta vetur, en byggingarnefndin hefir vísað erindi þessu til brunamálanefndar.

Nefndin fól slökkviliðsstjóra að athuga umbúnað þennan og láta gera þar á þær breytingar, sem hann kann að álíta nauðsynlegar til öryggis gegn eldhættu.

Á fund vantaði Sighvat Bjarnason og Jörund Brynjólfsson.

Fundi slitið.

K. Zimsen. Hannes Hafliðason

G. Olsen

Ár 1917 hinn 15. oktbr. kom brunamálanefndin saman á fund á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta var gjört.

1° Emil Rokstad leyft að setja upp steinolíumotor

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

í Mjólkurhúsinu ~~h~~ við Laugaveg með öllum sínum

5/4 skilyrðum og þetta var því liðið leyfi til Nathan & Olsen 30. júlí þ.á. (Sbr. fund nefndarinnar dags. tölul. 1).

2° Jörgen Magnússon sækir um styrk eða skaðabætur útaf veikindum og heilsuspilli er hann hafi orðið fyrir við brunann mikla í apríl 1915. – Nefndin getur ekki fallist á, að bæjarsjóði beri skylda til að greiða skaðabætur útaf þeim veikindum, sem hvorki engar sönnur eru færðar á að stafi beint af nefndum bruna; vill nefndin því ekki taka beiðnina tilgreina, einsog hún liggur fyrir.

Hinsvegar vill nefndin fallast á þá tillögu slökkviliðsstjóra að nefndum Jörgen verði veitt nokkur aukaþóknun fyrir mjög mikinn áhuga og ötulleik í þjónustu slökkviliðsins, er hann nú um margra ára skeið jafnan hefir sýnt. – Leggur nefndin til að þessi þóknun verði ákveðin 300 krónur.

Fleira gjörðist ekki.

Þórarinn Brynjólfsson var ekki á fundi.

Fundi slitið

K. Zimsen. Sighvatur Bjarnason Hannes Hafliðason
Gj. Olsen

Ár 1917, hinn 31. okt. hélt brunamálanefndin fund á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gjörðist:

1. Tillögur til fjárhagsáætlunar fyrir árið 1918.

Til slökkvitóla og slökkviliðs:

a) Laun slökkviliðsstjóra og vara slökkviliðsstjóra Kr. 900,00
b) — — slökkviliðsins . . . . . . . 4300,00
c) Viðhald og endurnýjun slökkvitóla og húsa . . . . 2000,00
d) Kostnaður við hesta . . . . . . 2800,00
e) Ýmis útgjöld . . . . . . 3000,00

Fleira gjörðist ekki.

Á fund vantaði Sighvat Bjarnason.

Fundi slitið.

K. Zimsen. Jörundur Brynjólfsson.
Hannes Hafliðason G. Olsen
Þór. Kristjánsson.

Ár 1917 hinn 28. desbr. kom brunamálanefndin saman á fund á skrifstofu borgarstjóra. —

Þetta var gjört:

1° Lögð fram eptirnefnd 3 erindi, er bæjarstjórn hafði vísað til nefndarinnar til afgreiðslu, eru þau frá:
1° P. O. Christensen lyfsala
2° Jes Zimsen konsul
5/4. 3° Thor Jensen kaupmanni
um leyfi til að setja mótor til [illegible] í húsi sín — [illegible] og önnur áhöld til [illegible]
Nefndin samþykkti að leyfa nefndum mönnum

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

að setja þá eigi reikningsmótor með sömu skilyrðum og Geiri Filippussyni voru sett, um mótor þá komu, sbr. fundargjörð 4. des. f. á. (Tölul. 1)

Leyfið til innleiðingar rafljósingatækja er að öðru leyti veitt með þeim skilyrðum, að þau séu lögð af manni, er bæjarstjórn telur til þess gildan og að gætt sé samskonar reglna um lagninguna, sem ákveðnar eru í Danmörku. – Rafmagnstækin má ekki nota fyrr en bæjarverkfræðingur hefir skoðað hvernig þá öllu sé gengið og hefir gefið notkunarleyfi. –

2° Lagt fram bréf frá brunamálastjóranum í Reykjavík dags. 18. f. m. þarsem hann kvartar yfir því að: 1° hafi sé strangt eftirlit, og miklu strangara en áður, með öllum eldfærum o. fl. og að tafarlaust sé gjört við

5/8 það, sem áfátt er, 2° brýnt sé fyrir öllum húsráðendum að vanda alla eldhættu, 3° strangt eftirlit sé haft með því, að eigi sé geymt meira af eldfimum efnum en lög leyfa og 4° lögreglulið bæjarins sé gjört að skyldu að hafa eftirlit með þessu, og afstýri geti eldhættu.

Nefndin ákvað að fara þess á leit við dagblöð bæjarins, að þau brýni rækilega fyrir húsráðendum og öðrum er hlut eiga að máli skyldur þær, er lög um brunamál í Reykjavík 14. okt. 1875 leggja þeim á herðar. –

Hannes Hafliðason kom á

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

fund nokkru eptir að hann var byrjaður, en
Jörundi Brynjólfsson vantaði alveg á fundinum. –

Fundi slitið

K. Zimsen. G. Olsen Hannes Hafliðason

Sighvatur Bjarnason

17

Ár 1918 hinn 24. janúar kom brunamálanefndin saman á fund í skrifstofu borgarstjóra. – Var þetta gjört:

Í tilefni af fráfalli Guðmundar Olsen slökkviliðsstjóra, var rætt um skipun slökkviliðsstjóra.
Nefndin leggur til að Pétur Ingimundarson, vara-
C/13 slökkviliðsstjóri, verði fyrst um sinn settur til
C/14 að gegna starfinu (frá 1. febrúar), en í hans stað verði
Kristófer Sigurðsson járnsmiður settur til
að gegna varaslökkviliðsstjórastarfinu frá sama tíma.

Fleira var ekki gjört

Fundi slitið.

K. Zimsen. Sighvatur Bjarnason Jörundur Brynjólfsson
Hannes Hafliðason

Árið 1918 hinn 31. maí hélt brunamálanefndin fund á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gjörðist:

1. Borgarstjóri lagði fram tilboð á bruna-
S/6 slöngum frá Th. A. Knap; meter í slöngunum
kostar 9.80 kr. Vegna þessa háa verðs frestaði
nefndin að gjöra tillögur um þetta tilboð

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

en áskrað að leita frekari tilboða.

2\. Nathan & Olsen æskja eftir að fá leyfi til þess
S/2 að grafa járnkassa [fyrir 8–9 tunn. af bensíni] niður í jörðina hjá
rafmagnsstöð þeirra í Pósthússtræti.

Nefndin veitir hið umbeðna leyfi.

3\. H/f Gutenberg æskir eftir að fá að byggja
S/4 mótorgasstöð í prentsmiðjunni á samt raf-
magns tækjum. ~~[illegible]~~ Fyrirkomulagsuppdráttur
fylgdi með.

Nefndin felst á að veita þetta leyfi, með
því skilyrði, að farið verði eftir fyrirmælum
slökkviliðsstjóra að því er snertir umbúnað
á gasstöð og hreyfivél, og eftir þeim reglum,
sem brunamálanefndin hefir áður sett
um útbúnað á rafmagnstækjum.

4\. Að gefnu tilefni var slökkviliðsstjóra falið
S/2 að athuga hvernig timburgeymslu er
fyrirkomið í bænum.

Ólafur Friðriksson var erlendis.

Fleira gjörðist ekki.

Fundi slitið.

K. Zimsen. Jörundur Brynjólfsson.

[illegible] Björnsson

Pétur Ingimundarson

Ár 1918 hinn 29. júní var boðað til fundar
í brunamálanefndinni kl. 10 árd. Hálfri klukku-
stund eftir síðar var enginn nefndarmanna mættur
nema borgarstjóri og varð fundur því ekki haldinn.

K. Zimsen.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1918 16 júlí var fundur haldinn í brunamálanefndinni
og var þetta gjört.

1. Í fyrsta lagi tekið fyrir erindi Haraldar Árnasonar kaupm.
dagsett 15 þ. m. þar sem hann beiðist samþykkis
á fyrirhugaðri skiptingu lóðar hans № 22 við Austurstræti.
En nokkurn hluta lóðarinnar ætlar hann að selja
B/136 H/f Nýja Bíó til að reisa þar kvikmyndahús.
Byggingarnefndin hefur áður haft erindi þetta til meðferðar
og vill fallast á skiptinguna að áskyldu samþykki
brunamálanefndar. Brunamálanefndin vill gjöra
það að skilyrði fyrir leyfi til að reisa kvikmyndahús
á þessum stað, að sjeð verði fyrir gangi til vara
útá nágrannalóðina № 2 við Lækjargötu og um
hana að götu. Enfremur leitar nefndin athygli að
því, að á sínum tíma þarf að fá undanþágu frá
14 gr. byggingarsamþykktarinnar að því er snertir
stærð óbyggðrar lóðar, ef íbúð verður í hinu fyrirhugaða
húsi við Austurstræti. Að öðru leyti leggur nefndin
til að bæjarstjórninn fallist á skiptingu lóðarinnar
eins og farið er fram á.

2. Pjetur Brynjólfsson ljósmyndari sækir um leyfi til að setja
8-10 hestabla steinolíumótor og raflýsingartæki í bárujárnshúsið
en samkomusalinn þar tjáist hann hafa tekið á leigu
+/9 nefndin getur ekki sint erindi þessu, þar sem
ekki liggur fyrir uppdráttur eða aðrar upplýsingar um,
hvernig nefndum tækjum verði komið fyrir, og ekki
samþykki húseiganda.

3 Slökkviliðið þarf nauðsynlega að fá 270 m. 76 m/m slöngur
fyrir mótordælurnar og 500 m. 60 m/m slöngur fyrir
S/6. slöngu vagnana, og hefur verið leytast fyrir með
kaup á þeim. Virðist nefndinni eina ábyggilega
leiðin til að fá slöngurnar, vera sú, að ganga að
tilboði Ár. Ó. Knaps í Kaupmannahöfn um
danskar gúmmíslöngur á kr 12,00 og kr 17,85 fyrir

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

hvern metur og leggur því til að geingið sje að þessu tilboði.

Á fund vantaði Jörund Brynjólfsson Svein Björnsson og Ólaf Friðriksson

Fundi slitið.

K. Zimsen

Pjetur Ingimundarson

Árið 1918 13 Ágúst var fundur haldin í brunamálanefndinni og var þettað gjört.

1. Í fyrsta lagi tekið fyrir á ný erindi Haraldar Árnasonar kaupm. viðvíkandi byggingu kvikmyndahúss á lóð hans No 22 Austurstræti

En erindi þessu hefur bæjarstjórnin vísað aftur til nefndarinnar þar sem ekki var hægt að fullnægja skilyrði

B/136 nefndarinnar um útgang af lóðinni að Lækjargötu

Haraldur Árnason hefur boðist til, að hafa hlið á girðingu milli lóðar sinnar og væntanlegrar lóðar kvikmyndahússins er sje opin þegar sýningar eru, og til að leyfa óhindraðan gang yfir lóð sína ef þörf gjerist.

Nefndin felst á að þettað muni vera fulltryggilegt ef gangur útaf lóðinni sje ekki minni en 3,5 m.

Jafnframt lætur nefndin þess gjetið, að sjerstakt leyfi bæjarstjórnar þarf til að byggja kvikmynda-hús á þessum stað og reka það.

2. Erindi frá Sigurði Kjartanssyni rafurmagnsfr. um leyfi til að vinna alskonar rafurmagnsvinnu hjer í bænum svo sem uppsetning rafleiðsla fyrir ljós afl og hita

G/12 m. fl. En erindi þessu hafði bæjarstjórn vísað til brunamálanefndar til afgreiðslu.

Ólafur Friðriksson vill að leyfið sje veitt með sömu skylmálum og öðrum hafa verið veitt slík leyfi (að borgarstjóri gjeti tekið leyfið aftur fyrirvaralaust)

En hinir tveir nefndarmennirnir sem á fundi voru

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

vilja gjöra það að skilyrði fyrir leyfinu, að umsækjandi leggi nú þegar fram uppdrætti og útreikninga yfir rafleiðslu sem hann er byrjaður að leggja án leyfis nefndarinnar í húsið № 7 við Njálsgötu og að hvortvegga sje fullnægjandi að áliti bæjarverkfræðingsins.

3\. Borgarstjóri skýrði frá að motordælan sem bilaði
S/6 í síðastliðnum januarmánuði væri nú aftur komin í gott lag.

4 Nefndin felur slökkviliðsstjóra að hafa eftirlit með
S/2. mó og hrísgeymslu í bænum

Fleira ekki tekið fyrir. Á fund vantaði Jörund Brynjólfsson og Svein Björnsson

K Zimsen. Olafur Fridriksson Pjetur Ingimundarson

Ár 1918 2. sept. var fundur haldinn í brunamálanefnd Rvíkur, og gerðist þar þetta:

1\. Símskeyti frá Th. A. Knap, um að verksmiðja sú, sem búa átti til slöngur þær, sem pantaðar hafa verið, vilji ekki
S/6 ábyrgjast að þær þoli þrýstinguna, sem þéttar og endingargóðar (pressure tightness and durability). Þar eð engar slöngur eru til, til vara, ákvetur nefndin að síma Knap, að bærinn vilji fá hinar pöntuðu slöngur, sem þar eru fengindar, og sýnishorn það, er han hefur sent.

2\. Jón Bjarnason kaupm. Laugaveg 33. sækir um að fá að hafa alim-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

geymslu á efsta lofti í geymslu-
húsi, við Laugaveg 33. Þar eð bruna-
5/2 málastjóri hefur kynt sér útbún-
aðinn, og vottar að hann sé svo sem
honum er lýst í umsókn Jóns Bjson-
ar., veitir nefndin leyfið.

3. Ný umsókn frá O. Forberg landsímastj.
og P. Smith símaverkfræðingi, um að
mega leiða rafmagn til Gósa frá
húsi Nathan & Olsen, til húsa þeirra við
7/9 Laufásveg og Miðstræti. Nefndin vill
veita leyfið, að því áskyldu, að full
trygging sé fyrir því að áliti slökk-
viliðsstjóra og bæjarverkfræðings, að
leiðslan geti ekki truflað bruna-
símann; að öðru leiti með venju-
legum skilyrðum.

4. Umsókn frá Guðríði Árnadóttir
Njálsgötu 7. um rafleiðslu til Gósa
í hús hennar, sama stað. Nefndin
x/9 frestar að taka ákvörðun í þessu
máli, þar til bæjarstjórnin hefur
komið skipulagi á fyrirkomu-
lag rafleiðsla, ~~[illegible]~~ og lagningu
þeirra í hús.

Fleira ekki rætt. Á fund vantaði
Jörund Brynjólfsson.

Ólafur Lárusson
ritari

Sveinn Björnsson   Pjetur Ingimundarson   Ólafur Friðriksson

© Borgarskjálasafn Reykjavíkur

Árið 1918, 30. Sept. var fundur í brunamála-
nefnd Reykjavíkur þetta gerðist:

1. Pétur Brynjólfsson sækir um leyfi
til þess að leggja rafleiðslu til lýsingar
4/4 í salinum í samkomuhúsinu „Báran", og
setja upp 8-10 hestafla steinolíumót-
ar til framleiðslu rafmagnsins. Upp-
lýsingar lágu fyrir um að tryggi-
lega væri frá vélaklefanum gengið.
Nefndin leggur til að leyfið sé
veitt, með venjulegum skilyrðum.

2. Félagsprentsmiðjan sækir um
leyfi að raflýsa hús sitt við Ingólfs-
stræti, og jafnframt setja niður
mótor í steinskúr þann, sem
bak við húsið stendur; jafnframt
er gert ráð fyrir að lagðir verði
5/4 niður tveir mótorar, er áður hafa
verið í sjálfu húsinu. Nefndin
hefur borist bréf frá Guðmundi
Hannessyni prófessor, þar sem hann
mótmælir því að leyft verði að
setja niður mótorinn, sem hann
telur að verði til mikilla óþæg-
inda fyrir nágrennið, meðal ann-
ars, að nálega muni verða ólíft
í sínu húsi. Eftir umsögn
slökkviliðsstjóra, sem kynnt hefur
sér málavöxtu, verður truflunin
minni en nú er, með þeim umbúnaði sem
Félagsprentsmiðjan hefur á þessu.
Nefndin leggur til að [illegible]lla

sé leyft, þó með því skilyrði að komi það í ljós, að mótórinn verði til verulegra óþæginda fyrir nágrennið, verði hann tafarlaust lagður niður, ef brunamálanefnd krefst þess. Ákveðið er hérmeð að setja altaf sama skilyrði, framvegis, þegar leyft er að setja upp mótóra.
3. Lagt til að þessum mönnum sé leyft að leggja rafleiðslur í hús sín. G. Guðm. Hlíddal í no. 16. við Laufásveg, G. Copeland í „Gimli" við Lækjargötu, Eyjólfi Þorkelssyni og Páli Jónssyni í no. 6. við Austurstræti. D. Sch. Thorsteinsson í 14 B við Pósthússtræti, og verzluninni „Vísir" Laugaveg, í hús það, er hún er í.
X/9
4. Lagt að Magnúsi Einarsson sé leyft að setja upp mótor til raflýsingar í hús sitt no. 6. við Túngötu;
S/14.
sömuleiðis lagt til að Nikolai Bjarnason sé leyft hið sama við hús no. 5. Suðurgötu.
5. Nefndin ræddi um hinn mikla lífsháska, sem stafar af því hve mikil þröng er oft í kvikmyndahúsum bæjarins, sérstaklega í Gamla
B/2
Bíó. Nefndin telur nauðsynlegt, að framvegis verði eigi fleirum veittur aðgangur að sýningum bíóanna, en sætin leyfa, með núverandi fyrirkomulagi, og að gerðar verði frekari öryggisráðstafanir

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

til þess að fólk eigi auðveldara að komast út úr bíóunum, ef eldsvoða ber að höndum, t. d. fjölgað dyrum. Nefndin ákveður að taka það atriði til meðferðar undir eins og hún hefur kynt sér það nánar. Á fund vantaði Jörund Brynjólfsson og Svein Björnsson. Fleira ekki rætt

Fundi slitið

Ólafur Lárusson
Pjetur Ingimundarson ritari Ólafur Friðriksson

Árið 1918, 26 okt. var fundur í brunamálanefnd Reykjavíkur.

1. F. Håkonsson biður um að fá leyfi til þess að setja upp konditorofn í „Iðnó". Nefndin leggur til að leyfið sé veitt, að því áskildu að slökkviliðsstjóri telji tryggilega gengið frá verkinu.

2. Steinolíufélagið (Hið íslenzka) hefur farið fram á að fá stað til þess að geyma á steinolíu, niður við höfnina, og hefur hafnarnefnd vísað málinu til brunamálanefndar. Nefndin getur ekki lagt til að þetta sé leyft.

c/5. 3. Sigurður Halldórsson sótari segir lausu starfi sínu frá 1. jan. næstk. sökum heilsubilunar. ~~Nefndin ákveður að auglýsa starfið laust, með umsóknarfresti til 1. desember~~.

sjá aftar

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

4. Haraldur Böðvarsson sækir um leyfi til þess að setja mótór til raflýsingar í húsið Suðurgötu 4. og Jón Laxdal leyfi til þess að setja mótór til sömu afnota í húsið Tjarnargötu 33. Lagt til að leyfin séu veitt með venjulegum skilyrðum.

5. R. P. Levi sækir um leyfi til þess að raflýsa sölubúðina á Laugaveg 5. og frú Kristín Símonarson sækir um leyfi til þess að raflýsa hús nr. 4. við Vallarstræti. Lagt til að leyfin séu veitt með venjulegum skilyrðum.

3. frh. Nefndin leggur til að sótarastarfinu sé skift, þannig að eftirleiðis hafi það á hendi tveir menn, með 1800 kr. launum (og dýrtíðaruppbót). Launin eru nú 2800 kr. (og dýrtíðaruppbót), en núverandi sótari kostar sjálfur aðstoð sem hann þarfnast.

6. Tillögur til fjárhagsáætlunar 1919:

| | | |
|---|---|---|
| a. | Til hreinsunar reykháfa | 3600,00 |
| b. | Laun slökkviliðsstjóra og varaslökkviliðsstjóra | 900,00 |
| c. | Laun slökkviliðsins | 6000,00 |
| d. | Viðhald og endurnýjun slökkvitóla og húsa | 2000,00 |
| e. | Kostnaður við hesta | 6000,00 |
| f. | Ýmis útgjöld til slökkvitóla og slökkviliðs | 3500,00 |

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

5/6 7. Nefndin telur æskilegt að ~~breyting~~ hætt verði að halda slökkviliðshestana, en bifreiðar fengnar í þeirra stað.

8/2 8. Borgarstjóri skýrði frá því að lögreglustjóri hefði fallist á að nauðsynlegt væri að takmarka hve margir áhorfendur væru í einu í bíóunum, og lofað að gera ráðstafanir í þá átt.

Fleira ekki rætt.

Á fund vantaði Jörund Brynjólfsson og Svein Björnsson sem ekki er í bænum.

Fundi slitið.

Ólafur Lárusson
settur

Pétur Ingimundarson     Ólafur Friðriksson

Árið 1919, mánudaginn 3. febrúar, kom brunamálanefndin saman á fund á skrifstofu borgarstjóra.

1. Borgarstjóri lagði fram tilboð frá Th. A. Knap um bifreið, slökkvidælu og björgunarstiga í einu lagi; hafði tilboðið gengið milli nefndarmanna. Kostar alls (?) talsi Kr. 53.255,00. En Ut. (?)

S/6 begadi (?) borgarstjóri tilboðið útaf ósk sem komið hafði frá brunamálanefnd um að æskilegt væri að hætt yrði að halda slökkviliðshesta, en bifreiðar fengnar í stað þeirra. Nefndin telur tilboðið of hátt og telur eigi fært að leggja

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

til að keypt verði, en felur borgarstjóra að leita ~~at~~ fyrir um tilboð í slík eða lík tæki í Ameriku.

2. Borgarstjóri lagði fram beiðni frá Birni Þórðarsyni fyrir hönd eigenda Báruhússins um raflýsingu í Bárubúsinu. Erindinu
S/9. frestað unz bæjarverkfræðingurinn hefir skoðað staðinn og sagt álit sitt um það, hvernig kaeyfivél megi koma þar fyrir.

3. Útaf erindi frá H. Benediktssyni um það, hvort nokkuð sé því til fyrirstöðu að hann geymi framvegis sprengiefni á þeim
S/2 tilgreindum stöðum hér í bænum, lætur nefndin það uppi, að hún ~~fyrir~~ vill eftir atvikum ekki amast við því að sprengiefnið sé geymt á þessum stöðum, ef farið er nákvæmlega eftir fyrirmælum slökkviliðsstjóra.

4. Borgarstjóri skýrði frá því, að hann
S/6 hefði látið einn af slökkviliðshestunum í vinnu ~~annarsstaðar~~ í bæjarins þarfir.

Á fund vantaði Ólaf Friðriksson.

Fleira gjörðist ekki.

Fundi slitið

K. Zimsen. Sveinn Björnsson
Jörundur Brynjólfsson Pétur Ingimundarson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Árið 1919 8. dag marzmánuðar kl. 11½ var haldinn brunamálanefndarfundur á skrifstofu borgarstjóra. Mættir voru brunamálastjóri, Sveinn Björnsson og ~~Borgarstj.~~ Ólafur Friðriksson. Það upplýstist að borgarstjóri væri í sjódómi, og var hinkrað við eftir honum.

1. ~~Br.~~ Íþróttafélag Reykjavíkur biður um leyfi til þess að raflýsa „Iðnó" fyrir eitt kvöld — í kvöld. Samþykkt var að leyfa þetta með atkvæðum Sv. Bj. og Ól. Fr. gegn atkvæði borgarstjóra sem óskaði að bókað væri að hann hefði verið á móti þessu. Slökkviliðsstjóri áleit litla hættu stafa af að leyfa þetta, en greiddi ekki atkvæði. Leyfið er veitt með því skilyrði að verkið sé framkvæmt undir eftirliti slökkviliðsstjóra, og af fagmanni, og að slökkviliðsmaður sé til staðar meðan raf ljósin eru notuð.

Fleira ekki rætt. Fundi slitið kl. 12 hád.

Ólafur Friðriksson K. Zimsen. Pétur Ingimundarson

Sveinn Björnsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1919, þriðjudaginn 29. apríl, kl. 3 e.h. kom brunamálanefndin saman á fund á skrifstofu borgarstjóra. Á fundinum voru borgarstjóri, Sveinn Björnsson og slökkviliðsstjóri.

1. Lagt fram erindi frá Brunabótafélagi Íslands, dags. 25. marz um það hvort hægt mundi, ef til kæmi, að fá keypt handa Ísafjarðarkaupstað mótordælu og sjálfheldustiga, sem slökkviliðið á nú.

5/6 Nefndin leggur til, að útvegaðar séu 1-2 litlar bifreiðarmótordælur, önnur með sjálfheldustiga. Ef bæjarstjórnin fellst á þessa tillögu nefndarinnar, vill hún að Ísafjarðarkaupstað sé gerður kostur á að kaupa minni mótordæluna og annan sjálfheldustigann, sem nú eru til, enda, sem samkomulag náist um. Ætti þetta að geta komið til framkvæmda á næsta hausti.

2. Lagt fram erindi Guðm. Hannessonar prófessors dags. 10. þ.m. útaf mótor félagsprentsmiðjunnar. Ákveðið að senda heilbrigðisnefnd erindi þetta til umsagnar.

5/9

3. Lagt fram erindi h.f. Nýja Bíó dags. 14. apríl þ.á. um leyfi brunamálanefndar til

P/2 að nota, til kvikmyndasýninga, hús, sem leyft var á fundi bæjarstjórnar 4. okt. síðastliðinn að byggja á

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

baklóðinni við Austurstræti nr. 22. Borgarstjóri upplýsti að breytingu ætti að gera á húsinu frá því sem samþykt var á umræddum bæjarstjórnarfundi 4. okt. f.á. og því talið rétt að fresta tillögu um málið þar til sú breyting sé samþykt af byggingarnefnd og bæjarstjórn.

4. Lagt fram erindi frá varðmönnum slökkvistöðvarinnar, um launahækkun, dags. 28. f.m. Þar sem ekki er til fjárveiting
S/5 nú fyrir slíkri hækkun, getur nefndin ekki lagt til að orðið sé við beiðni varðmannanna að svo stöddu.

Fleira gjörðist ekki

Fundi slitið

K. Zimsen. Sveinn Björnsson

Pjetur Ingimundarson

Ár 1914, miðvikudaginn 14. maí, kom brunamálanefndin saman á fund á skrifstofu borgarstjóra. Á fundinum voru: borgarstjóri, Sveinn Björnsson og slökkviliðsstjóri. Var þá tekið fyrir:

1. Erindi Th. Krabbes vitamálastjóra, dags. 2. maí, um byggingu húss fyrir gasfyllingarstöð (dissousgas) við Rauðarárstíg.
S/2 Hafði byggingarnefnd haft málið til meðferðar og samþykt bygginguna fyrir sitt

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

leyfi að áskildu samþykki brunamálanefndar. Brunamálanefndin telur ekkert því til fyrirstöðu að bygging þessi sé gerð eins og uppdrættir þeir, sem erindinu fylgja, sýna, enda sé gætt fyrirmæla Rglugerðar 30. des. 1903 um slíkar byggingar og laga um brunamál í Reykjavík, 15. okt. 1875.

2. Erindi h. f. Nýja Bíó dags. 10. þ. m. um leyfi til þess að nota til kvikmyndasýninga áformað hús á baklóðinni við Austurstræti nr. 22, fylgja með þessu uppdrættir af húsinu. Byggingarnefndin hefir óskað þess að brunamálanefndin léti uppi álit sitt áður en hún geri tillögur um að leyfa bygginguna. Nefndin hefir ekkert að athuga við það að hús þetta verði notað til kvikmyndasýninga með því fyrirkomulagi, sem uppdrættirnir sýna og vill eftir atvikum fallast á að útganginum að Austurstræti verði 2.5 metrar, enda séu jafnan opnar dyr á meðan á sýningum stendur, út að Austurstræti og inn á lóð forhússins. Gert er ráð fyrir að bæjarstjórnin taki ákvörðun um sjálft kvikmyndasýningaleyfið.

q/2

Fleira gjörðist ekki.
Fundi slitið

K. Zimsen. Pjetur Ingimundarson Sveinn Björnsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1919, mánudaginn 23. júní kl. 10 f. h.
kom brunamálanefndin á fund á skrifstofu
borgarstjóra. Á fundi voru mættir borgarstjó[ri]
og Ólafur Fridriksson.

Tekið fyrir: Umsóknir Péturs Brynjólfs-
sonar dags. 23. f. m. um leyfi til þess að
reka kvikmyndahús í Bárunni 3 daga
í viku. Borgarstj. hafði vísað málinu til
brunamálanefndar til umsagnar.

Frá brunamálalegu sjónarmiði
sér nefndin enga sérstaka ástæðu til
þess að vera á móti því að bíósýning-
ar séu haldnar í Bárunni, þ. e. að segja
þegar hús þetta er borið saman við
bíóin, sem starfrækt eru hér í bæn-
um, en hún álítur þó tapast rétt
að leyfa bíósýningar eða sjónleiki
í fleirum timburhúsum en þegar
P/2 hafa fengið þetta leyfi, og legg-
ur því á móti, að leyfið sé veitt.
Nefndinni finst vert að benda
á að samkomuhúsvandræði eru
nú þegar hér í borginni, og vill
af þeim ástæðum, að eigi sé leyft
að gera Báruna á kvikmynda-
húsi, jafnvel þó aðeins sé um
þrjá daga í viku að ræða.

Viðvíkjandi fjölgun bíóa
yfirleitt, þá sér nefndin enga
sérstaka ástæðu til þess að halda

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

uppi einkaleyfinu núverandi kvikmyndahúsa, ef um vidunandi og aukid húsnædi væri að ræða, þetta þó, að því er skoðun Ólafs Friðrikssonar snertir, að því frágengnu, að bærinn sjálfur ekki reki öll bíóin í bænum, en það álítur hann réttast í þessu máli.

Fleira ekki rætt.

K. Zimsen. Ólafur Friðriksson

Ár 1919, þriðjudaginn 19. ágúst kl. 1. e. h. var haldinn fundur í brunamálanefndinni. Á fundi voru 6 mættir brunamálastjóri og Ólafur Friðriksson, auk hans settur borgarstjóri Ó. Lárussonar.

Tekið fyrir:

1.) Umsóknir um sótarastarfið í Austurbænum. Um starf þetta höfðu sótt:

C/5.
Einar Einarsson, Hverfisgötu 78
Jósep S. Húnfjörð, Laugaveg 121.
Konráð R. Guðnason —"— 44.
Kristján Pétursson Vesturg. 19
Magnús Guðmundss. Bergst. 33 B
Ólafur Guðbrandss., Timburgolúsi
Þorfinnur Júlíusson Grettisg. 46.

Nefndin leggur til að starfið sé veitt Jósep S. Húnfjörð, Laugavegi 121.

2.) Erindi frá Hinu Íslenzka Steinolíufélagi, um stað fyrir steinolíugeymslu við höfnina. Nefndin

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

ákveður að fresta málinu, þar til borgarstjóri hafi talað við hafnarstjóra, um hvort ekki mundi hægt að gera litla uppfyllingu fyrir austan Batterísgarð (nálægt Kolbeinshaus) sem leyfa mætti að hafa á alt að 60 tunnur af steinolíu í einu.

H/13

Fleira ekki rætt.

Ólafur Lárusson
setur

Pjetur Ingimundarson Ólafur Friðriksson

Árið 1919 mánudaginn 15 Sept kl 1. e h. var fundur haldin í Brunamálanefnimi.

1. Útaf umsókn hins Íslenska Steinolíuhlutafjelags um stað til Olíugeymslu við höfnina, sem getið um í fundargjerð nefndarinnar 19 Ágúst þ. á. er nefndin fyrir sitt leyti samþykk því, að fjelaginu verði leyft að hafa Olíugeymslu í Króknum austan við Battariesgarðinn. Þó með þeim skilyrðum, að geymslusvæðið verði tryggilega girt að dómi Slökkviliðsstjóra. Og að aldrei verði geymt þar í einu meir en 80 Tunnur af Steinolíu

H/13.

2. Jónatan Þorsteinsson sækir um lóð til Bensingeymslu í Rauðarárholti. nefndin er því meðmælt að erindi þessu sje sint, þó að því tilskyldu að Bensinið verði geimt í Stein eða steinsteypuhúsi, og geymslunni hagað eftir fyrirmælum slökkviliðsstjóra.

D/119.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

3. Slökkviliðsstjóri upplýsir að endurnýja þurfi nokkra brunasímastaura í vesturbænum. Borgarstjóra
5/6 falið að leyta samninga við landsímastjóra um framkvæmd verksins.

4. Nefndin ákvað að láta prenta eyðublöð undir viðurkenningar, um hreinsun reykháfa sem sótararnir láti húsráðendur undirskrifa
5/8 við hverja hreinsun. Komi þessar viðurkenningar framvegis í staðinn fyrir kvittun í sótara bókina

Á fund vantaði Svein Björnsson og Ólaf Friðriksson

Fundi slitið.

Rafn Lárusson settur   Pjetur Ingimundarson

Árið 1919, þriðjudaginn 4. nóv. [illegible] var fundur haldinn í brunamálanefnd Reykjavíkurkaupstaðar á skrifstofu borgarstjóra. Fundurinn var settur kl. 2,20 e. h.

1. Nefndin ~~[illegible]~~ ákveður að fela varaslökkviliðsstjóra Kristófer Sigurðssyni, að hafa fyrir hennar hönd umsjón með skoðun eldfæra og reykháfa, og veitir honum fullt
5/8 og óskorað umboð til þess að koma fram fyrir hönd nefndarinnar í öllum þeim málum er snerta viðgerðir og endurbætur á eldfærum og reykháfunum í bænum, og hreinsun reykháfa.

2. Nefndin felst á ...

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

borgarstjóra og slökkviliðsstjóra
að láta nú þegar hreinsa alla
5/4 reykháfa í bænum, og ráða til
þess tíu menn, eða svo marga
sem þurfa þykir.

Fleira ekki rætt.

K. Zimsen. Sveinn Björnsson

Pjetur Ingimundarson Ólafur Friðriksson

Ár 1919, mánudaginn 17. nóvember, kom brunamálanefndin saman á fund á skrifstofu borgarstjóra. Á fund vantaði Ólaf Friðriksson, veikan, og slökkviliðsstjórann, sem er á leið til útlanda. Varaslökkviliðsstjórinn Kristófer Sigurðsson var á fundinum.

1. Borgarstjóri lagði fram tilboð, sem honum hafa borist um bifreiðardælur með sjálfhaldsstiga. Með hliðsjón af tilboðum þessum leggur nefndin til að veitt
5/6 verði á fjárhagsáætlun fyrir 1920 kr. 40,000,00 til kaupa á slíku tæki. Borgarstjóra jafnframt falið að leita fullnaðartilboða hjá bjóðendum.

2. Samþykkt að leggja til að á fjárhagsáætlun fyrir 1920 verði ennfremur veitt til slökkviliðsins sem hér segir:

a. Laun slökkviliðsstjóra, vara-slökkviliðsstjóra og varðliðs kr. 24,000—

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Flyt kr. 24,000 -

b. Laun aðalslökkviliðsins 4,000 -

c. Viðhald slökkvitóla 4,000 -

d. Kostnaður við hesta 6,000 -

e. Ýms útgjöld 3,000 -

3. Lagt fram erindi aðalslökkviliðsins

dags. 4. f.m. um kaupholstur og slysa-

5/5 tryggingu. Ákvörðun Erindinu frestað til nánari

athugunar.

4. Lagt fram bréf frá Kökstaðernes Al-

mindelige Brandforsikring dags. 27. f.m.

Gerðabók lesin upp og samþykt.

Fleira gerðist ekki. - Fundi slitið

Kristófer Sigurðsson   Zimsen.   Sveinn Björnsson

Árið 1919 þriðjudaginn 16 Desember var fundur

haldin í brunamálanefndinni Á fund vantaði

Ólaf Friðriksson veikur, og Svein Björnsson sem

er erlendis.

1. Nefndin ákveður í samráði við varaslökkviliðs-

stjóra, að fella niður að þessu sinni, skrásetningu

5/5 varaslökkviliðsins eftir fyrirkalli, en að nota

manntalið við skrásetningu og flokkaskipun

liðsins.

2. Lagt fram bréf frá vaktmönnunum á slökkvi-

stöðinni, þar sem þeir fara framm á, viðbót við

5/5 dýrtíðaruppbót, auk þeirra uppbótar sem þeim

var sjerstaklega veitt í síðastliðnum Ágústmánuði

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Nefndin vísar þessu máli til fjárhagsnefndar.

3. Nefndin leggur til, að frá 1 janúar næstkomandi verði skipaðir 4 sótarar, og sje borgarstjóra falið í samráði við slökkviliðsstjóra að skipa þá.
E/5 Ætlast er til að skipta bænum í fjögur umdæmi og hafi hver sótari á hendi sóthreinsun í einu umdæmi útaf fyrir sig, og njóti aðstoðarmanns við síðustu (4) hreinsun á hverju ári.

4. Nefndin leggur til að gjaldskrá fyrir hreinsun reykháfa orðist þannig:

Hreinsun reykháfa fer fram fjórum sinnum á ári, og til að standast kostnað við hreinsunina, skulu allir húseigendur greiða árlega í bæjarsjóð 1‰ eitt af þúsundi af virðingarverði húsa til brunabóta.

E/10 Skrá yfir gjöldin skal semja í Febrúarmánuði ár hvert og fellur helmingur gjaldsins í gjalddaga 1 Apríl en helmingur 1 Október. Gjaldið má taka lögtaki sje það ekki greitt fyrir lok næsta mánaðar eftir gjalddaga.

~~Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá sem bæjarstjórnin samþykti~~

Gjaldskrá þessi öðlast gildi 1 janúar 1920 og fellur þá jafnframt úr gildi gjaldskrá sú sem bæjarstjórnin samþykti 21 janúar 1915

Á fundinum mætti varaslökkviliðsstjóri.

Fleira ekki gjört fundi slitið

K. Zimsen. Pjetur Ingimundarson

Kristján Sigurðsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1920, 3. dag febrúarmánaðar kl. 2 e.h. hélt
brunamálanefnd Reykjavíkurkaupstaðar
fund á skrifstofu borgarstjóra.

1. Nefndin ~~leggur til~~ ákveður að stöðurnar sem
slökkviliðsstjóri og varaslökkviliðs-
stjóri, séu auglýstar og felur borgar-
C/13 14 stjóra framkvæmdir. (Sbr. fund 17. nóv. 1919)

2. Lagt fram bréf dags. 4. okt. 1919 frá aðal-
slökkviliði bæjarins, þar sem farið er
fram á að slökkviliðsmenn fái sex
krónur fyrir fyrsta klukkutímann
sem þeir vinna, og þrjár krónur fyrir
hvern kl.tíma er þeir vinna þar-
eftir. Ennfremur fara slökkviliðsmenn
fram á að bæjarstjórn sjái þeim
fyrir tryggingu gegn slysum og
öðrum heilsuspillir, sem af starfi
þeirra geti hlotið.

Samþ. í bæjarstjórn

Nefndin telur borgun þá sem
farið er fram á vera fullhá
S/5 fyrir æfingar, en felur borgar-
stjóra og slökkviliðsstjóra að
eiga tal við fulltrúa slökkvi-
liðsmannanna.

Viðvíkjandi tryggingunum
upplýsti borgarstjóri að hann
hefði leitað tilboða um trygg-
ingar á slökkviliðinu og hefði
von um svar í þessum mán-
uði. Nefndin frestar því
að gera tillögu að svo stöddu.

3. Hið íslenzka steinolíufélag
fer fram á að fá að setja þak
yfir port það, eða afgirta svæði
H/10 er það hefir á leigu við höfn-
ina, austanvert við Batteríið-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

garðinn. Þar eð brunamálanefnd álítur þetta byggilegra gegn brunahættu, sér hún ekkert því til fyrirstöðu, ef bygginganefnd vill fallast á það.

Fleira ekki rætt

Fundi slitið.

K. Zimsen. Sveinn Björnsson

Pjetur Ingimundarson Ólafur Friðriksson

Ár 1920 hinn 2. marts hélt Brunamálanefnd fund með sér á skrifstofu borgarstjóra kl. 10 f.m. Í nefndinni eiga nú sæti samkv. kosningu bæjarstjórnar hinn 19. f.m. auk borgarstjóra og slökkviliðsstjóra bæjarfulltrúarnir Ólafur Friðriksson Pétur Halldórsson og Sveinn Björnsson.

Pétur Halldórsson var kosinn skrifari nefndarinnar.

1. Borgarstjóri lagði fram umsókn um slökkviliðsstjórastöðuna frá Pétri Ingimundarsyni.
C/13 Var það eina umsóknin sem um stöðu þessa hafði borist.
Vék umsækjandinn af fundi meðan rætt var um umsóknina.
Samþykkti nefndin að leggja til við bæjar-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

stjóri að Pétur Sigmundsson verði skipaður slökkviliðsstjóri frá 1. maí að telja, með launum eftir 5. launaflokki kr. 3000.- árlega hækkandi annaðhvort ár um 200 kr. upp í 4000 kr.

2. Lagði borgarstjóri fram umsóknir um varaslökkviliðsstjórastöðuna frá

Kristófer Sigurðssyni járnsmið
Kjartan Ólafssyni Bergstaðastíg 22
Óskari Bjartmarz Grundarstíg 3

6/14 Var nefndin á einu máli um að leggja til ~~að~~ við bæjarstjórn að Kristófer Sigurðssyni verði skipaður varaslökkviliðsstjóri frá 1. maí að telja með launum eftir 7. launaflokki kr. 2000.- árlega hækkandi annaðhvort ár um 200 kr. upp í 3000 kr.

3. Borgarstjóri og slökkviliðsstjóri skýrðu frá að þeir hefðu átt tal við fulltrúa slökkviliðsins um kaup þeirra og tryggingu gegn slysum, sbr. fund 3. febr. 1920. Lögðu þeir til að gengið verði að kröfum slökkviliðsins um 6 kr. kaup
5/5 fyrir 1. klt. og 3 kr. kaup fyrir hverja klt. þar á eftir við bruna og æfingar. Ennfremur að þeir skuli fá skemmdir á fatnaði eftir mati greiddar. Nefndin leggur til að bæjarstjórnin samþykki þessa tillögu.

Nefndin telur eðlilegt að bæjarstjórnin kaupi brunaliðsmönnum fyrir tryggingu gegn slysum er hljótast af starfi þeirra í þágu slökkviliðsins

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

en gæti hinsvegar að svo stöddu ekki lagt ákveðnar tillögur um þetta fyrir bæjarstjórn vegna þess að ennþá hafa nefndinni ekki borist tilboð þau sem von er á um þessar byggingar frá ölgerðarbyggingafélögum.

Á fundinum vantaði Ólaf Friðriksson

Fleira ekki fyrir tekið. Fundi slitið.

K. Zimsen. Pétur Halldórsson.

Pétur Ingimundarson Ámundi Jónsson

Ár 1920 hinn 26. dag maimánaðar var haldinn fundur í brunamálanefndinni á skrifstofu borgarstjóra kl. 5 e.m.

1. Samkvæmt tillögu frá slökkviliðsstjóranum var samþykt að kaupa bifreið undir stærri mótordæluna, með það fyrir augum, að þegar fengin er bifreiðardæla sú sem þegar hefir verið ákveðið að kaupa verði komist hjá því að hafa hesta á slökkvistöðinni. Bifreiðin kostar kr. 6585.–

5/6

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

2. Nefndin telur nauðsynlegt að gera ~~þær~~ slíkar breytingar á útbyggingum slökkvistöðvarinnar að þar megi koma fyrir íbúð fyrir vara-
5/5 slökkviliðsstjóra og svefnstofum fyrir varðliðið. Nefndin áætlar að breytingarnar muni kosta alt að 10 þús. krónum og leggur til að bæjarstjórnin feli henni framkvæmd verksins.

3. Að gefnu tilefni ákveður nefndin:
Að banna algerlega geymslu á benzíni í íbúðahúsum og kjöllurum undir íbúðarhúsum nema þar sem benzínmótorar eru með leyfi brunamálanefndar. Í slíkum húsum getur slökkviliðsstjórinn leyft að geyma alt að 40 lítrum af benzíni, ef gætt er þeirra varúðar-
5/2 ráðstafana sem hann krefst í hvert sinn. Yfirleitt er geymsla á benzíni bönnuð alstaðar í bænum nema fengið sé samþykki slökkviliðsstjóra og gætt ákvæða laga og reglugerðar um brunamál um geymslu á eldfimum vökvum og þeirra sérstöku varúðarregla sem slökkviliðsstjóri setur í hvert sinn.

Á fundinum vantaði Svein Björnsson og Ólaf Friðriksson (erlendis).

Fleira gerðist ekki. Fundi slitið.

K. Zimsen. Kristófer Sigurðsson
Pjetur Ingimundarson Pétur Halldórsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1920, mánudaginn 28. júní kom brunamálanefndin saman á skrifstofu borgarstjóra kl. 3 e. h.

1. Lagt fram bréf lögreglustjóra dags. 3. þ. m. um bruna í bifreiðaskúr á Vatnsstíg 28. s. m. Beiðist lögreglustjóri umsagnar nefndarinnar um málið áður en tekin sé ákvörðun um dómsmeðferð þess. Slökkviliðsstjóri telur ekki, eftir fengnum skýrslum, ástæðu til frekari aðgerða í málinu og felst nefndin á það. Þess skal getið, að lögreglurannsóknin var gerð eftir kröfu slökkviliðsstjóra.

S/7.

2. Lagt fram erindi h. f. Nýja Bíó dags. 15. þ. m. um leyfi til að setja mótor í hús félagsins við Austurstræti, til rafmagnsframleiðslu þar til rafveita bæjarins getur látið rafmagn í té. Nefndin vill leyfa þetta með venjulegum skilyrðum.

S/9.

3. Byggingarnefnd hefir beiðst umsagnar nefndarinnar útaf ~~bygg.~~ beiðni Haraldar Árnasonar um leyfi til að byggja skúr sunnan á lóð sinni við Austurstræti 22. Brunamálanefndin vill fyrir sitt leyti ekki leggja á móti því að skúrbygging þessi sé leyfð, þó með því skilyrði, að skúrinn verði rifinn, ef gangurinn frá Austurstræti að Kirkjumyndahúsinu (sem nú hefir verið breikkaður) verður síðar mjókkaður og, að þakið á skúrnum verði gert nægilega sterkt ~~til~~ að áliti nefndarinnar.

B/136.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

4. Borgarstjóri lagði fyrir nefndina 2 tilboð um bíldælu. Er annað tilboðið frá Ludwigsbergs Verkstað í Stockholm. Dælan stigalaus kostar sv. Kr. 47.750.- Hitt tilboðið er frá Th. Knap í Kaupmh. Kostar dælan með stiga Kr. 60.725.- danskar. Tilboð er væntanlegt frá Merryweather & Sons í London með næsta skipi. Tilboðin munu standa til 5. júlí.

S/6. Þar sem nauðsynlegt verður að afgera um tilboðin fyrir næsta reglulegan bæjarstjórnarfund vill nefndin leggja það í vald bæjarstjórnar hvort kalla beri saman aukafund í bæjarstjórninni til að afgreiða málið eða frekar verði falið nefndinni til ákvörðunar.

Á fund vantaði Ólaf Friðriksson (erlendis)

Fleira ekki gert.

K. Zimsen.

Pétur Halldórsson.

Guðm. Björnsson

Pjetur Ingimundarson

---

Ár 1920 föstudaginn 1. október kom brunamálanefnd saman á fund á skrifstofu borgarstjóra, kl. 10 f. h.

1. Slökkviliðsstjóri lagði fram tillögu um kaup á bifreið sem útbúin skyldi til að flytja á honum slöngur og stiga og nokkur björgunartæki, ásamt teikn[ingu] af ... [illegible]

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

á bifreiðinni. Ráðgert að þetta muni kosta 10-12 þúsund krónur. Ennfremur lagði slökkviliðsstjóri til að standsettur yrði bíll sem bærinn á (mjólkurbíll) til flutnings á stiglum, björgunartækjum og áhöldum fyrir húsvarslið. Kostnaður við það áætlaður um 5 þús. krónur.

8/6 Af fjárveitingu ársins til nýrra slökkvitóla og viðhald slökkvitóla ~~sem~~ er að upphæð 44 þús. kr. hafa þegar verið notaðar kr. 14000-

Nefndin leggur til að framangreind áhöld verði útvegað samkvæmt tillögum slökkviliðsstjóra.

Jafnframt ákveður nefndin að láta setja ljós sem áður voru undir stiga mótordalnum og sem leika á kútunum, undir miðjum mótordalinn. Þarf eftir þetta ekki að halda besta í þessi slökkviliðsins.

2. Við eldsvoða í verslun Skógafoss við Þórsgötu hafði það komið í ljós fyrir fáum dögum, að þar er geymd steinolía á ca. 1000 lítra tunnum á mjög varhugaverðum stað.

8/12 Gekk brunamálanefnd (~~á staðinn~~ þangað) til að athuga frágang á geymslustaðnum. Er olían geymd í klefa undir aðal-stiganum upp í Kirkjuhvolshúsið Gamla Bíó; engin öryggisráðstöfun verið þar gerð, loftið úr tré og veggir að nokkru sömuleiðis. Öskukassi er rétt utan við dyrnar á klefanum og olíudreggjar á á gólfi klefans.

Brunahætta er mikil á þessum stað, og

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

ákveður nefndin samkvæmt heimild í 8. gr. laga 15. okt. 1875 um brunamál í Reykjavík að banna olíugeymslu þarna, ~~(Sem og annarstaðar)~~

Vegna bráðrar hættu af þessu ástandi ákveður nefndin ennfremur að fela slökkviliðsstjóra fyrir hönd nefndarinnar og á hennar ábyrgð að leita ef með þarf aðstoðar lögreglunnar til að samþykkt þessari verði framfylgt þegar í stað.
Á fundinn vantaði Olaf Friðriksson.

Fleira ekki gert. Fundi slitið.

Kr. Zimsen. Pétur Hallgrímsson

~~Pétur Ingimundarson~~

Ár 1920 föstudag 15. október kl. 4 e. m. kom brunamálanefndin saman á skrifstofu borgarstjóra.

1. Lögð fram beiðni frá „Verzluninni Skógafoss“ um að mega grafa olíuílát úr járni í jörð ofan við húsið Aðalstræti 8 og leiða þaðan olíuna í herbergi það sem olían hefir verið geymd í áður, til þess að olían verði afgreidd þar.

(~~Þar sem~~) Nefndin álítur að ekki sé hægt að ganga svo frá olíugeymslunni með þessum hætti að tryggilegt sé, þar sem olíunni er ætlað að renna sjálfkrafa að krananum, og vill því ekki veita hið umbeðna leyfi.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Húsvegar mundi nefndin gefa samþykki sitt til þess að olía yrði (geymd og) seld í sérstöku byrgi úr steini eða járni sem gert væri fyrir ofan húsið, og olíunni yrði dælt þangað úr geyminum.

2. Ákvað nefndin að krefjast þess af Hallgrími Benediktssyni stórkaupmanni að hann flytji á brott olíubyrgðir sínar úr kjallaranum undir Gamla Bíó fyrir 15. nóvember næstk.
9/2.

3. Nefndin felur slökkviliðsstjóra að gera skýrslu um steinolíusölustaði í bænum og hvernig til haga á hverjum sölustað.
5/2.

4. Lögð fram 3 tilboð um bifreiðardælur en engin ákvörðun tekin út af þeim.
5/6.

Fleira ekki gert. Fundi slitið.

Zimsen. Ólafur Fridriksson
Pétur Halldórsson Pétur Ingimundarson

Ár 1920 þriðjudaginn 9. nóvember kom brunamálanefndin saman á fund á skrifstofu borgarstjóra kl. 5 e.m.

1. Borgarstjóri lagði fram tilboð um bruna-slöngur frá þrem verslunarhúsum ásamt sýnishornum

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

frá hvein verslunarhúsanna. Ákveður nefndin að kaupa 300 metra af börkuðum stiga-slöngum með ~~þ~~ togleðursluð innan frá Nordisk Gummi og Guttapercha Co. í

8/6. Kaupmannahöfn fyrir 7 kr. pr. meter cif Reykjavík.

2. Samþykkt að leggja til að á fjárhagsáætlun fyrir 1921 verði veittar til slökkviliðsins þessar upphæðir:

| | | | |
|---|---|---|---|
| A. | Laun slökkviliðsstjóra, varaslökkviliðsstjóra og varðliðs | Kr. | 38.000.– |
| B. | Laun aðalslökkviliðs | – | 7.000.– |
| C. | Viðhald slökkvitóla | – | 9.000.– |
| D. | Til endurnýjunar á fatnaði | – | 4.000.– |
| E. | Til breytinga og viðgerða á slökkvistöðinni | – | 15.000.– |
| F. | Til sótthreinsunar og eldfæraeftirlits | – | 26.000.– |
| G. | Ýmis gjöld | – | 3.000.– |

Móti gjaldalið F áætlast sótaragjald að upphæð kr. 26.000.–

3. Tekin fyrir tilboð um bifreiðardælur frá:

Ludvigsbergs Värkstad Stockholm Sv. kr. 47.750.– án stiga.

Th. A. Knap København Da. kr. 60.725.– með stiga.

8/6. Merryweather & Sons, London £ 3100-0-0 með stiga.

Nefndin sér ekki fært að leggja til að neinu tilboð~~anna~~ verði tekið, og telur mögulegt

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

fyrst um sinn að komast af með áhöld þau sem þegar eru til og samþykkt hefir verið að kaupa.

Í þessu sambandi hreyfði slökkviliðsstjóri því, hvort ekki mundi gerlegt að ráða 6-8 menn til viðbótar þeim sem fyrir eru fastir starfsmenn ~~(við)~~ á slökkvistöðinni, til þess að ávalt væru til taks fleiri menn en nú er er bruna ber að höndum; taldi slökkviliðsstjóri líklegt að þetta mætti framkvæma bænum að kostnaðarlitlu, og bjóst við að leggja fram ákveðnar tillögur í þessa átt síðar.

Á fund vantaði Ólaf Friðriksson sem ekki gat mætt vegna sóttkvíunar.

Fleira ekki gert.

K. Zimsen.

Pétur Ingimundarson Pétur Halldórsson

Ár 1920 fimmtudaginn 9. desember hélt brunamálanefndin fund á skrifstofu borgarstjóra.

1. Teknar til umræðu breytingatillögur framkomnar við áætlunarfjárhæðir brunamálanefndar í fjárhagsáætlun 1921.

a/ Breytingatillaga við gjaldlið H1; Laun slökkviliðsstjóra, varaslökkviliðsstjóra og varðliðs fastra manna í Kr. 33.500.- úr Kr. 38.000.-

Nái breytingatillaga þessi fram að ganga virðist að fækka (fóstum) vatnsaumum á slökkviliðsstöðinni frá því sem áætlað er. Telur nefndin ekki unt að komast af með færri varðmenn eftir að nýja slökkvistöðin er komin en þá 5 sem í áætluninni hafði nefndarinnar er gert ráð fyrir og er því mótfallin breytingatillögunni.

6. Breytingatillaga við gjaldlið 45. Liðurinn falli burt. Nefndin er mótfallin tillögunni og vísar til athugasemda fjárhagsnefndar við fjárhagsáætlunina.

2. Lögð fram skýrsla slökkviliðsstjóra um útsölustaði á steinolíu í smásölu í bænum, lýsing á umgangi og útbúnaði í sölustöðunum sem eru 29 að tölu. Málinu frestað.

3. Umsókn kom fram frá Árna Jónssyni þjónustu Nýlendugötu 21 um að mega selja viðar benzínmótor í vinnustofu sína. Vill nefndin veita leyfið með því skilyrði að gjörður sé fyrir mótorinn steinklefi með járnlagðri hurð í stofunni, og að öðru leyti farið eftir fyrirmælum slökkviliðsstjóra.

Á fund vantaði Ólaf Friðriksson og Þórð Sveinsson.

Fundi slitið

K. Zimsen.

Pétur Ingimundarson

Pétur Halldórsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1921 hinn 22. febrúar hélt brunamálanefndin fund á skrifstofu borgarstjóra. Allir nefndarmenn á fundi ásamt slökkviliðsstjóra.

~~Út~~ Út ~~af~~ brunanum á Spítalastíg 9 hafði það komið í ljós að brunasíminn virkaði ekki eins og ætlast er til; út af þessu upplýsti borgarstjóri að rannsókn á símanum væri framkvæmd þessa dagana, en ekki hefði enþá tekist að leiða í ljós ástæður til þessara bilana. Verður rannsókninni undir umsjón Steingríms Jónssonar haldið áfram. Sem stendur er brunasíminn í lagi.

S/6. Í þessu sambandi var ákveðið að fara þess á leit við landssímastjórnina að miðstöðin sé höfð opin að næturlagi og að mönnum sé gert sem auðveldast að ná símasambandi við slökkvistöðina á öllum tímum sólahringsins.

Ólafur Friðriksson segir að það hafi komið í ljós við brunann á Laugavegi 2, að slökkviliðsstjóri Pétur Ingimundarson sé ekki fær um að stjórna brunaliðinu.

S/5 Með þessu á hann aðeins við stjórnina á brunastaðnum en hefir ekkert sérstakt að athuga við starf hans sem slökkviliðsstjóri að öðru leiti. Segir að til þess að stjórna mönnum þurfi

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

eldv, sjerstaka hæfileika, en þá hafi Pétur Ingimundarson ekki.

Í sambandi við framanskrifað krafst slökkviliðsstjórinn þess af brunamálanefndinni að hún þegar í stað láti fram fara rannsókn á stjórn hans á slökkviliðinu og að hún að því loknu birti opinberlega þá niðurstöðu sem nefndin kemst að.

Fleira ekki gjört. Fundi slitið.

K. Zimsen.

Þórður Sveinsson

Pétur Halldórsson

Pjetur Ingimundarson

Ólafur Friðriksson

Ár 1921 hinn 25. febrúar var haldinn fundur í brunamálanefndinni á skrifstofu borgarstjóra.

Ólafur Friðriksson lagði til að borgarstjóra væri falið að leitast fyrir hjá Pétri Ingimundarsyni slökkviliðsstjóra um það hvort hann mundi ekki vilja segja af sér stöðunni sem slökkviliðsstjóri.

S/5 Hinir nefndarmennirnir 3 geta ekki fallist á þessa tillögu en ákveða að leita sér upplýsinga um mál það er rætt um í síðustu fundargjörð.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Nefndin leggur til að keypt verði 25-30 Pyrene-slökkviáhöld til þess að setja upp í Bjarnaborg og í Suðurpóls-húsunum. Ráðgert að þetta kosti um 1500 krónur, og lagt til að kostnaður þessi verði talinn með óvissum útgjöldum bæjarins.

S/6.

Pétur Sigurmundsson var ekki á fundi.

Fleira ekki gert. Fundi slitið.

K. Zimsen.

Þórður Sveinsson. Ólafur Friðriksson.

Pétur Halldórsson.

Ár 1921 laugardaginn 28. maí hélt brunamálanefndin fund á skrifstofu borgarstjóra.

1. Byggingarnefnd hafði óskað álits brunamálanefndar um umsókn Th. Thorsteinsson um byggingarleyfi fyrir fiskþurkhús (sem hann vill fá leyfi til að gera úr timbri.) ~~(gert verði af timbri)~~ Meiri hluti nefndarinnar leggur til að leyfið sé veitt og hafi slökkviliðsstjóri umsjón með fyrirkomulagi á þurkunartækjunum.

B/149

2. Lagt fram erindi frá Gunnl. Claessen bæjarfulltrúa um steinolíusölustaði í bænum. Í sambandi við þetta lá skýrsla slökkviliðsstjóra um steinolíusölustaði í bænum frá í nóv. f.á. fyrir fundinum, og var slökkviliðsstjóra falið að semja varúðarreglur

S/2.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

um steinolíusölu og byggja fyrir nefndar-
fund.

3. Lögð fram tilboð um reykgrímur, eld-
trygg föt o.fl. nauðsynja til björgunar við
bruna. Slökkviliðsstjóra falið að útvega
þessa muni og kostnaður við þetta áætlaður
S/6. Kr. 2500.—

4. Borgarstjóra og slökkviliðsstjóra falið að
ákveða einkenni slökkviliðsins.
S/5. Ólafur Friðriksson erlendis.

Fleira ekki gert. Fundi slitið.

Þórður Sveinsson K. Zimsen Pétur Halldórsson

Pétur Ingimundarson

Ár 1921 laugardaginn 27. ágúst hélt bruna-
málanefndin fund á skrifstofu borgarstjóra
kl. 9 f.m.

1. Fyrir fundinum lá erindi H. Benediktsson & Co.
um leyfi til að gera benzín- og olíugeymsluskýli
á Melunum milli húss H.Í.S. og Íþróttavallar-
13/1659 ins. Nefndin gekk á staðinn og hefir eftir
að hafa athugað staðhætti ekki á móti því
að leyfið verði veitt, en tilskilur (~~[illegible]~~) að skurður
sé gerður umhverfis lóðina svo að öðrum húsum
stafi ekki hætta af logandi olíum ef eldsvoða beri
að höndum.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Á fundinum varaði Ólaf Friðriksson sem er staddur. ~~samþykkir Þórð Sveinsson~~

Fleira ekki gert. Fundi slitið.

Sig. Jónsson. Pétur Halldórsson
Þórður Sveinsson. Pjetur Ingimundarson

Ár 1921 hinn 5. október hélt brunamálanefndin fund á skrifstofu borgarstjóra.

1. Lagt fram erindi frá varðmönnum slökkvistöðvarinnar um vaktaskifti á stöðinni.
S/5 Borgarstjóra falið í samráði við slökkviliðsstjórann að semja frumvarp að reglugerð um vaktaskifti á varðstöðinni og leggja fyrir næsta fund nefndarinnar.

2. Eftir allanga umræðu um framkvæmd á skoðun eldfæra á þessu ári, var ráðgert ~~að~~ samkvæmt tillögum slökkviliðsstjóra að ~~bæta~~ fækka eftirlitsmönnunum ~~við~~ (~~mannafla við framkvæmdina~~) til þess
S/8 að draga úr kostnaðinum.

Slökkviliðsstjóri sat fundinn.

Ólafur Friðriksson staddur.

Fleira ekki gert. Fundi slitið.

Sig. Jónsson.
Þórður Sveinsson
Pjetur Ingimundarson
Kristófer Sigurðsson
Pétur Halldórsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Árið 1921 hinn 8. nóvember var haldinn fundur í brunamálanefndinni á skrifstofu borgarstjóra kl. 4 e. m.

1. Gerða tillögur til fjárhagsáætlunar fyrir næsta ár þannig:

| | | |
|---|---|---|
| A. Laun slökkviliðsstjóra, varaslökkviliðsstjóra og varðliðs | Kr. | 32.000.00 |
| B. Laun aðalslökkviliðsins | – | 7.000.00 |
| C. Viðhald slökkviáhalda | – | 5.000.00 |
| D. Fatnaður slökkviliðsins | — | 2.500.00 |
| E. Sóthreinsun og eldfæraeftirlit | – | 19.000.00 |
| F. Ýms gjöld | – | 5.000.00 |

R/7. Nefndin lætur þess getið að hún ætlast til að varðmenn á slökkvistöðinni sem séu 6 að tölu taki að sér opnun og lokun vatnshananna í bænum, og greiði vatnsveitan Kr. 2400,– upp í laun varðliðsins. Ennfremur er gert ráð fyrir að sjúkrabifreiðin greiði Kr. 2000.00 upp í laun varðliðsins.

2. S/5. Borgarstjóri og slökkviliðsstjóri lögðu fyrir nefndina bráðabirgða tillögur um vaktaskifti varðmanna á slökkvistöðinni, og voru þær samþyktar.

3. S/6. Slökkviliðsstjóri tilkynti að borist hefðu fyrirspurnir frá Siglufirði og Vestmannaeyjum um hvort bærinn vildi selja handdælur.

Bærinn á 4 handdælur og telur nefndin

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

óhætt að selja hvor þeirra með því sem þeim fylgir, strigafötum, slöngvvagni og vatnskeri.
Verðið á öllu þessu áætlað 2000–2500 kr. en slökkviliðsstjóranum falið að annast þetta framkvæmdir.

4. Borgarstjóra og slökkviliðsstjóra falið að gera tillögur um breytingar á brunamálareglugerðinni.

L/29.

Ólafur Friðriksson ekki á fundi.

Fleira ekki gert. Fundi slitið.

K. Zimsen.
Þórður Sveinsson.
Pétur Halldórsson
Pjetur Ingimundarson

Ár 1921 21. des. kl. 11 f. h. var haldinn fundur í brunamálanefnd Reykjavíkur á skrifstofu borgarstjóra.

Tekið fyrir málaleitun frá Landsverzluninni um að fá leigða lóð til geymslu á steinolíu á Melunum suðaustur af loftskeytastöðinni, austan Melavegarins.

S/2

Leggur nefndin til að þetta sé veitt þegar, þar eð á þessu liggur, og þetta er aðeins til bráðabirgða, en ekki virðist ástæða til þess að kalla saman bæjarstjórnarfund fyrir þetta eina atriði.

Fleira ekki rætt. Fundi slitið.

K. Zimsen.
Pjetur Ingimundarson
Pétur Halldórsson
Þórður Sveinsson
Ólafur Friðriksson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1922 hinn 19. april kom brunamála-nefndin saman á skrifstofu borgarstjóra kl. 10½ f. h.

Nefndina skipa nú auk borgarstjóra og slökkviliðsstjóra bæjarfulltrúarnir Pétur Magnússon, Þórður Sveinsson og Pétur Halldórsson.

Skrifari nefndarinnar kosinn Pétur Magnússon.

1. Lagðar fram umsóknir frá Jónatan Þorsteinssyni og P. Þ. J. Gunnarssyni kaupmönnum um að mega koma fyrir í bænum bensíngeymum neðanjarðar, með tækjum til að afgreiða bensín til bifreiða.

S/2. Telur nefndin ~~það~~ æskilegt að bensínsölu í bænum verði komið fyrir á þennan hátt og mælir með að bæjarstjórnin veiti hin umbeðnu leyfi, en feli veganefnd að ákveða það í samráði við umsækjendur hvar tækjunum skuli komið fyrir, enda sé allur umbúnaður og frágangur undir umsjón slökkviliðsstjóra.

2. Lagt fram bréf landlæknis G. Björnson þar sem hann krefst af bænum skaðabóta fyrir spjöll á linoleumsdúkum og gólfum er urðu við brunann á húsi hans

S/7 28. mars. Telur nefndin málið bæjarstjórn og bæjarsjóði óviðkomandi og felur borgarstjóra að tilkynna landlækninum það.

Fleira ekki gjört. Fundi slitið.

K. Zimsen. Pjetur Ingimundarson. Þórður Sveinsson
Pétur Halldórsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1922 hinn 5. september var fundur haldinn í brunamálanefndinni á skrifstofu borgarstjóra.

1. Lögð fram umsókn frá Landsverslun um að mega geyma steinolíu milli Ingólfsstrætis og Kalkofnsvegar á lóð hafnarinnar. Brunaliðsstjóra falið að rannsaka málið, í samráði við hafnarstjóra.

H/13

2. Lesið bréf slökkviliðsmanns Hjörleifs Þórðarsonar þar sem hann mælist til þess að fá endurgoldinn af bæjarsjóði legukostnað að upphæð Kr. 367.20, en hann hafði „kvefast mjög illa" við brunann á Amtmannsstíg 28 mars þ.á. og lagst í rúmið 5 dögum síðar með lungnabólgu. Nefndin samþykkti í einu hljóði að synja ekki beiðninni.

S/5

Fleira var ekki gert. Fundi slitið

Þórður Sveinsson K. Zimsen

Pétur Magnússon

Pétur Ingimundarson

Pétur Halldórsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1922 föstudaginn 29. sept. var haldinn fundur í brunamálanefnd á skrifstofu borgarstjóra.

B/302 1. Lagt fram erindi húsameistara ríkisins um leyfi til breytinga á húsinu Nýborg, en byggingarnefnd sendi erindið til umsagnar. Nefndin vill veita leyfið með því skilyrði að mjög eldfimir efni séu geymd í eldtraustu rúmi.

Fleira ekki gert. Fundi slitið.

Sig. Jónsson Pétur Halldórsson
Þórður Bjarnason. Pétur Magnússon Pétur Ingimundarson

Ár 1922 föstudaginn 27. okt. var fundur í brunamálanefndinni á skrifstofu borgarstjóra.

1. Erindi frá hf. „Hreinn" þar sem óskað er leyfis til að mega setja

S/9 upp gufuketil með litlum þrýstingi í húsinu Skjaldborg við Lindargötu, en hlutafélagið hefir þar iðn-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

rekstur, og gerir sapsu og Kveti.

Leggur nefndin til að heimildin sé veitt, enda taki hlutafélagið eftirliti slökkviliðsstjóra um fyrirkomulag.

2. Nefndin hefir kynt sér, að tími sá sem ákveðinn er til skoðunar á
2/28. eldfærum og reykháfum er atriði í reglugerð um skipun slökkviliðs og brunamála, en ekki ákveðinn með lögum.

3. Slökkviliðsstjóri skýrði frá að hann hafi átt tal við rafmagnsstjóra um á hvern hátt mundi heppilegast að leiðbeina fólki til að finna brunaboðana.
1/6. Var helst talað um að setja mislitan ljóshjálm á næstu ljósker við hvern brunaboða, með númeri þess húss þar sem brunaboðinn er. Slökkviliðsstjóra falið að athuga kostnað við þessa ráðstöfun, en málinu frestað.

Fleira ekki gert. Fundi slitið.

Ag. Jósefsson

Þórður Sveinsson

Pétur Halldórsson

Pétur Magnússon

Pétur Ingimundarson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1922 miðvikudaginn 21. nóvember hélt brunamálanefndin fund á skrifstofu borgarstjóra.

1. Gerðar tillögur til fjárhagsáætlunar fyrir næsta ár þannig:

| | |
|---|---|
| A. Laun slökkviliðsstjóra, varaslökkviliðsstjóra og varðliðs | 30.000.– |
| B. Laun aðalslökkviliðsins | 9.000.– |
| C. Viðhald slökkvitóla | 3.000.– |
| D. Fatnaður slökkviliðs | 3.000.– |
| E. Sóthreinsun og eldfæraeftirlit | 17.000.– |
| F. Ýmis gjöld | 4.000.– |

R/7 Nefndin ætlast til að fyrir eftirlit með vatnsveitunni verði greiddar 3000 kr. og fyrir hirðing og keyrslu sjúkrabílsins kr. 3000.– og hafa þessar upphæðir verið dregnar frá áætlunarlið A hér að ofan.

Slökkviliðsstjóri leggur til að keypt sé bíldæla með stiga sem áætlað er að muni kosta 45 þús. krónur. Nefndin er því meðmælt að dælan sé fengin svo fljótt sem kostur er, en sér ekki fært að svo stöddu að leggja til að

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

fé verði veitt (~~á næsta ári~~) til þess að kaupa, hefir enda til alþingismanna tillögu slökkviliðsstjóra um sérstakt fyrirkomulag á útvegun slíkrar dælu.

Fleira ekki fyrir tekið. Fundi slitið.

Þórður Sveinsson  Ramsey.  Pétur Ingimundarson

Pétur Halldórsson.

Ár 1923 miðvikudaginn 21. nóvember hélt brunamálanefndin fund á skrifstofu borgarstjóra.

S/2. 1. Beiðni Pauls Smith um að mega gera dynamitskúr í Rauðarárholti.
Nefndin vill ekki leyfa þetta.

S/6. 2. Samþykt að kaupa Ellehammers vatnsdælu til reynslu; áætlað að hún muni kosta um 800 kr. með tilheyrandi áhöldum.

R/7. 3. Samþykt að leggja til að á fjárhagsáætlun fyrir 1924 verði veitt til slökkviliðsins þessar upphæðir:
A. Laun slökkviliðsstjóra, varaslökkviliðsstjóra og varðliðs 28.000.—
B. Laun aðalslökkviliðsins 8.000.—

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

| | | |
|---|---|---|
| C. | Viðhald slökkvitóla | Kr. 2500.- |
| D. | Fatnaður slökkviliðs | - 1800.- |
| E. | Sótthreinsun og eldfæraeftirlit | - 16.000.- |
| F. | Ýms gjöld | - 3.000.- |

Nefndin ætlast til að fyrir eftirlit með vatnsveitunni verði greiddar 3000 Kr., og fyrir hirðingu og keyrslu sjúkrabílsins Kr. 3000.-, og hafa þessar upphæðir verið dregnar frá áætlunarlið A hér að framan.

R 7.

4. Lagt fram erindi Skautafélags Reykjavíkur um skautasvell á Austurvelli. Nefndin vill ekki leyfa að taka vatn úr brunahönunum við Austurvöll í þessu skyni.

O/1.

Fleira ekki gert. Fundi slitið.

K. Zimsen.

Þórður Sveinsson Pétur Magnússon

Pétur Halldórsson Pjetur Ingimundarson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1924, 13. marz kl. 10½ f. h. kom brunamála-
nefnd á fund á skrifstofu borgarstjóra. Í
nefndinni eru nú (kosnir 7. febrúar 1924)
auk borgarstjóra og slökkviliðsstjóra:

Þórður Sveinsson læknir

Pétur Magnússon lögfræðingur

og Ólafur Friðriksson.

1. Tilboð á mótordælu. Borgarstjóri skýrði
frá því að tilboð lægi fyrir á mótordælu
fyrir 22 þús. kr. danskar f.o.b. Khöfn.
Tilboðið frá V. Löwener. Annað tilboð fyr-
irliggur fyrir aðra dælu, sem er lík, en
þó öllu lakari, en sú kostar 27 þús. krónur.
Löwenersdælan gefur frá sér 1000 lítra
á mínútu og er það 3 til 4 sinnum
S/6. meira en kemur úr brunahana í
miðbænum, þegar brunaslanga er
sett á hann. Sömuleiðis gefur þessi
sprauta líkt og ~~[illegible]~~ báðar þær
dælur til samans, sem bærinn á fyrir (600 lítrar
og 480 lítrar). Samkvæmt aftali
við brunabótafélögin á að vera
búið að kaupa sprautu í viðbót
fyrir lok næsta árs. Stærri vélin
sem bærinn á nú, kostar bæinn
(uppsett á bifreið) 18 þús. krónur.
En minni vélin (sem er til að
láta aftan í bifreið) [illegible]

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

bænum í 5 þús. krónum.

Nefndin leggur til við bæjarstjórn, að dælan frá Löwener verði keypt nú þegar.

Eftir upplýsingum frá borgarstjóra, sér hann enga möguleika til þess að hægt sé að borga dæluna, án lántöku.

S/
11. 2. Borgarstjóri upplýsti að samkvæmt útreikningi á brunabótagjöldum miðað við 1. apríl, sé lækkunin fyrir allan bæinn 36,056 kr 02 aurar, en brunabótagjaldið alt verður 157.880 kr 4 aurar. Um á sama tíma lækka iðgjöld af lausafé og húsnæðistökkunum um 12½ % og er áætlað að sú lækkun sé fyrir allan bæinn um 33 þús. krónur. Lækkunin á brunabótagjöldum af húsum nemur 29.6 %, en ekki 31 % eins og búist hafði verið við. Brunabótavirðingarverð allra húseigna bæjarins er nú 49.565.703 krónur.

Fleira ekki rætt.

K. Zimsen.

Þórður Sveinsson  Pétur Magnússon

Ólafur Friðriksson  Pétur Guðmundsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Kl. 10 árd.
Laugardag 12. apríl 1924 var haldinn fundur í brunamálanefnd á skrifstofu borgarstjóra.

1. Borgarstjóri lagði fram tvö tilboð frá Löwener, þar sem hann býður bænum til kaups motorsliza. Verð þeirra er $ 4710 og $ 5240. Brunamálanefndin treystir sér ekki að leggja til að slizurnar verði keyptar, vegna hins háa verðs þeirra.

S/6

2. Rætt var um að slökkviliðsstjóri færi utan til að kynna sér meðferð á motordælu þeirri er í ráði er að bærinn kaupi o. fl. er starf hans snertir, t. d. slizakaup. Engin ákvörðun var þó tekin í þessu.

S/6

Fleira ekki gert. Fundi slitið.

K. Zimsen.

Pétur Ingimundarson    Þórður Sveinsson

Pétur Magnússon

Miðvikudaginn 16. apríl 1924 kl. 4½ e. h. var fundur haldinn í brunamálanefnd á skrifstofu borgarstjóra.

1. Tekið fyrir utanfararmál slökkviliðsstjóra, til þess að læra meðferð hinnar nýju véldælu. Hafði skeyti borist frá seljendunum, að nauðsynlegt væri að hlutaðeigandi maður dveldi vikutíma í Stafa(?) áður en véldælan yrði send, til þess að læra meðferð hennar.

S/6

Nefndin komst að þeirri niðurstöðu að dýrara mundi verða að fá mann upp til Íslands, en að senda slökkviliðsstjóra utan. Utanfararkostnaður áætlaður 1200 kr., en þar sem véldælan kostar hingað komin framundir þrjátíu þúsund íslenzkar krónur, og álitið er að skemmdir geti hæglega orðið á vél-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

dæluni, ef ekki er rétt með bara farið, og geti þar skemdir numið meira en utanfararkostnaðinum, en þarimst auk þess litið stórfjár við að sáldal an sé ekki í lagi, þá leggur meirihluti nefndarinnar til að ~~brunamála~~ slökkviliðsstjóri sé sendur utan, og fari hann með "Gullfoss" á morgun.

2. Eftir tillögum slökkviliðsstjóra var ákveðið að krefjast þess að Mjólkurfélagið, gangi svo frá ketilhúsi félagsins við Lindargötu, að ekki stafi hætta af umbúnaðinum, að dómi slökkviliðsstj.

Fleira ekki rætt. Fundi slitið.

K. Zimsen.

Þórður Sveinsson. Pétur Ingimundarson

Ólafur Friðriksson.

Miðvikudaginn 29. okt. 1924 kl. 10 f. h. var haldinn fundur í brunamálanefnd á skrifstofu borgarstjóra.

Samdar tillögur til fjárhagsáætlunar fyrir næsta ár þannig:

| | | |
|---|---|---|
| A. | Laun slökkviliðsstjóra, varaslökkviliðsstjóra og varaliðs | 36.000 |
| B. | Laun aðalslökkviliðs | 8.000 |
| C. | Viðhald slökkvitólanna | 4.000 |
| D. | Fatnaður slökkviliðs | 2.300 |
| E. | Sótthreinsun og eldfæraeftirlit | 24.000 |
| F. | Ýms gjöld | 3.500 |
| | | 77.800 |

Margt fleira var rætt, þó eigi sé hér getið.

Fundarslit.

K. Zimsen.

Þórður Sveinsson Pétur Magnússon Ólafur Friðriksson

Pétur Ingimundarson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1925 27. júlí var fundur haldinn í brunamálanefnd í skrifstofu borgarstjóra kl. 4 s.d.

S/8

1. Erindi frá Björnsbakaríi, Vallarstræti 4 um leyfi til þess að setja bakaraofn í vesturenda hússins nr. 4 í Vallarstræti. Fylgir uppdráttur erindinu. Nefndin vill leyfa að setja ofninn á tilteknum stað, ef sett er steinsteypugólf yfir allan ofninn, tré numið burt úr suðurvegg hússins þar sem reykgangurinn frá ofninum gengur út um hann og settur múr eða steinsteypa í staðinn, er nái minnst 60 cm. á allar hliðar út frá innri hlið reykgangsins. Ennfremur að sett sé traustur hlemmur úr járni í stað tréhlemmsins yfir hreinsunarop reykgangsins utanvert við húsið.

S/2

2. Rætt um benzingeyma. Slökkviliðsstjóri skýrði frá því að mjög væri ábótavant ýmsu útbúnaði við sumar þeirra; jafnvel umgengni líka ábótavant. Borgarstjóra og ~~brun~~ slökkviliðsstjóra falið að sjá um að þetta lagfærist nú þegar.

P/2.

3. Borgarstjóra falið að fara þess á leit við lögreglustjóra, að hann annist um að haldið sé ákvæðið um að fólk megi ekki hafast við í göngunum í sýningarsölunum í Bíóunum meðan á sýningu stendur.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið.

K. Zimsen.

Þórður Sveinsson
Pétur Ingimundarson
Ólafur Friðriksson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Miðvikudag 28. okt. 1925 var haldinn fundur í brunamálanefnd á skrifstofu borgarstjóra.

S/8

1. Erindi frá varaslökkviliðsstjóra, er kærir yfir að Kristinn Árnason, sótari, vanræki starf sitt, og leggur til að starf hans verði samstundis falið öðrum. Slökkviliðsstjóri, sem mættur var á fundinum, staðfesti umsögn varaslökkviliðsstjóra. Samþykt var að víkja Kristni frá starfanum og Slökkviliðsstjóra falið að ráða annan mann til bráðabirgða.

R/7

2. Lagt til að á fjárhagsáætlun fyrir næsta ár verði ~~verði~~ veittar þessar upphæðir til eldvarna.

| | | |
|---|---|---|
| a. Laun slökkviliðsstjóra, varaslökkviliðsstjóra og varðliðs | Kr. | 36000.- |
| b. Laun aðalslökkviliðs | " | 8000.- |
| c. Viðhald slökkvitóla | " | 5000.- |
| d. Fatnaður ~~slökkvi~~ varðliðs | " | 2300.- |
| e. Sóthreinsun og eldfæraeftirlit | " | 23000.- |
| f. Ýmis gjöld | " | 4000.- |
| Samtals | Kr. | 78300.- |

Nefndin ætlaðist til að slökkviliðið fái eins og að undanförnu 6000 kr. fyrir umsjón með vatnsveitunni og akstur á sjúkrabifreið, og er tekið tillit til þess í áætluninni.

Fleira ekki gert. Fundi slitið.

Ólafur Friðriksson  K. Zimsen  Þórður Sveinsson
Pétur Ingimundarson  Pétur Magnússon.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1926 þriðjud. 10. Nóv hélt nefndin fund á skrifstofu borgarstjóra.

Í nefndinni eiga nú sæti auk borgarstjóra og slökkviliðsstjóra, þeir

Pétur Magnússon
Þórður Sveinsson
og Haraldur Guðmundsson

Fyrir tekið:

1. Borgarstjóri tilkynti að á fundi Hafnarnefndar í Maí s.l. hefði verið mættir menn úr Brunamálanefnd og hefði þar fallist á, að umgetinni Hafnarnefnd, að byggja byrgi yfir sprengiefni og þess háttar í Örfirisey. Byrgið er nú komið upp.

D/128

2. Lagt fram bréf frá Rauða Kross Íslands frá 23/3-26, þar sem félagið fer þess á leit, að sjúkrabifreið þess fáist geymd og hennar gætt á slökkviliðsstöð bæjarins. Félagið býðst til að greiða kr. 2000.- á ári fyrir ~~geymslu, og geymslu~~ (þar hefir stöðin ekki efl...) Slökkviliðsstjóri upplýsti að nauðsynlegt yrði að bæta við einum manni á varðstofuna ef af þessu yrði.

J/23

Nefndin leggur til að bæjarstjórnin verði við þessum tilmælum í eitt ár og að einum manni sé bætt á varðstofuna.

3. Samið áætlunarfrumvarp til fjárveitinga til ráðstafana til tryggingar gegn eldsvoða:

R/7

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1. | Laun slökkviliðsstjóra, varðslökkviliðsstjóra og varðliðs | kr. | 33000.- |
| 2. | Leiga aðalslökkvistöðvarhúss | " | 7000.- |
| 3. | Viðhald slökkvitóla | " | 4000.- |
| 4. | Fatnaður varðliðs | " | 2500.- |
| 5. | Sóthreinsun og eldfæraeftirlit | " | 21000.- |
| 6. | Ýmis gjöld | " | 3500.- |
| | Samtals | kr. | 71000.00 |

4. Lagt fram bréf frá slökkviliðsstjóra frá 23/10-26 út af brunanum 16. okt. síðastl. og framkomnar lög-
B/5 reglunnar þá. Var borgarstjóra falið að tilkynna lögreglustjóra efni bréfsins.

5. ~~Slökk~~ Slökkviliðsstjóri upplýsti að gasmælar væru víða þannig staðsettir í húsum, að elds-
B/2 hætta væri að. Var borgarstjóra falið að láta rannsaka þetta og sjá um að það yrði fært í lag.

Fundi slitið

[illegible] K. Zimsen

Pjetur Ingimundarson [illegible]

Ár 1927 10. maí kl. 5 e. m. var fundur haldinn á skrifstofu borgarstjórans.

1. Hafnarnefndin hefir ~~óskað~~ bað álits brunamálanefndar um steinolíugeyma á uppfyllingu á klöppunum fyrir framan Völund. Verður þá steinolíu ætt
A/13 neðanjarðar frá bryggjunni við Battarísgarðinn inn í geym- ~~ana~~ ana. Steinsteypuvegg[a] hlaðinn utan um geymana [illegible]

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Steinolíu geti runnið út þótt
geymir bilaði, en da standa geymar
fyrir neðan götu hæð.
Nefndin sér ekki neitt því til fyrir-
stöðu að leyfið verði veitt.

2. Vegamálastjóri fer þess á leit að hann
megi flytja dýnamít [illegible] sem
þess; hann þurfi að skifti á leyfi
~~[illegible]~~ vegamálastjóri. Nefndin [illegible]
[illegible] við þessari beiðni.
8/1/2 Ennfremur vill vegamálastjóri fá leyfi til
að geyma alt að 35 kíló dínamíti
~~(hverju [illegible])~~ og 300 hvell-
hettur, í áhaldahúsi landsjóðs
við Klapparstíg.
Nefndin vill ekki leyfa að
geymt sé þar meira en 5 kilog dína-
míti og 300 ~~kíló~~ hvellhettum.

3. Slökkviliðsstjóri hefir leitað sér upp-
lýsinga um hvað það muni
5/1/6. kosta að byggja slökkvitóla-
[illegible] og hefir fengið til það

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

um að fá áhöldin tryggð gegn 1%

gjaldi gegn bruna og sprengingu hefði

hingað til hefir tekið ekki verið vátrygg

en slökkviliðsstjóri telur það gott betra

að vátryggja ættilvað af dýrustu tækjum

og mundi árlegur kostnaður verða um

800 kr. — átta hundruð krónur. —

Nefndin leggur til að bæjarstjórn samþykki

þetta.

Fundi slitið.

K. Zimsen.

Þórður Sveinsson Pétur Ingimundarson

Ár 1927, þann 8 nóvember, kl. 10 árdegis var fundur haldinn í brunamálanefndinni, á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gerðist:

1. Gerðar tillögur til fjárhagsáætlunar 1928:

| | | |
|---|---|---|
| 1. | Laun slökkviliðsstjóra, varaslökkviliðsstjóra og varðliðs. — " — " — " — | 33,000 |
| 2 | Laun aðalslökkviliðsins — " — | 7.000 |
| 3. | Viðhald slökkvitóla — " — | 4.000 |
| 4. | Fatnaður varðliðs — " — | 2 500 |
| 5. | Sóthreinsun og eldfæraeftirlit — " — | 20 500 |
| 6. | Ýms gjöld — " — " — " — | 4 000 |
| | Samtals | 71.000 |

2. Brunamálanefndin ákveður, að hvergi megi liggja á almannafæri bensíntunnur, hvorki heldur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

5/2 tómar, eða ~~fullar~~ með bensíni. Ennfremur ákveður nefndin að ekki megi láta bensín úr tunnum í bensingeyma á almannafæri, á tímabilinu frá kl. 10 að morgni til kl. 1 að nóttu. Á fund vantaði Harald Guðmundsson og Pétur Magnússon, sem ekki var í bænum.

Fleira ekki rætt. Fundi slitið.

Þórður Sveinsson Ó. Kinsey.

Pétur Ingimundarson

Ár 1927 hinn 14. des. kl. 5 síðdegis
helt brunamálanefndin fund
á skrifstofu borgarstjóra

1. Lagðar þar tillögur um tryggingarráðstöfun gegn eldshættu á lóð Íslenska steinolíufélagsins við Skúlagötu.
Nefndin félst á tillögurnar en tekur það fram, að þegar vatnsæð kemur
4/13 í Skúlagötu þá skuli setja vatns(leiðslu)(æðina) ~~beint~~ að lóðinni í beint samband við hana.
Ennfremur ætlast nefndin til að hæfilega þéttir brunahanar verði settir í Skólagötu í námunda við lóðina.

Fundi slitið.

Þórður Sveinsson Ó. Kinsey. Pétur Ingimundarson
Pétur Magnússon.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1928 7. nóv var fundur haldinn í Brunamála[nefnd]
á skrifstofu borgarstjóra kl. 5 síðdegis.
Í brunamálanefndinni eru auk borgarstjóra þeir:
Magnús Kjaran, Hjörtur Ólafsson og Þórður
Sveinsson. Þetta gerðist:

I. Gerðar tillögur til fjárhagsáætlunar fyrir árið 1929.

| | | |
|---|---|---|
| 1. | Laun slökkviliðsstjóra, varaslökkviliðsstjóra ~~liðsstjóra~~ og varaliðs | Kr: 34.000.00 |
| 2. | Laun aðalslökkviliðsins . . . . . | 9.000.00 |
| 3. | Viðhald slökkvitóla . . . . . . . | 7.000.00 |
| 4. | Fatnaður slökkviliðsins . . . . . | 3.000.00 |
| 5. | Sóthreinsun og eldfæraeftirlit . . . . | 23.000.00 |
| 6. | Ýmis útgjöld . . . . . . . | 3.000.00 |
| | | 79.000.00 |

II. Lagt fram erindi frá sjóbrunavörðum er biðja um síma á bæjarins kostnað. Erindi sent til fjárhagsnefndar.

III. Brunamálanefnd ákveður að spítalastjórn setti ~~verði~~ nú þegar slökkvislöngur í allagangi á Landakotsspítala, en þar sem að spítalinn ~~byggi~~ hafi jafnan til taks nokkur handslökkvitæki og ekki minni en 4 lausastiga er
5/8 slökkviliðsstjóri samþykki.
~~Ennfrem~~ Brunamála felur slökkviliðsstjóra að krefjast þess, að handslökkvitæki sé jafnan til taks í samkomuhúsum þeim hér; og er byggð eru í bænum;

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

og að útganga úr þeim hérna
sé gerð svo auðveld að hann telji
nægilegt.

Fundi slitið

Guðm. Ásbjörnsson
settur borgarstj.

Þórður Bjarnason  Kjartan Ólafsson.

Pétur Ingimundarson

Ár 1929, hinn 15 nóvember kl. 10 árdegis
var fundur haldinn í brunamálanefndinni
á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gerðist:

1. Gerðar tillögur til fjárhagsáætlunar fyrir árið 1930.

R/7

| | | |
|---|---|---|
| I. | Laun slökkviliðsstjóra varaslökkviliðsst. og varðliðs | 36.000,00 |
| II. | Laun aðalslökkviliðsins | 9.000,00 |
| III. | Viðhald slökkvitóla | 3.000,00 |
| IIII. | Fatnaður varðliðs | 3.000,00 |
| V. | Til kaupa á nýjum slökkvitækjum | 15.000,00 |
| VI. | Sótthreinsun og eldfæraeftirlit | 25.000,00 |
| VII. | Ýms gjöld | 3.000,00 |

Magnús Kjaran var ekki á fundi; var
ekki heima í bænum.

Fundi slitið.

K. Zimsen  Þórður Bjarnason.

Pétur Ingimundarson  Kjartan Ólafsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1930, mánudaginn 3 marz, kl. 5 síðdegis var fundur haldinn í brunamálanefndinni í skrifstofu borgarstjóra.

~~Þetta gerðist~~:

Nefndina skipa nú auk slökkviliðsstjóra, bæjarfulltrúarnir:
Ágúst Jósefsson
Guðmundur Eiríksson
Hermann Jónasson
Pjetur Halldórsson
Þessutan á borgarstjóri sæti í nefndinni.

Þetta gerðist:

1. Formaður var kosinn borgarstjóri og
A/47 skrifari Ágúst Jósefsson.

2. H/f. „Shell" fer fram á, að fá leyfi til að setja neðanjarðargeymi fyrir bensín, á lóðinni nr. 4 við Bakjargötu.
S/2 Brunamálanefnd vill veita leyfið, með því skilyrði, að gengið verði frá geyminum eftir fyrirsögn slökkviliðsstjóra.

Fundi slitið.

K. Zimsen.

Hermann Jónasson Guðm. Eiríksson

Pjetur Ingimundarson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Þriðjudaginn 5. ágúst 1930 var fundur haldinn í brunamálanefndinni á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gerðist:

S/6 1. Slökkviliðsstjóri skýrir frá, að tvær af bifreiðum slökkvistöðvarinnar sjeu orðnar svo úr sjer gengnar, að nauðsyn beri til, að fengnar sjeu nú þegar tvær bifreiðar í þeirra stað.

Nefndin leggur til, að bæjarstjórnin samþykki að kaupa tvær bifreiðar í þessu skyni, og veiti til kaupanna og útbúnaðar alt að kr. 7000.00, til viðbótar því fje, sem veitt er til viðhalds slökkvitóla.

Fundi slitið.

K. Zimsen.

Ágúst Jósefsson

Hermann Jónasson

Pétur Halldórsson

Pjetur Ingimundarson

Gudm. Eiríksson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1930, mánudaginn 17. nóvember hélt brunamálanefndin fund á skrifstofu borgarstjóra.

1. Lagt fram bréf frá H.f. Kveldúlfur og h.f. Völundur út af olíu- og bensíngeymum B.P. við Klöpp. Nefndin leggur áherslu á, að ekki sé leyfð skakkun á olíustöðinni og að helst verði að geyma bensín á þessum stað.

Sk/13

2. Erindi frá H.f. Shell þar sem þess er farið á leit, að leyft sé þegar svo ber undir og nauðsyn krefur, að (fylla) láta bensín á geyma félagsins í bænum utan hins leyfða tíma, í samráði við slökkviliðsstjóra. Nefndin heimilar þetta með sérstöku eftirliti slökkviliðsstjóra og leyfi hans hverju sinni, þegar óhjákvæmilegt þykir.

S/2

3. Borgarstjóri bar fram þessa tillögu:

Til þess að tryggara sé að fullnægjor ákvæðum laga 15. okt. 1875 um brunamál í Reykjavík um bann gegn því að kveikja skotelda og tendra blys o.þ.h. án leyfis lögreglustjórans ákveður brunamálanefndin með heimild í 27. gr. téðra laga, að banna skuli að selja hverskonar skotelda í bænum á tímabilinu frá 1. desember til 31. janúar.

S/2

Meiri hluti nefndarinnar er á móti tillögunni.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

4. Gerða tillögu til fjárhagsáætlunar fyrir árið 1931:

R/7

1. Laun slökkviliðsstjóra, varaslökkviliðsstjóra og varðliðs: 36.500.-
2. Laun aðalslökkviliðs 9.000.-
3. Viðhald slökkvitóla 5.000.-
4. Fatnaður varðliðs 3.000.-
5. Brunavirðingar og eldfæraeftirlit 25.500.-
6. Hiti og ljós á slökkvistöð 2.000.-
7. Ýms gjöld 3.000.-

Þess utan telur nefndin nauðsyn á að veitta fé til kaupa á bíl með björgunarstiga kr. 22.000.-

Á fund vantaði Ágúst Jósefsson og Hermann Jónasson.

Fleira ekki gert. Fundi slitið.

H. Jónsson. Guðm. Eiríksson
Pétur Halldórsson Pétur Ingimundarson

Laugardaginn 16. maí 1931 hjelt brunamálanefndin fund á skrifstofu borgarstjóra.

Nefndina skipa þessir bæjarfulltrúar:
Pjetur Halldórsson,
Hermann Jónasson,
Guðmundur Eiríksson, og
Ágúst Jósefsson.

Borgarstjóri var kosinn formaður nefndarinnar og Ágúst Jósefsson skrifari.

Þetta gerðist á fundinum:

1. Danska frystihúsfjelagið sækir um að mega setja ca. 7000 lítra jarðolíugeymi á lóð frystihússins við Geirsgötu

S/2 Erindinu vísað til slökkviliðsstjóra til athugunar og viðtals við forstjóra fjelagsins.

2. Hjálpræðisfjelag Reykjavíkur sækir um leyfi til að setja upp bensíngeymi á lóðina austanverðt við hús fjelagsins við Hafnarstræti.

S/2 Brunamálanefndin vill fyrir sitt leyti leyfa að bensíngeymir verði settur á lóðina, en felur byggingarnefnd að ákveða hvar á lóðinni geymirinn skuli vera, enda verði gengið frá geyminum á þann hátt, sem slökkviliðsstjóri mælir fyrir.

3. Páll Ólafsson sækir leyfi til að hafa timburgeymslu á lóð frú Kristínar Tómasdóttur við Mýrargötu.

B/250 Nefndin vill fyrir sitt leyti leyfa þetta, en samþykktar byggingarnefndar þarf til girðinga og mannvirkja á lóðinni.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

4. Lagt fram álit (dags. 27. apríl,) 3 manna nefndar, sem hafnarnefnd skipaði til að ~~athuga~~ gjöra tillögur um öryggisráðstafanir gegn eldsvoða í olíugeymslustöð~~inni~~ British Petroleum Co. við Skúlagötu.

H/13

Nefndin telur rjett, að gerðar sjeu þær kröfur um öryggisráðstafanir, sem nefndin leggur til í áliti sínu en tekur það fram, að hún sje sömu skoðunar og áður, um að ekki sje leyft að stækka stöðina frá því sem nú er.

Fundi slitið.

K. Zimsen.

Ágúst Jósefsson

Guðm. Eiríksson

Pjetur Ingimundarson

Pjetur Halldórsson

Hermann Jónasson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Fimtudaginn 6. ágúst 1931 hjelt brunamála-nefndin fund á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gerðist:

1. Lagður fram samningur um leigu á lóð til viðbótar við leigulóð British Petroleum Co. Ltd. við Skúlagötu, og ákvæði um tryggingu gegn eldsvoða á olíustöð sama fjelags á sama stað.

Nefndin gerir ekki kröfu til breytinga á samningnum.

H/13. Nefndarmennirnir Guðmundur Eiríksson og Pjetur Halldórsson halda því fram sem fyr, að þeir sjeu á móti samningi um stækkun lóðarinnar nema með því skilyrði, að bannað verði að geyma bensín á lóðinni.

Á fund vantaði Hermann Jónasson og slökkviliðsstjóra, sem er fjarverandi úr bænum.

Fundi slitið.

K. Zimsen.

Pjetur Halldórsson

Guðm. Eiríksson

Ágúst Jósefsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Mánudaginn 27. júní 1932 hjelt brunamálanefndin fund á skrifstofu borgarstjóra.

Nefndina skipa: þessir bæjarfulltrúar:
Ágúst Jósefsson,
Guðmundur Eiríksson,
Hermann Jónasson,
Pjetur Halldórsson og
Pjetur Ingimundarson, slökkviliðsstjóri

Borgarstjóri var kosinn formaður nefndarinnar og Ágúst Jósefsson ritari.

Þetta gerðist:

1. Lagt fram erindi frá Jóni Sigmundssyni, Vesturgötu 16, um leyfi til að setja kaffibrenslutæki í steinskúr á baklóð hússins nr. 3 við Lindargötu.

8/9 Slökkviliðsstjóri hefir skoðað skúrinn, og leggur til, að þetta verði leyft með því skilyrði, að timbur það, sem skúrinn er klæddur með innan sje tekið burtu og múrsljettað í staðinn.

Nefndin er þessu samþykk, með því skilyrði viðbættu, að tækin verði sett upp undir eftirliti slökkviliðsstjóra.

2. Lagt fram erindi frá versluninni „Silli & Valdi“ um leyfi til þess að setja upp kaffibrenslutæki í timburskúr á baklóð hússins nr. 10 við Aðalstræti.

8/9 Nefndin getur ekki lagt til, að kaffibrensla verði leyfð í þeim skúrum, sem nú eru á lóðinni.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

3. Lagt fram erindi frá Mjólkurfjelagi Reykjavíkur um leyfi til þess að hafa kaffibrenslu á efsta lofti í húsi fjelagsins Hafnarstræti 5.

8/9 Nefndin leggur til, að þetta verði leyft með því skilyrði, að brenslan fari fram þar í húsinu, sem slökkviliðsstjóri ákveður, og að herbergið verði alt múrsljettað innan, og að vjelarnar verði settar upp undir eftirliti slökkviliðsstjóra.

8/9 4. Slökkviliðsstjóri skýrði frá, að hann hefði skoðað húsakynni hinnar nýju kaffibætisgerðar O. Johnson & Kaaber í húsinu nr. 4 við Aðalstræti, og var jafnframt lögð fram umsókn firmans um leyfi til þess að reka þar kaffibætisgerð.

Nefndin samþykkti að veita þetta leyfi, með því skilyrði, að slökkviliðsstjóri samþykki allan umbúnað vjelanna.

8/8 5. Nefndin felur slökkviliðsstjóra að láta nú þegar fara fram skoðun á eldfærum og reykháfum í Skildinganesi.

Fundi slitið.

K. Zimsen.

Ágúst Jósefsson.

Pétur Halldórsson.

Pjetur Ingimundarson.

Guðm. Eiríksson.

Ár 1933, mánudaginn 14 ágúst kl. 2 e. h. voru settur borgarstjóri Garðar Þorsteinsson og slökkviliðsstjóri Pétur Ingimundarson staddir á skrifstofu borgarstjórans og voru þá í þeirra viðurvist og umboðsmanna útlendra firma er gjört höfðu tilboð um bifreið með björgunarstiga, opnuð tilboð þau er hingað höfðu borist fyrir 10 ágúst.

1. Tilboð frá Simonis Ltd. London, £ 1575:0:0 fob London.
2. Merryweather & Sons, Ltd. London, 2600:0:0. Cif. Rvík.
3. Meisner-Jensen, Kbh. Kr. 11.470. + Montering c 9-1200 Kr. + dala Kr. 3100.
4. Magirus, A/G. - Ulm-Donau., Rm. 20.875
5. Fried.-Krupp A/G., Essen, Rm. 24.810 fob Hamburg.
6. Allmänna Brandredskapsaffären, Stockholm, S.Kr. 21500 cif Rvík.
7. Daimler-Benz A/G. Gaggenau, Baden, Rm 21.480. + dala Rm. 2.760. ópakkað.
8. Meyer-Hagen, - Hagen, Rm 11.250 + dala 2650, cif Rvík.
9. Leyland Motors, Ltd, Leyland £ 2675:0:0 + dala £ 235:0:0, fob Hull
10. Raftækjaverslun Íslands h.f. Kr. 22.860 fob —
11. Sveinn Egilsson, Rvík, bifreið til. 6810, Kr. í Rvík. stigayfirbygging 15084.00 Kr. + dala Kr 3036, fob Kbh.

f/6

Gísli Halldórsson verkfr. mætti fyrir nr 1, 5, 6, 7, 8.
Guðmundur Þorbjörnsson f. Egils Jónssonar mætti fyrir nr 9.
Gísli [illegible] mætti fyrir nr 10 f. Raftækjaverslun Íslands
Sveinn Egilsson mætti sjálfur.

Tekinn var frestur til mánaðarmóta til að ákveða hvaða tilboði yrði tekið

Þannig farið fram
[illegible]
Pétur Ingimundarson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1933, mánudaginn 25. september hjelt brunamálanefndin fund í skrifstofu borgarstjóra. — Nefndina skipa sömu menn ~~[illegible]~~ og síðastliðið ár.

Borgarstjóri var kosinn formaður nefndarinnar og Ágúst Jósefsson skrifari

Þá var tekið fyrir:

1. Tilboð um útvegun á bifreið með björgunarstiga. Var lagt fram álit þeirra bæjarverkfræðings, brunamálastjóra, slökkviliðsstjóra og vara-slökkviliðsstjóra, dags. 11. sept. þ. á., sem höfðu athugað hin framkomnu tilboð, og telja að tilboð frá hr. Meisner Jensen, Kaupmannahöfn, sem hr. bifreiðasali Páll Stefánsson er umboðsmaður fyrir, sje að öllu athuguðu aðgengilegasta tilboðið, hvað verð og gæði snertir.

B/6

Samkvæmt þessu samþykkti nefndin að taka tilboði Páls Stefánssonar um 157" Fordson-bifreið með tvöföldum afturhjólum fyrir kr. 4525.00, í sambandi við tilboð Meisner Jensen um 20 metra Magirus stálstiga fyrir Rmk. 11470.- auk flutningsgjalds, sem firmað setur í samband við bifreiðina gegn áætlaðri aukaborgun sem áætluð er 900-1200 krónur.

Ennfremur var samþykkt að kaupa dælu til þess að setja á þessa bifreið, eftir nánari ákvörðun síðar af borgarstjóra í samráði við slökkviliðsstjóra.

Fundi slitið.

Guðm. Eiríksson Jón Þorláksson Ágúst Jósefsson

Pjetur Ingimundarson

Óskar Halldórsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1933, mánudaginn 14 ágúst kl. 2 e. h. voru settur borgarstjóri [illegible] og slökkviliðsstjóri Pétur Ingimundarson staddir á skrifstofu borgarstjórans og voru þá [illegible]

…n

…5

…uist.

…udóri.

…Rvík.

…kr. 3100.

…ung.

…00 c.f. Rvík.

…sala

…ath. V.a.

…Rvík.

…, fob Rvík.

…ull.

…vkl.

…8.

Gísli Halldórsson [illegible]

Guðfinnur Þorbjörnsson f. Geirs Jónssonar mætti fyrir nr 9.

Gísli Friðriksen mætti fyrir nr 10 f. Raftækjaverslun Íslands.

Sveinn Egilsson mætti sjálfur.

Tilboðin var frestað til mánaðamóta til að ákveða hvaða tilboði yrði tekið

Þannig fórið fram

[illegible]

Pétur Ingimundarson

þ/6

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1933, mánudaginn 25. september, hjelt brunamálanefndin fund á skrifstofu borgarstjóra. – Nefndina skipa sömu menn ~~[illegible]~~ og síðastliðið ár.

Borgarstjóri var kosinn formaður ... [illegible]

| 31/12 - 1932 | | 31/12 - 1950 | |
|---|---|---|---|
| 1 Prellmótor | | | |
| 1 gasgríma | 1610.- | Reykgrímur | 2500.- |
| 6 reykgrímur | | | |
| 2 asbestföt | | | |
| 2 á 75 m. slöngur | Kr. 7955.- | 300 slöngur | Kr. 10000.- |
| 3 dælubílar | | 4 dælubílar | |
| 1 vjeldæla | | 7 slökkvidælur | |
| 1 handdæla | | | |
| 2 sjálfheldustigar | | 1 stigabifreið | |
| 2 slönguvagnar | | | |
| Öll áhöld og tæki | Kr. 99451.00 | Öll áhöld og tæki | Kr. 225000.00 |

... dælu til þess að setja á þessa bifreið, eftir nánari ákvörðun síðar af borgarstjóra í samráði við slökkviliðsstjóra.

Fundi slitið.

Guðm. Eiríksson  [signature]  Pjetur Ingimundarson  Ólafur Halldórsson  [signature]

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1934, þriðjudaginn 10. april, kl. 11 f. h., hélt launamálanefndin fund á skrifstofu borgarstjóra. Nefndina skipa:

Sigurður Jónsson bæjarfulltrúi
Guðm. Eiríksson "
Jóhanna Egilsdóttir "
Guðm. R. Oddsson "

Borgarstjóri var kosinn formaður nefndarinnar, Sigurður Jónsson ritari og Guðm. R. Oddsson vararitari.

Þá var tekið fyrir:

1. Erindi frá ~~launamálas~~ slökkviliðs stjóra d. s. 31 mars um að bætt verði við einum manni á slökkvistöðina.

Samþ. Tillag Slökkviliðsstjóra í bréfi frá 31 mars um að bæta við einum manni í slökkviliðs stöðina, með 2000.00 tvö þúsund króna byrjunarlaunum auk dýrtíðaruppbótar, enda náist samningar við Rauðakross-félagið um starfrækslu sjúkrabifreiða félagsins.

6/9.

Fleira ekki gert. Fundi slitið.

Sig. Jónsson
Pétur Ingimundarson
Guðm. Eiríksson
Jóhanna Egilsdóttir

[illegible] settur
Guðm Oddsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1934, mánudaginn 30. apríl, kl. 2 síðdegis, hélt brunamálanefndin fund á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gerðist:

Lagt fram bréf frá herra Páli Stefánssyni þar sem hann tilkynnir, að nú sé lokið uppsetningu á brunabílnum, sem bærinn kaupir af honum, og búið sé að prófa bæði bílinn, stigann og dæluna. Er þess óskað að maður sá, sem ætlast er til að taki á móti bílnum og fái nauðsynlegar upplýsingar og leiðbeiningar um notkun hans, komi hið fyrsta til Kaupmannahafnar í þessum tilgangi.

Nefndin samþykkir að fela slökkviliðsstjóra að fara út með Gullfossi 9. maí til að veita bílnum móttöku.

Fleira ekki gert.
Fundi slitið.

Guðm. Ásbjörnsson
settur borgarstjóri

Pjetur Ingimundarson
Gudm. Eiríksson
Gudm. Oddsson
Jóhanna Egilsdóttir

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1935 þriðjud. 13 ágúst var haldinn fundur í brunamálanefd á skrifstofu borgarstjóra kl. 5 s.d.

Nefndina skipa sömu bæjarfulltrúar og síðastliðið ár.

Borgarstjóri var kosinn formaður nefndarinnar ritari Sigurður Jónsson og varaformaður Guðmundur Oddsson.

Lagðar voru fram 95 umsóknir um þær 2 brunavarðarstöður sem auglýstar hafa verið, ásamt bréfi slökkviliðsstjóra d.s. 1 júlí þ.á.

6/9.

Samþykkt var að óska þess að slökkviliðsstjóri tilnefni fleiri menn af umsækjendunum sem komið geta til mála, enn þeir er hann hefir þegar mælt með.

Lagt fram bréf frá bæjarstjóranum í Hafnarfyrði, þar sem þess er farið á leit að umsjónarmaður slökkviliðsins í Hafnarfirði Eilendur Halldórsson verði tekinn sem starfsmaður við slökkvistöðina í ~~Hafnarf~~ hjér um 1 mánuð og frestað verði ráðningu annars þess manns sem auglýst hefir verið eftir um

6/9.

tafir langann tíma.

Brunamálanefndinn vill ekki fresta ráðningu hjá ~~slökkvi~~ brunavarða þessa vegna, en heimilar að maður þessi fái að dvelja um mánaðartíma á slökkvi-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

stöðinni í Reykjavík til að kynna sjer starfshætti þar.

Slökkviliðsstjóri færði í tal að sjúkrabifreið bæjarins væri ekki nothæf síðan

7/23.a á síðast liðnu hausti og hefði hann á sínum tíma tilkynnt það bæjarráði taldi hann ástæðu til að tekin yrði ákvörðun í þessu máli sem fyrst.

Fleira ekki gert
Fundi slitið

Sig. Finns

Pjetur Ingimundarson

Guðm. Eiríksson

Pjetur Halldórsson

Jóhanna Egilsdóttir

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Árið 1936 mánudaginn 17. febrúar kl. 5. e.m. hjelt brunamálanefnd fund á skrifstofu borgarstjóra.

Nefndina skipa nú auk borgarstjóra og slökkviliðsstjóra þessi bæjarfulltrúar samkv. kosningu á síðasta bæjarstjórnarfundi; Guðm. Eiríksson, Jóhann Ólafsson, Guðrún Jónasson, Jóhanna Egilsdóttir og Guðm. R. Oddsson.

Borgarstjóri er formaður nefndarinnar samkv. lögum og ritari var kosinn Guðm. Eiríksson.

1. Tekið fyrir að veita tvær brunavarðastöður við slökkvistöðina sem auglýstar hafa verið.

2/3. Samþykkt var að veita stöðurnar frá 1. mars næstkomandi að telja þessum Kjartani Pjeturssyni Þórsgötu 27 og Axel Grímssyni Bragagötu 35.

Fleira ekki gert, fundi slitið.

Jóh. Ólafsson Pétur Halldórsson
Jóhanna Egilsdóttir Guðrún Jónasson
Guðm. Oddsson
P. Ingimundarson Guðm. Eiríksson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Árið 1936 laugardaginn 9. maí kl. 11 fm hjelt brunamálanefnd fund á skrifstofu borgarstjóra.

1. Lagt fram brjef frá H/f Eimskipafjelagi Íslands um undanþágu frá að hafa sjerstakan brunavörð á staðnum þegar umskipun fer fram á hráolíu (sólarolíu) í tunnum.
8/2. Nefndin vill veita þessa undanþágu, en áskilur sjer rjett til ákveða hve margar tunnur megi liggja á einum stað, ef tilefni gefst til.

2. Lagt fram brjef frá Arnljóti Jónssyni Leifsgötu 8, ~~[illegible]~~ þar sem hann óskar samþykkis brunamálanefndar til þess að gera megi útbúnað í útihúsi á lóðinni nr. 9. við Ingólfsstræti, til þess með nýrri
8/2 aðferð og áður óþekktri hjer á landi að reykja fisk.
Nefndin vill ekki fallast á að reykhús verði sett á þessum stað.

3. Lagt fram brjef frá varaslökkviliðsstjóra um sóthreinsun og sótara í bænum, og leggur hann til að sóturum sje fjölgað upp í 6
ád/5. og bænum skipt að nýju.
Nefndin mælir með því að sóturum sje fjölgað.

Fleira ekki gert, fundi slitið.

Pjetur Halldórsson
Jóhanna Egilsdóttir
Guðm. Oddsson

Pjetur Ingimundarson
Guðm. Eiríksson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1936, miðvikudaginn 23. septbr. kl. 5 e.h. hjelt brunamálanefndin fund í skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gerðist:

1. Lagt fram brjef frá h/f. Olíuverslun Íslands þar sem farið er fram á að afgreiða megi hráolíu úr slöngum í skip og báta án þess brunavörður sje við til eftirlits. Eftir að hafa fengið umsögn slökkviliðsstjóra og hafnarstjóra um beiðni þessa getur nefndin ekki orðið við henni. 8/2

2. Lagt fram brjef frá Paul Smith, þar sem hann beiðist þess að mega geyma alt að 5 kg. af sprengiefni í þar til gerðum glerskáp í skrifstofu sinni. Synjað. 8/2

3. Að gefnu tilefni felur nefndin slökkviliðsstjóra að ganga ríkt eftir því að sprengiefni verði flutt í land úr skipunum, sem flytja það hingað til bæjarins, þegar er skipin koma í höfn. 8/2

Fleira gerðist ekki.
Fundi slitið.

Pjetur Ingimundarson
Guðrún Jónasson
Jóhanna Egilsdóttir
Pjetur Ingimundarson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1936, föstudaginn 23. október kl. 10 f.h. hélt brunamálanefndin fund á skrifstofu borgarstjóra.

1. Út af ósk húsameistara ríkisins um að mega nota þakpappa af sérstakri gerð utan laga á þaki atvinnudeildar Háskólans, en sýnishorn af pappa þessum lá fyrir á fundinum, ályktar brunamálanefnd að lýsa því, að hún telur ekki að pappategund þessi sé eldtrygt efni samkv. 22. gr. byggingarsamþyktarinnar.

2. Lagt fram bréf frá Olíuverslun Íslands dags. 7. þ.m. Nefndin samþykkir að ekki þurfi brunavörður að vera viðstaddur þegar „bunkers“-olía er afgreidd í „legi“ eða erlend hr-skip, enda sé viðstaddur vörður af skipunum sjálfum.

Fleira ekki gert. Fundi slitið.

Guðm. Eiríksson — Pétur Halldórsson
Guðni Ólafsson — Guðm. Jónasson
Pjetur Ingimundarson — Jóhanna Egilsdóttir

Ár 1938, mánudaginn 14. maí kl. 6 e.h. hjelt byggingarnefndin fund í skrifstofu borgarstjóra. Nefndina skipa nú, auk borgarstjóra og slökkviliðsstjóra, bæjarfulltrúarnir Guðmundur Eiríksson, Guðrún Jónasson, Helgi H. Eiríksson, Jón A. Pjetursson og Stefán Jóh. Stefánsson.

Þetta gerðist á fundinum:

1. Lagt fram erindi Jóhanns Eyjólfssonar dags. 12. þ.m. þar sem farið er fram á að nefndin leyfi að setja reykingarofn í skúr á baklóð hússins nr. 18 við Hafnarstræti. Nefndin vill ekki verða við erindinu.

2. Nefndin samþykkir ráðstöfun borgarstjóra og slökkviliðsstjóra að leyfa Hinu ísl. steinolíuhlutafjelagi að setja tvær benzínpumpur á lóðinni Hafnarstræti 23 í sambandi við breytingar á húsaskipun á lóðinni á síðastl. ári. Samtímis var tekin burtu benzíngeymir og pumpa fjelagsins við Kalkofnsveg.

Fleira gerðist ekki.

Fundi slitið.

Guðrún Jónasson  Stefán Jóh. St.[?] Jónsson[?]  Gudm. Eiríksson

Pjetur Ingimundarson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1940, ~~þ~~ laugardaginn 19. okt., kl. 11½ árdegis, hélt brunamálanefndin fund í skrifstofu bæjarráðs.

Þetta gerðist:

1. Lagt fram erindi olíufélaganna í bænum, dags. 8. þ.m., þar sem þess er óskað, að afnumdar verði hömlur þær, er verið hafa á afgreiðslu á benzíni til smásölu benzíngeymanna í Reykjavík, ásamt umsögn slökkviliðsstjóra um erindið.
Nefndin ákveður, að eftirleiðis skuli þessar reglur gilda um áfyllingu geymanna:
a. Áfylling geymanna frá bílunum fari fram eins og áður er ákveðið frá kl. 1 eftir miðnætti til kl. 10 árdegis.
b. Áfylling frá bifreiðum verði leyfð frá kl. 12 á miðnætti til kl. 11½ árdegis og frá kl. 2 til kl. $5^{30}$ síðdegis.
2. Rætt um aukningu á slökkvitækjum í bænum vegna hernaðarástandsins. Slökkviliðsstjóra falin rannsókn málsins.
3. ~~Slökkvil Fa~~ Slökkviliðsstjóri skýrði frá því, að hann hefði þegar í maímánuði gert ráðstafanir til að auka slökkviliðið með sjálfboðaliðum og

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

komið upp stöðvum á 4 stöðum
í bænum þar sem geymd eru
slökkvitæki, ef á þarf að halda.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið

Bjarni Benediktsson

Soffía Ingvarsd.

Guðrún Zoëga Eiríksson

Pjetur Ingimundarson

Guðrún Jónasson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1942, þriðjudaginn 22. des., kl. 11 f. h., hélt brunamálanefndin fund í skrifstofu bæjarráðs.

Þetta gerðist:

Lagt var fram bréf slökkviliðsstjóra, dags. 12. des. varðandi fjögurra varðmanna í slökkvistöðinni, ásamt álitsgjörð nefndar þeirrar, er annast endurskoðun brunareglugerðarinnar, um fjölgunina.

6/9 Nefndin samþykkir að leggja til við bæjarstjórn, að varðmönnunum verði fjölgað upp í 21 og þeir látnir vinna í þrískiptum vöktum í slökkvistöðinni.

Fleira ekki gert. – Fundi slitið.

Bjarni Benediktsson

Guðm. Ásbjörnsson · Þ. Ingimundarson

Stp. Guðmundsson · Gunnar Thoroddsen

Helgi H. Eiríksson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1943, fimmtudaginn 21. jan., kl. 11 3/4 f. h., hélt brunamálanefndin fund í skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gjörðist:

20/1. Samþ. að auglýsa nokkrar brunavarðastöður lausar til umsóknar með viku umsóknarfresti.

Fleira ekki gert. – Fundi slitið.

Bjarni Benediktsson

Helgi Hermann Eiríksson. Stp. Guðmundsson.

Guðrún Jónasson

Pjetur Ingimundarson Gunnar Thoroddsen.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1943, þriðjudaginn 23. febr., kl. 5 síðdegis, hélt brunamálanefndin fund í skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gerðist:

Lagðar voru fram 184 umsóknir um brunavarðastöður samkv. auglýsingum nefndarinnar. Rætt var um umsóknirnar en ákvörðun um stöðuveitingar var frestað.

4/4

Fleira ekki gert. – Fundi slitið.

Bjarni Benediktsson
Stp. Guðmundsson
Helgi H. Eiríksson
Jón Axel Pétursson
Guðrún Jónasson
Pétur Ingimundarson

Ár 1943, laugardaginn 27. febr. kl. 4 1/2 síðdegis, hélt brunamálanefndin fund í skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gerðist:

Rætt var um umsækendur um brunavarðastöður. – Ákveðið var að fá til viðtals á næsta fund nokkra umsækendur, er nefndarmenn ~~og st~~ telja líklega til starfsins.

6/9.

Fleira ekki gert. – Fundi slitið.

Bjarni Benediktsson

P. Ingimundarson

Stp. Guðmundsson.

Gunnar Thoroddsen

Guðrún Jónasson

Jón Axel Pétursson

Helgi H. Eiríksson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1943, laugardaginn 6. marz, kl. 2 síðdegis, hélt brunamálanefndin fund í skrifstofu bæjarráðs.

Þetta gerðist:

Nefndin hafði boðað á sinn fund 55 umsækjendur um brunavarðastöður. 50 þeirra komu og veitti nefndin þeim viðtal, en engin ákvörðun var tekin.

Fleira ekki gert. – Fundi slitið.

Bjarni Benediktsson

Guðm. Ásgeirsson(?) Ágúst(?) Guðmundsson.

Helgi Hermann Eiríksson   Pétur Ingimundarson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1943, laugardaginn 13. mars kl. 5 e.h. hjelt ~~bæjarráðið fun~~ brunamálanefndin fund í fundarstofu bæjarráðs, Austurstr. 16.

Þetta gerðist:

Samþykkt að setja eftirtalda menn sem slökkviliðsmenn frá 20. þ.m.:

Finnur Richter, Ásvallag. 39,
Guðmundur Karlsson, Bergstaðastr. 19,
Jóhann Hannesson, Lokastíg 9,
Kristinn Ólason, Hringbr. 52,
Leó Sveinsson, Laugarnesv. 77,
Óskar Ólafsson, Tryggötu 30,
Sigurbjörn Maríusson, Sólvallag. 60,
Sigurgeir Benediktsson, Skeggjag. 12,
Svavar Sigurðsson, Hverfisg. 53,
Sveinn K.H. Ólafsson, Hringbr. 50.

Setning er því skilyrði bundin, að læknisskoðun leiði í ljós, að þessir umsækjendur séu fyllilega heilbrigðir.
Ennfremur er það til skilið, að þeir sæki nauðsynleg námsskeið og taki bifreiðastjórapróf, eftir fyrirsögn slökkviliðsstjóra.

Fleira gerðist ekki. – Fundi slitið.

Bjarni Benediktsson

Guðrún Jónasson　Gunnar Thoroddsen

Pétur Ingimundarson　[illegible] Guðmundsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1943, laugardaginn 8. maí, kl. 11½ árdegis, hélt brunamálanefndin fund í fundarstofu bæjarráðs, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

1. Samþ. að skipa Loft Erlendsson, *Laugav. 66* er starfað hefir á Slökkvistöðinni síðan 8. júlí 1942, slökkviliðsmann frá 1. þ.m.
2. Samþ. að heimila borgarstjóra að ráða Sigurþór Þórðarson *Tung. 32* til starfa í slökkviliðið.

Fleira ekki gert. – Fundi slitið.

Bjarni Benediktsson

Guðrún Jónasson  Gunnar Thoroddsen

Helgi H Eiríksson  Pjetur Ingimundarson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1944, föstudaginn 18. ág. kl. 10½, kom brunamálanefndin á fund í skrifstofu borgarstjóra. Þetta gerðist:

Borgarstjóri skýrði frá því, að slökkviliðsstjóri hefði verið veikur um nokkurt skeið, og að útlit væri til, að hann myndi ekki geta gengt starfi sínu um nokkurn tíma enn þá. Væri

13. því óhjákvæmilegt að setja einhvern í bili, annaðhvort sem slökkviliðsstjóra eða vara-slökkviliðsstjóra, og lagði til að síðari leiðin yrði farin. Einnig og benda væri erfitt að finna mann, sem hægt væri að setja sem slökkviliðsstjóra.

Eftir nokkrar umræður var samþykkt að setja Karl Bjarnason varðstjóra sem vara-slökkviliðsstjóra fyrst um sinn.

Fleira gerðist ekki. Fundi slitið.

Bjarni Benediktsson

Guðmundur Ásbjörnsson

Jón Axel Pétursson — Gunnar Thoroddsen

Stfr. Guðmundsson. — Helgi H. Eiríksson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1944, þriðjudaginn 31. okt., kl. 5 síðdegis, hélt brunamálanefndin fund í skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gjörðist:

1. Samþ. að þessir menn skuli skipaðir brunaverðir frá 1. júní 1944:
Finnur Richter, Guðmundur Karlsson, Jóhann Hannesson, Kristinn Ólafsson, Sigurbjörn Maríusson, Sigurgeir Benediktsson, Svavar Sigurðsson, Sveinn Ólafsson, Sigurþór Þórðarson, Leó Sveinsson og Óskar Ólafsson.

6/9

2. Lagt fram bréf Kjartans Péturssonar brunavarðar þar sem hann fer fram á frí frá störfum og styrk til utanfarar. — Samþ. að veita honum frí frá störfum í 6 mánuði með fullum launum.

6/9

Fleira ekki gert. — Fundi slitið.

Bjarni Benediktsson

Helgi H. Eiríksson Guðrún Jónasson

Stþ. Guðmundsson. Hart Bjarnason

Jón Axel Pétursson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1944, laugardaginn 9. des., kl. 5 síðdegis, hélt brunamálanefndin fund í skrifstofu borgarstjóra.

Áður en gengið var til dagskrár bað borgarstjóri nefndarmenn að rísa úr sætum til heiðurs minningu hins látna slökkviliðsstjóra, Péturs Ingimundarsonar, og var það gert.

Þetta gerðist:

1. Nefndin leggur til við bæjarstjórn, að núverandi settur varaslökkviliðsstjóri, Karl Bjarnason, verði skipaður í það starf frá 1. þ. m.

16/9

2. Nefndin leggur til við bæjarstjórn, að starf slökkviliðsstjóra verði auglýst laust með umsóknarfresti til 1. febr. 1945.

16/9 3.

Fleira ekki gert. – Fundi slitið.

Bjarni Benediktsson

Helgi Hermann Eiríksson  Stp. Guðmundsson.

Jón Axel Pétursson  Guðmundur Ásbjörnsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1945, þriðjudaginn 9. jan., kl. 11 1/2 f.h., hélt brunamálanefndin fund í skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gerðist:

1. Lagðar voru fram skýrslur vara-slökkviliðs-stjóra um hvatningar slökkviliðsins árið 1944, eldsvoða og tjón af þeim o.fl. 8/1.

2. Samþ. að ráða Ottó Jónasson til bráða-birgða í brunavarðarstarf. 6/9.

Fleira ekki gert. – Fundi slitið.

Bjarni Benediktsson

Helgi H. Eiríksson

Jón Axel Pétursson

Guðrún Jónasson

Hart Bjarnason

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

88 auðar blaðsíður

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

BORG

AÐFT.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Lesbók Morgunblaðsins

8. tölublað. Sunnudagur 26. febrúar 1950. XXV. árgangur.


*Guðm. Karlsson brunavörður:*

## Bruninn mikli 1915

LAUGARDAGINN 24. apríl 1915 voru gefin saman í hjónaband jungfrú Jósefína Zoëga og Mr. Hobbs fiskkaupmaður. Helgi Zoëga hjelt brúðkaupsveislu dóttur sinnar og fór hún fram að Hótel Reykjavík, en það var timburhús, tvær hæðir og ris og stóð þar sem nú er versl. Júlíusar Björnssonar og Skóversl. Stefáns Gunnarssonar við Austurstræti. Eigandi hótelsins var Margrjet Zoëga, systir Helga.



Hótel Reykjavík að brenna. Yst til vinstri sjest á Herdísarhúsið.

Segist Helga svo frá, að kl. um tvö hafi veislugestir flestir farið, en brúðhjónin kl. um hálf þrjú um nóttina. — Klukkan lauslega þrjú voru þau að fara, Helgi og fólk hans, voru um það bil að kveðja Margrjeti. Annað fólk statt í húsinu, voru tvö börn Einars Benediktssonar, en hann var tengdasonur Margrjetar, Guðjón Jónsson dyravörður, nú kaupm., Englendingur nokkur er þar bjó og nokkrar þjónustustúlkur. Runólfur Stefánsson, vinnumaður hjá frú Margrjeti var genginn til náða á herbergi sínu er var á kvisti hússins.

Í Ingólfshvoli, sem enn stendur á horni Pósthússtrætis og Hafnarstrætis, bjó ásamt konu sinni, Eggert Briem bóndi frá Viðey. Hjá honum voru gestir þetta kvöld, Guðjón Sigurðsson úrsmiður, Ólafur Björnsson ritstj. og Hannes Hafstein þá bankastj. — Kl. tæplega þrjú fóru gestirnir og fylgdu þau hjónin gestunum heim á leið eða suður að apótekinu, en það var þá á horni Thorvaldsensstrætis og Kirkjustrætis. Kvöddu þau þar gestina og sneru heim á leið. Varð Eggert þá litið á Hótel Reykjavík, en það blasti nú við þeim hjónum handan við Austurvöll. Sá hann þá eldbjarma í glugga á annari hæð. Hljóp Eggert þegar af stað sem fætur toguðu og kallaði um leið: „Eldur! Eldur!“. Heyrðu til

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

hans tveir menn, er voru á gangi þar skamt frá, en annar þeirra mun hafa verið Þórður Geirsson, þá næturvörður. Brugðu þeir þegar við og gerðu slökkviliðinu aðvart með svo kölluðum „brunakallara“ eða það sem nú er nefnt brunaboði.

Eggert hljóp nú áfram að hótelinu og inn í veislusalinn á fyrstu hæð, en þar var fólkið statt, sem fyr segir frá. Kallaði hann upp að kviknað væri í húsinu, en ekkert þeirra virtist trúa því. Hljóp Eggert áfram upp stigann og upp á loftið. Kom fólkið á eftir honum þrátt fyrir vantrú sína.

Margrjet opnaði nú hurðina að herbergi sínu, er var nr. 29 og sást þar ekkert athugavert. Reyndi hún því næst dyrnar að nr. 28, en tókst ekki að opna þær, sem ekki var von, því þær voru læstar. Kom nú Guðjón Jónsson, sneri lyklinum í skránni og opnaði dyrnar. Var herbergið þá alelda að innan, þó mest að ofan, eftir því, sem þeim segist frá. Var myrkur niðri við gólfið og gátu þau sjer þess öll til að þar hefði safnast saman reykur og gas.

Eldurinn magnaðist nú strax er hurðin var opnuð og ætlaði Guðjón því að skella henni aftur, en tókst ekki. Virðist hún því hafa verið skilin eftir opin. Margrjet ætlaði nú inn í herbergi sitt til að ná í einhverja muni, er hún hugðist bjarga, en Guðjón varnaði henni þess og þaut fólkið nú út á götu, enda mátti ekki seinna vera, því nú kváðu við sprengingar, hver eftir aðra og varð húsið alelda á einu augabragði. Vinnustúlkur komust þó út úr kjallaranum um glugga. Guðjón braust einnig inn í kjallarann til að loka fyrir gasið, en húsið var lýst með gasljósum.

Eggert hljóp nú að þinghúsinu og braut brunaboða, og var það annað kallið, er kom fram á slökkvistöðinni. Þórður Geirsson hafði þegar gert aðvart. — Áfram hljóp Eggert og niður að slökkvistöð í Tjarnargötunni. Þar var Gísli Halldórsson varðmaður ásamt öðrum manni. Voru þeir þegar komnir út með slönguvagn og á leið að eldstað. Eggert tók nú við vagninum og fór með hann ásamt Kolbeini Þorsteinssyni, trjesmíðameistara, er var í slökkviliðinu, en Gísli fór að vekja slökkviliðsstjóra og slökkviliðið, en það var gert með hringingu heim til þeirra.

Slökkviliðsstjóri var þá Guðmundur Olsen, kaupmaður, en vara slökkviliðsstjóri Pjetur Ingimundarson, síðar slökkviliðsstjóri. Sögðu þeir síðar að hringt hefði verið til sín eðlilega snemma, eða um kl. 3.15. Var slökkviliðsstjóri kominn á eldstað um 8 mínútum síðar, að því er hann segir sjálfur frá.

Þess ber að geta, að einhverju örlitlu getur munað um tímaákvörðun í þessu sambandi eins og sjest á eftirfarandi bókun í dagbók slökkvistöðvarinnar frá þeim tíma:

„Ár 1915 hinn 25. apríl kl. 3,18 árdegis, kom fram brunaboð frá 10 á 3. línu og frá 12 á 3. línu og 4 á 1. línu og var eldur í Hótel Reykjavík í fyrstunni og breiddist hann út. Miðbæjarliðið var kvatt til og Austurbæjar- og Vesturbæjarliðið. Miðbæjarmenn mættu seint og voru 3 menn sem komu á stöðina eftir 4 mínútur en hinir komu ekki, en fóru að eldinum. 39 slöngur voru notaðar við eldinn. Slökkviliðsmenn mættu allir nema Jónas H. Jónsson og Kristinn Árnason, sem höfðu gildar ástæður, voru fjarverandi.

26. apríl Rvík 1915. G. Olsen.“

Stutt og laggott.

Í þá daga voru 36 menn í aðalslökkviliðinu. Var þeim skipt niður í þrjár tólf manna sveitir, Vesturbæjar, Miðbæjar og Austurbæjarlið. Þessir menn höfðu bjöllur heima hjá sjer og voru hringdir út er eld bar að höndum. Auk þessa voru allir verkfærir menn í bænum skyldir til að mæta á eldstað og gengu þá menn um bæinn (brunakallarar) með lúður einn mikinn og framleiddu með honum ámátlegt hljóð. „Brandlúður“ þessi var borinn á brjósti og snúið þar handfangi.

Tæki stöðvarinnar voru frekar fábreytt. Þrjár handslökkvidælur, þrír björgunarstigar, einn sjálfheldustigi og átta slönguvagnar. Þótti það víst nóg fyrir ekki stærri bæ en Reykjavík. Þrem árum áður hafði Ágúst Flygenring í Hafnarfirði útvegað vjeldælu frá Svíþjóð, en umboðsmaður var kapteinn Carl Trolle (Trolle & Rothe). Dæla þessi var á fjórum hjólum, sem óalgengt var þá og dældi um 480 lítrum á mínútu hverri. Þáverandi borgarstjóri, Páll Einarsson, taldi dæluna of stórvirka fyrir Reykjavík og vildi ekki kaupa. Var og álitið að ekki þyrfti dælur eftir að vatnsveitan kom 1912. Þessi dæla var síðan geymd hjer, og síðasta árið í vörslu slökkviliðsins. Til gamans má geta þess, að nú mundi jafn afkastalítil dæla sem þessi ekki þykja nothæf við slökkvistarf. Sæmileg slökkvidæla nú á dögum dælir um tveim tonnum vatns á mínútu. — Þessi umdeilda dæla var nú tekin traustataki um kl. fjögur um nóttina og stjórnaði henni hr. Jessen frá Stýrimannaskólanum. Er það álit margra að dælan hafi átt sinn stóra þátt í að takast skyldi að stöðva útbreiðslu eldsins þar sem raun varð á.

Slökkviliðsstjóra mun hafa fundist að menn mættu ekki nægjanlega fljótt og vel, því hann bað nú menn að fara til brunakallaranna, en þeir voru Magnús Guðmundsson á Bergsstöðum í Austurbænum og Bjarni Pjetursson, blikksmiður í Vesturbænum. Annar þeirra manna, er um þetta voru beðnir var Þórður Geirsson og fór

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur



Úr Hafnarstræti. Edinborg og hús Gunnars Gunnarssonar að brenna. — Til vinstri sjer á hús O. Johnson & Kaaber.

hann til Bjarna og vakti hann. Um hinn veit enginn til þessa dags, en víst er það að Magnús var ekki vakinn og vissi hann ekkert um brunann fyr en hann vaknaði á venjulegum tíma um morguninn.

Bjarni tók nú með sjer aðstoðarmann frá verkstæði sínu og fóru þeir með brandlúðurinn vestur um allan bæ og bljesu til skiptis. Hafði Bjarni verið brunakallari í mörg ár og ávalt farið sömu leið um Vesturbæinn. Gerði hann svo í þetta skifti. Kom hann síðan að máli við slökkviliðsstjóra er bað hann um að fara einnig í Austurbæinn. Gekk hann þá eitthvað upp Laugaveg og niður Hverfisgötu. Hjer er sagt frá þessu vegna þess að raddir komu upp um það að láðst hefði að blása í brunalúðrana, en það mun ekki vera rjett, eins og á þessu sjest.

Slökkviliðsmenn drifu nú að úr öllum áttum og heldu þeir til húsa þeirra, er geymdu slökkvitækin. Voru þau síðan dregin og borin í Miðbæinn og komið fyrir þar sem best þótti.

Var síðan farið að tengja slöngur við vatnshana bæarins, en nokkrir þeirra reyndust með öllu ónothæfir vegna þess að farist hafði fyrir að tæma þá vatni, hafði síðan frosið í þeim og þeir sprungið. Reynt hafði verið að sprengja þá verstu, en það virtist lítil bót. Tveir vatnshananna, sem nota átti, láku svo mikið að þeir reyndust ónothæfir, en sá þriðji datt alveg í tvent. Var sá á horni Bankastrætis og Lækjargötu. Voru þrátt fyrir þetta tengd ar slöngur við eina 10—20 vatnshana, en þrýstingurinn reyndist með öllu ónógur, sem vonlegt var, enda tóku slöngurnar nú brátt að leka hver um aðra þvera. Var nú lokað fyrir vatnsrennslið í Vesturbæinn og nokkuð af Austurbænum, en alt kom fyrir ekki. Hefur vatnsskorturinn lengi verið þyrnir í augum slökkviliðsins í Reykjavík og er það enn.

Nú er að víkja að eldinum.

Hótel Reykjavík varð strax alelda og var ekki viðlit að bjarga þaðan út dauðu nje lifandi. Kom brátt í ljós að vinnumaður Margrjetar, Runólfur Stefánsson, hafði ekki komist út og brann hann inni.

Hægur vindur var af suð-suðvestri og skýað loft.

Breiddist eldurinn brátt í húsið nr. 14 við Austurstræti, á suðvesturhorni Pósthússtrætis og Austur-



Í Pósthússtræti. Reykháfur Hótel Reykjavíkur, Landsbankinn og Edinborg að brenna.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

strætis. Hús þetta var þrílyft timburhús, nýbyggt og eign Th. Thorsteinssonar kaupmanns. Brann það niður á skömmum tíma og bjargaðist lítið sem ekkert þaðan út. Handan Pósthússtrætis var þá verslunarhús „Godthaab“. Náði eldurinn því og brann það til grunna. Ógerningur var að komast að eldinum Austurstrætismegin, því eldhafið lagði yfir götuna og hitinn óbærilegur. Barst eldurinn því bráðlega í húsin norðan Austurstrætis, Landsbankann á horninu og næsta hús þar vestur af, en þar voru til húsa Nathan & Olsen og Egill Jacobsen og þar vestar kjötbúð Gunnars Gunnarssonar. Þá brann svokallað Herdísarhús er var næst Hótel Reykjavík að vestan, eða þar sem verslunarhús Ragnars Blöndal er nú. Var eldurinn stöðvaður í Austurstræti að sunnan við nr. 8 (Ísafold), en þar var sund á milli húsa og svokallaður „brandgafl“. Var segl breitt þar á og dælt stöðugt vatni. Norðan Austurstrætis var eldurinn stöðvaður við hús Ólafs Sveinssonar nr. 7, þar sem nú er Búnaðarbankinn.

Enn breiddist eldurinn út til Hafnarstrætis, og í Edinborgarhúsin tvö og hús Gunnars Gunnarssonar. Á horni Pósthússtrætis var nýlegt hús, Ingólfshvoll, er enn stendur. Þar kviknaði í þaki og brann mikið af efstu hæð, en var þá slökt. Voru þá 10 hús brunnin niður í grunn og það ellefta, Ingólfshvoll, stórskemt. Útveggir Landsbankans stóðu að vísu enn, enda voru þeir úr steini. Um tíma kviknaði og oft í hinu nýja Pósthúsi, en þar tókst að slökkva áður en verulegar skemdir yrðu.

Eldhafið var ægilegt á að líta og geta menn gert sjer í hugarlund af myndum þeim, sem til eru af bruna þessum, hversu geysilegur eldurinn hefur verið, enda sást hann greinilega til Keflavíkur og Hafnarfjarðar, enda boðin hjálp þaðan, en kom of seint. Þá komu og skip af hafi til hjálpar. Var það enskt kaupskip, vopnað, og dró það fána í hálfa stöng til samúðarmerkis. — Hitt skipið var eftirlitsskipið Geir og lánaði það vjeldælu, litla, til notkunar við slökkvistarfið.

Öll áhersla var nú lögð á að stöðva útbreiðslu eldsins frá því, sem orðið var, því auðsjeð var að ekki þýddi að reyna að slökkva í húsum þeim, er þegar brunnu. — Kom jafnvel til mála að sprengja upp og rífa hús þau, er þóttu í mestri hættu. Var þó horfið frá því ráði, enda tókst nú að halda eldinum í skefjum.

Eitt af húsum þeim, er reynt var að ráði til að slökkva í, var Ingólfshvoll. Var það nýlegt steinhús, bygt 1903 og átti það Guðjón Sigurðsson úrsmiður, faðir Gunnars skipamiðlara í Reykjavík. Kviknað var í efstu hæð og þótti reynandi að koma slöngum upp á þakið og freista að slökkva í því. Var þá reistur stigi upp við húsið, en hann reyndist of stuttur. Var Guðjón staddur við húsið og áhugasamur um að tækist að bjarga húsinu, sem vonlegt var. Matthías Þórðarson, þjóðminjavörður var og staddur þarna. Segist honum svo frá að Guðjón hafi talið að nauðsynlegt væri að koma slöngu upp á þakið og eina leiðin til þess væri að fara upp á þak í gegnum húsið. Ætlaði hann þá strax að láta til skarar skríða og leggja af stað. Matthías þóttist vita að lífshætta væri hverjum manni að reyna slíkt og helt því í Guðjón, og hugðist varna honum að fara. Hafði Guðjón þá rifið sig af honum og sagt sem svo að hann rjeði líklegast sjálfur hvað hann tæki sjer fyrir hendur í sínu eigin húsi. Hljóp hann síðan inn í brennandi húsið. Segir í einu af dagblöðum bæjarins frá þeim tíma að Geir Sigurðsson, skipstjóri, hafi hlaupið á eftir honum, en orðið að hverfa frá við efstu hæð vegna elds og reyks.

Guðjón fórst þarna í eldinum og þótti það mannskaði mikill. Mun hann hafa kafnað og fannst lík hans við kvistglugga á þakhæð, lítið eða ekkert brunnið, er tekist hafði að slökkva í húsinu. Guðjón var vel efnaður maður og mælti hann svo fyrir í erfðaskrá sinni að mestur hluti eigna sinna skyldi renna í sjóð til eflingar tónlistarlífi í bænum. Hefur honum að vonum þótt það nokkuð fábreytt í höfuðstað landsins.

Eldurinn dvínaði nú hvað af hverju, enda tókst að hefta útbreiðslu hans við það er orðið var og segir G. Olsen síðar að það hafi verið sannkallað kraftaverk. Logaði þó í rústunum í marga daga á eftir. Rask mikið komst á bæarlífið við bruna þennan, enda var þetta aðal verslunarhverfi bæarins. Íbúðir voru ekki margar í þessum húsum, aðeins í Hótel Reykjavík og Ingólfshvoli, að jeg held, og var það bót í böli, því húsnæðisleysið var, einnig þá, mikið í bænum.

Skaðinn, sem vátryggingarfjelögin urðu fyrir var síðar áætlaður ¾—1 miljón króna, sem þá var mikið fje, en flest af því er brann virðist hafa verið vátryggt að undanskildu Hótel Reykjavík og innbúi þar. Einnig eitthvað af vörum hjá Gunnari Gunnarssyni. Fyrirtæki þau, sem í húsum þessum voru, urðu skiljanlega fyrir miklu tjóni þótt vátrygt væri, en þó var töluverðu bjargað úr húsunum, sem síðast brunnu og einhverju af skjölum úr skápum, sem áttu að vera eldtraustir, en reyndust misjafnlega.

Samúðarskeyti barst frá konungi til ráðherra á þessa leið: „Jeg bið yður að votta djúpa samúð mína út af hinu alvarlega slysi, er hent hefur Reykjavíkurbæ. — Chr. R.“

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur






**Edinborgarhúsin, að ofan húsið í Austurstræti (en þar voru Egill Jacobsen og Nathan & Olsen). Að neðan húsin í Hafnarstræti, lengst til vinstri sjest Ingólfshvoll.**

Um upptök þessa mikla eldsvoða er fátt vitað. Herbergið, er eldurinn kom upp í hafði verið læst alt kvöldið og lykillinn staðið í að utan. Þjónustustúlka, Valgerður Guðmundsdóttir, 26 ára, frá Hjeðinshöfða, hafði geymt hatt sinn og kápu í herberginu og ber öllum vitnum saman um að enginn annar umgangur hafi þar verið um kvöldið. Hagaði svo til, að ljós var ekkert í herberginu, en gaspípan stóð ber niður úr miðju loftinu. Gasljós var á ganginum fyrir utan, gegnt dyrunum, er lýsti inn í herbergið ef hurðin var opin.

Segir Valgerður svo frá að um kl. 3 um nóttina, rjett áður en eldsins varð vart, hafi hún farið inn í herbergið og náð í hatt sinn og kápu. Hafi hún einkis óvenjulegs orðið vör. Ljós, eða eld var hún ekki með, en ljet ljósið í ganginum lýsa sjer. Aðrar upplýsingar um upptök eldsins komu ekki fram í rjettinum þá, aðrar en ágiskanir. — Er stúlka þessi nú dáin fyrir nokkru.

Tilgáta ein, er mjer virðist nokkuð sennileg, kom frá Ólafi Theodór Guðmundssyni, trjesmið og slökkviliðsmanni, en hann var yfirsmiður við byggingu hússins og síðan eftirlitsmaður um viðgerðir og var hann því allra manna kunnugastur fyrirkomulagi þess. Gat hann sjer þess til að reykháfur hússins hafi sprungið veturinn áður, en þá gengu jarðskjálftar í Reykjavík. Dag þennan var brúðkaupsveisla í húsinu, sem fyr getur, og eldavjelin því verið rauðkynt mikið af deginum. Hafi þá komist eldur í trjespæni á milli lofta og verið þar að búa um sig í nokkurn tíma, þar til hann loks braust út. Um sprengingar þær er um getur hjer að framan og menn heldu að væri frá ljósagasi, þykist jeg mega segja að hafi orðið af öðrum ástæðum. Ólíklegt er að ljósagas hafi getað orsakað slíka sprengingu, því að annaðhvort hefur logað á gasljósum, eða þau verið lokuð og slíkt gas því alls ekki getað safnast saman á svo skömmum tíma. Gas hefur þó verið orsök þessa, en það gas hefur aðrar orsakir. Því er þannig háttað að er eldur brennur innilokaður nokkra stund, kemur að því, að súrefnisskortur verður við eldinn og er bruninn því ófullkominn, sem kallað er, og myndast þá gastegund, sem kolsýrlingur heitir. Þegar svo loft kemst að gasi þessu og nægjanlegur hiti er fyrir hendi, verður sprenging, ekki óaþekk þeim, er lýst er þarna. Þetta hefur komið fyrir við þó nokkra bruna hjer í bæ og þá ekki verið öðru til að dreifa. Erfitt er að koma í veg fyrir slíkar sprengingar við bráða húsbruna en tilraunir í þá átt eru oftast eitt af fyrstu verkum slökkviliðsins.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

*Stefán Filippusson:*

# EINN AF GÖMLU ÖLDINNI

MIG langar til að segja nokkuð frá merkilegum manni, sem jeg kyntist á uppvaxtarárum mínum.

Þorsteinn ríki var hann altaf kallaður og var Skaftfellingur. — Talinn var hann sonur Ásgríms á Heiðarseli á Síðu, en almannarómur sagði hann son Erasmusar á Botnum í Meðallandi og kipti Þorsteini frekar í það kyn. Hann var vel á sig kominn, stiltur og orðvar og hið mesta prúðmenni í allri framgöngu, þótt eigi klæddist hann viðhafnarklæðum. Aldrei var hann við kvenmann kendur og alla ævi í vinnumensku, nema ár og ár þegar hann þóttist þurfa að vera lausari við til þess að geta ráðstafað eignum sínum, því að víða stóð fje hans fótum.

Menn munu nú spyrja hvernig óbreyttur vinnumaður hafi farið að því að safna auði, hvort hann hafi erft mikið?

Nei, Þorsteinn erfði ekki neitt. Fram að 10 ára aldri var hann að einhverju leyti á sveitinni, og átti þá víst ekki sjö dagana sæla fremur en aðrir hreppsómagar. En upp úr því rjeðist hann smaladrengur hjá Þórarni á Seljalandi í Fljótshverfi. Kom hann til Þórarins slyppur og snauður, eins og nærri má geta. En þá þegar um vorið gaf Þórarinn honum lamb, gráa gimbur, sem varð grundvöllurinn að auði Þorsteins.

Nú segir næst frá því er Þórarinn bjóst að fara kaupstaðarferðina næsta sumar. Þá átti Þorsteinn reifið af henni Gránu sinni og nokkuð af upptíningi. Bað hann Þórarinn að versla með þetta fyrir sig. Þórarinn spurði hvað hann ætti að kaupa fyrir ullina, hvort hann vildi ekki helst fá sykur og brauð. Nei, ekki vildi Þorsteinn það, hann vildi fá munntóbak. Þórarinn ljet það eftir honum og færði honum rulluna. Ekki veit jeg hvað það hefur verið mikið, varla meira en eitt pund. En það hafði glaðnað yfir Þorsteini er hann tók við tóbakinu og stakk hann því niður í rúmið sitt til fóta. Þarna geymdi hann það þangað til næsta vor. Þá fóru karlarnir í kring að verða tóbakslitlir. Vissu þeir að Þorsteinn lumaði á þessu og komu nú til hans og báðu hann blessaðan að selja sjer, þótt ekki væri nema svo sem stuttspönn. Þorsteinn brytjaði tóbakið smátt, en seldi dýrt. Hagnaðist hann svo vel á þessu að hann gat keypt sjer kind. Helt hann svo áfram uppteknum hætti að kaupa tóbak fyrir ullina sína og selja aftur Smám saman jókst fjáreign hans og ullin varð svo mikil að ekki þýddi að kaupa tóbak eingöngu fyrir hana. Sá hann þá að kaffi og sykur gat líka verið góð eign í vorharðindum. Þannig braskaði hann og jók stöðugt fjáreign sína.

Þegar er hann hafði aldur og þroska til, rjeðist hann í vinnumensku. Vildu allir hafa hann fyrir vinnumann, því að hann var duglegur, húsbóndahollur og trúr. — Hann setti það jafnan upp að fá að hafa fje á kaupi sínu. Þótti honum það betra en peningar, því að peninga var þá ekki hægt að ávaxta. Þegar hann eignaðist nú fleira fje en hann gat haft á kaupi sínu, kom hann lömbum fyrir í fóður og borgaði með þeim, eða þá að hann ljet lamb með lambi.

Sauðfjáreign hans jókst með ári hverju. Fór hann þá að kaupa hesta og kýr, ýmist af mönnum, sem voru í basli, eða þá á uppboðum. Leigði hann svo fje og gripi þeim er byrjuðu búskap eða áttu fáar skepnur. Var þá svo komið, að hann átti fje undir mönnum um alla Skaftafellssýslu og alt út undir Eyafjöll. Hann var um hríð vinnumaður hjá sjera Bjarna Einarssyni frá Hrífunesi. Var prestur oft í kröggum og leitaði þá til Þorsteins um lán. Var svo komið að Þor-

---

Sennilegt er að stöðva hefði mátt bruna þennan fyr en raun varð á ef slökkvilið bæarins hefði verið betur skipulagt og hefði haft öðrum og betri tækjum á að skipa og má í því sambandi minna á Hótel Íslands brunann. Voru skilyrði til slökkvistarfs við þann bruna að öllu leyti mikið verri, en í þetta skifti, en þó tókst að verja öll nærliggjandi hús. Álit mitt er þó, að slíkur bruni sem þessi, sje ekki með öllu óhugsanlegur enn þann dag í dag í hinum eldri hverfum bæarins, en þar mætti margt gera til úrbóta með litlum tilkostnaði, ef rjett væri á haldið.

Læt jeg svo útrætt um atburð þennan, en hann mun mesti bruni er á Íslandi hefur orðið til þessa dags. Vil jeg að lokum geta þess að heimildir mínar eru að mestu rjettarskýrslur frá þeim tíma og dagblöð bæarins að nokkru leyti.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

steinn var orðinn smeikur um að hann mundi ekki fá sitt hjá presti. En hann vissi að sjera Bjarni átti jörð í Lundarreykjadal í Borgarfjarðarsýslu, og fekk prest til að selja sjer hana og borgaði þá í peningum það sem upp á vantaði að skuldin hrykki fyrir jörðinni.

Aldrei hafði Þorsteinn lært að draga til stafs nje reikna og varð hann því að leggja öll viðskifti sín á minnið og reikna í huganum með eigin aðferð. Hann hafði þó í fórum sínum mikið af blaðasneplum, sem hann setti á einhver merki, er enginn gat botnað í nema hann sjálfur. Það var bókhald hans og hefur það sennilega dugað honum ásamt stálminni. Aldrei heyrðist þess getið að honum skjöplaðist í skuldheimtu, nje að neinn ágreiningur yrði út af því fje, sem hann átti á leigustöðum.

Einu sinni kom það fyrir að ull hækkaði skyndilega í verði, komst upp í kr. 1,25 pundið að mig minnir. Urðu menn því sárfegnir. En ekki stóð það nema árið. Næsta ár fell ullin aftur í verði. Það sárnaði Þorsteini og vildi hann ekki leggja sína ull í kaupstað, taldi víst að verðið mundi hækka aftur. Á þessu gekk í tvö eða þrjú ár. Þorsteinn safnaði ull sinni og fekk hana geymda á kirkjulofti. Svo hækkaði ullarverðið lítils háttar aftur og þá ætlaði Þorsteinn að selja alla sína ull. En annað hvort hefur ullin verið óþvegin eða illa þur þegar hann kom henni fyrir til geymslu, því að þegar til átti að taka var mikið af henni fúið og ónýtt.

Einu sinni rjeðist Þorsteinn ráðs-maður hjá ekkju, sem bjó undir Eyafjöllum. Hann var þar ekki nema árið. Þegar hann kom aftur heim í sveit sína var hann spurður hvers vegna hann hefði ekki gifst ekkjunni og sest í bú með henni. Það sagði hann að sjer hefði orðið alt of kostnaðarsamt, það væri dýrt að búa.

Á manndómsárum sínum var Þorsteinn við sjóróðra á vetrarvertíð á Eyrarbakka og reri hjá Guðmundi Ísleifssyni á Háeyri. — Þá var það eitt sinn að hann var að bera grútartunnur á handbörum á móti öðrum manni. Börurnar brotnuðu og tunnan lenti á Þorsteini og fótbraut hann. Brotið greri en haltur varð hann upp frá því og ekki jafn fær til verka og áður.

Einkennilegur var Þorsteinn að sumu leyti og kom það aðallega fram í sparsemi hans og nýtni, sem var svo mikil að hann mátti ekki sjá neitt fara til spillis, þó ekki væri annað en skóvarp, því að það var þó þvengur í því, sem mátti nota. Eina sögu tel jeg rjett að setja hjer til að sýna sparsemi Þorsteins:

Hann var um nokkur ár vinnumaður hjá Jóni Jónssyni á Núpstað, föður Hannesar, sem nú býr þar. Þá hafði hann margt fje á kaupi sínu, enda mátti hann hafa nær ótakmarkað ær og sauði, því að alt fullorðið fje gekk þar sjálfala í fjöllunum. En fjölda fjár átti hann auk þess á leigustöðum eins og áður er sagt. Einu sinni sem oftar var hann sendur í kaupstaðarferð út á Eyrarbakka og var vel út búinn með nesti, brauð, smjör og ost í stórum dalli og ríflegar birgðir af hangikjöti. Þau hjónin Jón og Valgerður fóru líka í kaupstað, en höfðu ekkert nesti með sjer, því að þau ætluðu að gista á bæum. Þau náðu Þorsteini á einhverjum stað, þar sem hann hafði tjaldað. Var Jón þá eitthvað örlítið hýr af víni. Hann þekti vinnumann sinn og vissi hvað hann var sparsamur. Og til þess að hafa gaman að því, segir Jón við hann að koma nú með nestið, því að þau hjónin ætli að fá sjer bita hjá honum. Þorsteinn fór undan í flæmingi og benti þeim á bæi, þar sem þau gæti fengið góðgerðir, og lauk því svo að þau fengu ekkert hjá honum. En þegar heim kom afhenti hann húsmóður sinni nestið nær ósnert, því að sjálfur hafði hann fengið mat á bæum á leiðinni, og var hinn ánægðasti með þetta.

Í þessari ferð kom Þorsteinn víða við hjá skuldunautum sínum að heimta inn leigur, og þegar hann kom á Eyrarbakka var hann með sjóvetling fullan að þumlum af pen-ingum.

Þegar Katla gaus 1918 urðu bænd ur á útigangsjörðum að fækka fje sínu stórum. Kom það niður á Þorsteini sem öðrum og varð hann að fækka fje sínu meira en honum líkaði. En hugurinn var enn við það að láta ekki af sjer ganga. — Sagði hann mjer síðar svo frá er jeg hitti hann á Steinsmýri í Meðallandi 1929, að hann hefði reykt mest af kjötinu og fengið gott verð fyrir.

Þegar Þorsteinn var nær áttræður — það var rjett fyrir seinasta stríð — veiktist hann af krabbameini. Var hann þá fluttur að Breiðabólstað á Síðu og dó þar. En áður en hann skildi við gaf hann af eigum sínum það er nægja mætti til þess að koma upp rafstöð á lækn-isbústaðnum.

Ekki þykir mjer ótrúlegt að Halfdanarheimtur hafi orðið á eigum hans, þar sem enginn stafur var fyrir neinu, en mikið af fjenu á leigustöðum.

Þorsteinn var barn sinnar aldar. Fátækt og munaðarleysi hafði hann fengið í arf. En með hyggindum, forsjálni og starfsvilja tókst honum að hafa sig upp úr fátæktinni og verða vel efnaður. Hann var hinn dagfarsprúðasti maður, aldrei ofsakátur og aldrei afundinn. Aldrei reiddist hann og aldrei hrökk honum blótsyrði. Kom hann sjer því alls staðar vel og átti fáa eða enga öfundarmenn.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

*Ókunnar þjóðir*

# Villimönnum kend kvikfjárrækt

NORÐAN við Ástralíu er næststærsta ey á þessum hnetti, Nýa Guinea. Grænland eitt er stærra, ef hægt er að kalla það ey. Ástralíumenn ráða yfir austurhluta Nýa Guinea, en Hollendingar yfir vestri hlutanum.

Mikið skortir enn á, að hvítir menn hafi farið um alla Nýu Guineu. Þar eru stór landsvæði alveg ókunn og líklega lítt bygð. Með ströndum fram eru frumskógar, fen og forræði, en eftir endilangri eynni liggja tveir fjallgarðar og eru sumir fjallatindarnir 14000 feta háir og þaktir jökli. En skógur nær alt upp í 13000 feta hæð.

Miklar sögur gengu af því að gull mundi finnast í fjöllunum og lögðu því margir æventýramenn leið sína þangað. Flestir biðu bana í frumskógunum, en nokkrir komust aftur til mannabygða og sögðu sínar farir ekki sljettar. Höfðu þeir ekki getað komist í gegn um skógana, en lent í átakanlegum raunum.

Það var fyrst árið 1935 að fjórir ástralskir vísindamenn komust yfir fjöllin og uppgötvuðu að fjallgarðarnir voru tveir og milli þeirra hásljetta eða dalur mikill, 5200 fet yfir sjávarmál. — Nefndist hann Wahgi og var þar mikil bygð frumstæðra manna, er aldrei höfðu hvíta menn sjeð. Heldu þeir að þarna væri komnir forfeður sínir afturgengnir, og ætluðu að vitja heimila og frænda. Þóttust sumir þekkja þá og buðu þá velkomna að setjast að, eða fara til annara þorpa, þar sem þeir ætti nánari frændur.

Íbúarnir þarna voru á steinaldarstigi, en þó voru þeir ekki algerðir villimenn, og ekki mannætur. Þeir fóru vel með konur sínar og börn og ræktuðu nokkuð af jarðarávöxtum. Ennfremur höfðu þeir svín og alifugla. Annars lifðu þeir að nokkru leyti á veiðum.

Allir fullþroska karlmenn voru hermenn og að vopnum höfðu þeir boga og örvar og spjót. Fatnaður þeirra var lendaskýla ofin úr basti, en auk þess báru þeir allskonar skraut, einkum höfðingjarnir. Algengasta skrautið var að stinga sívalri spýtu í gegnum miðsnesið. Heldri menn festu svo skeljar við þennan staut og ljetu lafa niður fyrir munninn, og í skegg sjer bundu þeir ótal skeljar, sem hringluðu og glömruðu þegar þeir gengu, og þótti það afar tilkomumikið og tignarlegt. Skeljarnar höfðu þeir fengið hjá strandbúum, sem komu með þær eins og verslunarvöru, en sjálfir höfðu Wahgi-búar aldrei sjó sjeð. Skeljarnar voru mestu dýrgripir þeirra. Sá, sem átti mest af skeljum, flestar konur og flest svín, var auðugastur og sjálfkjörinn höfðingi. Tignarmerkin voru blaktandi fjaðraskúfar á höfðinu, aðallega úr fjöðrum Paradísarfuglsins. Þeir máluðu sig alla vega eins og títt er um frumstæðar þjóðir.



Hann er orðinn smali og þykir mikil upphefð að.

Nokkrir þjóðflokkar áttu heima þarna á hásljettunni og var sífeldur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

ófriður milli þeirra. En ýmsar drengskaparreglur giltu í ófriði þeirra. Þeir svikust aldrei að óvinum sínum. Venjan var að þeir stefndu hver öðrum til orustu að ákveðinni stundu og á ákveðnum stað. Var svo máske barist allan daginn, en væri orustu ekki lokið áður en dimdi, gerðu þeir hlje á bardaganum og gengu til náða og sváfu, öruggir um það, að fjandmennirnir mundu ekki ráðast á sig óviðbúna. Sá höfðinginn, sem sigraði, gaf hinum sigruðu grið og leyfði þeim að flytja heim með sjer fallna menn og særða.

Það var tæplega samboðið virðingu karlmannanna að vinna neitt. Konurnar urðu að gera alt. Þær urðu að sjá um bú og börn, sá og uppskera, hirða svín og alifugla. Og þegar fjölskyldan ferðaðist, báru konurnar börn sín í bastneti, sem þær brugðu upp yfir höfuðið, en auk þess urðu þær að bera allan



**Höfðingjaefni. Þeir eru með blaktandi skúfa úr fjöðrum Paradísarfugla, en þær fjaðrir væri hægt að selja fyrir of fjár í löndum hvítra manna.**

farangur og voru byrðar þeirra oft alt að 60 pund. En á undan þeim gekk maðurinn laus og liðugur, nema hvað hann bar vopn sín.

Mikill munur er dags og nætur á þessum slóðum. Á daginn er oft steikjandi hiti en nístingskalt um nætur. Ungbörn voru látin liggja í þessum bastpokum og höfðu ekki annað að sjer en bananablöð. Þau þoldu því illa hinar tíðu hitabreytingar. Barnadauði var því mikill, og var lungnabólga algengasti dauðdaginn. Þau börn, sem komust á legg voru látin mjög sjálfráð. Þeim var aldrei bannað neitt og aldrei refsað. Stúlkubörnum var snemma kent að vinna, svo sem að vefa úr basti, gæta yngri systkina sinna og hjálpa mæðrum sínum við matargerð og garðrækt.

Greftrunarsiðir voru með þeim hætti, er nú skal greina:

Þegar höfðingi dó, var lík hans lagt á tágadýnu úti á víðavangi.



**Wahgimenn höfðu svo gaman af kindunum að þeir vildu helst bera þær. Til hægri höfðingi með skeljaskraut um munninn og í skegginu.**

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Bananstöngull var lagður undir höfuðið. Skeljar hans og skraut var lagt við hlið hans. Hendurnar voru krosslagðar á brjóstinu. Síðan settist fólkið í hring umhverfis líkið, konur og börn næst, en karlmenn utar. Og nú hófu allir upp hljóð og kveinstafi til þess að láta í ljós sorg sína. Á þessu gekk langt fram á nótt. Menn úr næstu þorpum komu þá oft til að samhryggjast og færðu syrgjendunum gjafir. Þegar nóg þótti komið af kveinstöfunum, var líkið tekið og sett sitjandi niður í gröf sína. Þá voru allar skeljarnar brotnar og skrautið tætt sundur og þessu kastað niður í gröfina. Síðan var mold mokað á og seinast borið grjót á, svo að svínin tættu ekki upp leiðið. Kona eða konur hins framliðna, sýndu þá söknuð sinn enn betur með því, að þær hjuggu af sjer einn fingur og bundu um sárið með bananablöðum. Því var það, að ein kona, sem hafði fylgt fjórum mönnum sínum til grafar, átti ekki eftir nema þumalfingur á hægri hendi. Eftir þessa sorgarsiði fór svo allur hópurinn til heimilis hins framliðna og þar var slegið upp mikilli veislu.

ÞANNIG var þá þetta fólk, sem áströlsku vísindamennirnir fundu á þessum slóðum.

Skömmu á eftir vísindamönnunum komu svo trúboðar og settust að á Wahgi-sljettunni til þess að kenna þessum frumstæðu mönnum kristni og góða siðu. Það var þó ekki jafn auðvelt og þeir hugðu, því að þarna voru talaðar fjórar mállýskur svo ólíkar öðrum tungumálum og erfiðar viðfangs, að engum hvítum manni hefur enn tekist að læra þær til fullnustu. Hitt bætti úr skrák, að frumbyggjarnir voru fljótir að læra „pidgin"-ensku, og hefur hún orðið að duga til þess að hvítir menn og frumbyggjarnir gæti talast við og gert sig skiljanlega.

Svo kom stríðið. Japanar ruddust inn í Nýu-Guineu með báli og brandi. Flugvjelar þeirra spúðu eitri og aldurnari yfir strandbygðirnar og flugu inn yfir fjöllin. Þá komust Wahgi-búar fyrst í kynni við skotvopn og hvernig „menningarþjóðir" heya styrjaldir. Það var mjög ólíkt því, sem þeir höfðu vanist. En þangað barst þá líka drepsótt með Japönum, og fellu þúsundir manna í valinn áður en Ameríkumenn komust þangað og gátu stöðvað pestina með sulfalyfjum.

VEGNA þess að áður var kunnugt um landslag í Wahgi, sendu bandamenn þangað flugvjelar með lið og hergögn. Flugvjelarnar gátu lent á sljettum grundum og síðan var farið að gera þar flugvelli. — Japanskt herlið komst aldrei svo neinu næmi yfir fjöllin og þess vegna voru ekki miklir bardagar háðir þarna á sljettunni. En þaðan sóttu bandamenn niður til stranda og komu Japönum þar í opna skjöldu.

Svo var það einu sinni að ástralskur liðsforingi, sem Ned Blood heitir, kom til Wahgi. — Honum blöskraði að sjá hinar grasi grónu sljettur þar ónotaðar og honum kom þegar til hugar að þarna mætti hafa mikla kvikfjárrækt, bæði sauðfje og nautgripi.

Þegar stríðinu var lokið fekk hann ástralskan mann, E. J. L. Hallström, í lið við sig til þess að flytja sauðfje til Wahgi og kenna íbúunum sauðfjárrækt. Hann sýndi Hallström fram á að með þessu eina móti væri hægt að bjarga þjóðflokkinum þar frá því, að menningin tortímdi honum, er hún heldi innreið sína í Wahgi. Hann benti á það, að íbúarnir hefði nú ekkert annað en bastþræði til klæðagerðar og þeir yrði að kynda elda allar nætur í kofum sínum til þess að drepast ekki úr kulda. Þeim væri því nauðsyn á hlýum fötum, og þau gæti þeir fengið úr ull. Veiðiskapur væri nú mjög á þrotum, en þeir þyrfti ekki að hugsa um veiðar þegar þeir gæti fengið nóg sauðakjöt. Heilsufar þeirra mundi mikið batna, aðbúnaður allur breytast, og lifnaðarhættir mundu ósjálfrátt taka framförum með kvikfjárræktinni. Jafnframt væri svo hægt að kenna þeim að rækta jörðina og nota til þess nýtísku verkfæri. — Blood sá í anda frumbyggjana þarna, er enn voru að mestu leyti á steinaldarstigi, hlaupa yfir reynslu margra alda og taka upp nýtísku búnaðarhætti. Og það væri þeim besta vörnin gegn því, að hvítir landnemar settust þarna að, sösluðu undir sig landið þeirra og gerðu þá sjálfa að hornrekum og ofurselda tortímingu eins og sumar aðrar frumstæðar þjóðir.

Hallström var þegar hrifinn af hugmyndinni og lagði fram stórfje til að framkvæma hana. Miklir örðugleikar voru þó á því vegna þess að ekki var hægt að flytja fjeð þangað öðru vísi en með flugvjelum, og vissi enginn hvernig sá flutningur mundi ganga, hvort kindurnar þyldu þá meðferð, því að flugleiðin er um 2000 mílur enskar.

Samt sem áður keyptu þeir 1000 fjár af ensku kyni og svo lagði fyrsta flugvjelin á stað með 60 kindur til reynslu. Þær voru allar bundnar og látnar liggja á hryggnum hlið við hlið í flugvjelinni.

Wahgi-mönnum var sagt á hverju þeir mætti eiga von, en kindur höfðu þeir aldrei sjeð og aldrei heyrt nefndar fyr, og gátu því ekki gert sjer neina hugmynd um hvernig þær væru, þótt þeim væri ýtarlega lýst. — Svo kom flugvjelin. Ferðin hafði gengið ágætlega og fjeð hafði ekki látið neitt á sjá af

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

hnjaskinu. En mikill varð fögnuðurinn hjá Wahgi-mönnum þegar þeir sáu kindurnar og fengu að taka á móti þeim úr flugvjelinni. Þeir voru alveg eins og börn og kunnu sjer ekki læti og vildu helst allir klappa kindunum og kjá við þær.

Nú eru þessar 1000 kindur komnar fyrir nokkru til Wahgi og þrífast þar vel. Kostnaðurinn við að koma þeim þangað reyndist 60 dollarar á hverja kind. En það á ekki að selja þær. Fyrst á að kenna Wahgimönnum að fara með þær, halda þeim til beitar og hirða af þeim ullina. Þegar þeir hafa komist upp á það, fá þeir kindur gefins og eiga að koma upp fjárstofni fyrir sjálfa sig.

Grasið, sem vex þarna á hásljettunni, er nokkuð einhæft og stíft. En til þess að gera jarðargróðann fjölbreyttari og betri fyrir fjeð, hefur verið sáð þar smára og alfalfa í stórum stíl, og vona menn að það breiðist út um alt.

Hallström kom til Kerowagi, en svo nefnist trúboðsstöð þar sem aðal flugvöllurinn er, þegar er fjárflutningunum var lokið. Höfðingjarnir tóku á móti honum með kostum og kynjum til þess að þakka honum fyrir veglyndi hans og þeir buðust til þess hver um annan þveran að höggva af sjer fingur í virðingarskyni við hann, eða þá að klippa af sjer eyrun. Það var í þeirra augum hámark kurteisi og þakklætis.

HELLSTRÖM er iðnrekandi og náttúrufræðingur. Hann er m. a. formaður dýragarðsins í Sydney. Nú ætlar hann sjer að koma upp dálítlum dýragarði í Noudugl, einni Wahgi-bygðinni og safna þar saman fásjeðum dýrum og fuglum, sem eru á Nýu Guineu, og selja svo til dýragarða út um heim.

Hann hefur og fleiri gróðavegi á prjónunum. Á þessum slóðum vaxa ýmsar dýrmætar viðartegundir. Hann hefur látið fella trjen og flutt viðinn með flugvjelunum til Ástralíu. Fyrst ljet hann Wahgi-menn höggva viðinn með öxum, en nú hefur hann fengið þeim vjelsagir til þess og komust þeir fljótt upp á að nota þær, og eins ýmis önnur vjelknúin tæki, sem þeim hafa verið fengin í hendur, þar á meðal „traktora“ og aðrar búskaparvjelar, til að rækta landið.

Þegar fram í sækir gerir hann ráð fyrir að þarna verði ræktað kaffi og te og ýmsar fleiri vörur, sem Wahgi-menn geti flutt út og hagnast á.

BLOOD hefur sest að í Nondugl til þess að sjá um fjárræktina. Hafa þeir fjelagar fengið þar 500 ekrur lands til umráða.

Það varð uppi fjöður og fit í þorpinu, er það frjettist að kona Bloods og tvö börn væri væntanleg þangað. Þorpsbúar komu allir í sjálfboðavinnu til þess að byggja hús handa þeim og það gekk bæði fljótt og vel. Engin orð fá lýst hrifningu þeirra þegar þeir sáu yngra barnið, sem var hvítvoðungur. Allir vildu gæla við það og leika sjer að því. Aðra eins „konungs gersemi“ höfðu þeir aldrei sjeð á ævi sinni. Þeir voru einnig mjög hrifnir þegar þeir sáu stóra brúðu. Þeim fanst hún vera ímynd barnsins. En er þeir handljeku brúðuna og hún rendi til augunum, greip þá skelfing og flýði hver sem fætur toguðu. Þeir heldu að illur andi væri kominn í ímynd barnsins.

EINS og fyr er sagt eru Wahgibúar fjölkvænismenn og hefur hvorki kristniboð nje yfirvöld afnáð það. Venjulegast ráða foreldrar giftingum barna sinna, en þó dregur ungt fólk sig saman þar. Skeður það einkum á hinum svo-



Nefjadans.

kölluðu dansleikum þeirra, en þeir eru all einkennilegir í augum hvítra manna. Unga fólkið safnast saman í samkomuhúsi og sest þar í hvirfing, karlmaður og kona saman. Svo er trumba slegin, en fólkið rær eftir hljóðfallinu og nuddar saman nefjum. Þykir það dýrleg skemtun, þótt tilbreytingarlaus sje. Umsjónarkona er þar og sjer hún um það að karlmennirnir skifti um stað í hringnum, svo að þeir sje ekki altaf með sömu stúlkunni. Á þessum samkomum velja menn sjer maka, en það er þó ekki einhlítt. Piltarnir verða að geta greitt það verð, er foreldrar heimta fyrir stúlkurnar. Venjulegt brúðarverð er 4—6 grísir, eða álíka margar fallegar skeljar. Nú má búast við því i framtíðinni að konur verði keyptar fyrir sauðfje. — Brúðguminn fer fyrst með brúði sína heim til foreldra sinna og er hún þar þangað til hann hefur bygt sjer hús.

MIKIÐ hefur breyst í Wahgi síðan hvítir menn komu þangað. Nú berast menn ekki á banaspjót lengur, heldur ríkir friður meðal allra kynkvíslanna. Undir umsjá nýlendustjórnar Ástralíu fara hinir innfæddu höfðingjar með öll völd, eins

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

*Árni Óla:*

# FÖSTUINNGANGUR

**Skemtanalíf Reykvíkinga var fremur fábrotið á öldinni sem leið. Hefur því víða verið lýst, en þó minnist jeg þess ekki að hafa sjeð lýsingu á þeim dagamun, er bæarbúar gerðu sjer í föstuinngang. Það, sem hjer er sagt af því, hef jeg aðallega eftir frásögn Sigurðar Halldórssonar trjesmíðameistara, sem nú er einn af fáum eftir til frásagnar um þennan þátt í skemtanalífi bæarbúa.**

FÖSTUINNGANGUR var um seinustu helgi. Þá má jafnan telja fjórheilagt. Fyrst er sunnudagur, þá bolludagur eða flengingadagur, þá sprengidagur (eða sprengikvöld) og seinast öskudagur. En að þessu sinni bættist góukoman ofan á og bar konudaginn upp á sunnudag.

Margs konar fornir siðir eru bundnir við þessa daga. Hafa þó sumir lagst af, en aðrir breyst mjög. Það er nú til dæmis, að húsfreyjur áttu að fagna Góu á þann hátt að rísa árla úr rekkju, hoppa fáklæddar þrisvar sinnum í kring um bæinn og hafa yfir þennan formála:

Velkomin sjertu, Góa mín,
og gaktu inn í bæinn,
vertu ekki úti í vindinum
vorlangan daginn.

Tildrög þessa siðar er að rekja aftur í heiðni, en nú er hann lagður niður fyrir löngu.

Þá eru og margs konar fornar veðurspár bundnar við þessi tímamót. Ein er þessi: „Grimmur skyldi Góudagur hinn fyrsti, annar og þriðji, þá mun Góa góð verða.“ En ekki var alt fengið með því, eins og segir í vísunni:

Ef hún Góa öll er góð,
öldin má það muna,
þá mun Harpa hennar jóð
herða veðráttuna.

Þá höfðu menn og trú á því hvern-ig viðraði á Pjetursmessu, en nú bar öskudaginn upp á hana. Er sagt, að eftir því sem viðri á Pjetursmessu muni viðra í 40 daga á eftir. En önnur sögn segir, að eftir því sem viðri á öskudaginn, muni viðra 14 eða 18 daga af föstunni, og eru þeir dagar nefndir öskudagsbræður.

Matthíasmessa er 24. febrúar. Ef þá er frostlaust, mun viðra vel á eftir. Aðrir segja að eftir því sem viðrar á Matthíasmessu muni viðra í 14 daga á eftir.

Ef ekki sjer sól á þriðjudaginn í föstuinngangi (sprengidag), þá verður oft heiðríkt á föstunni.

Þessar eru hinar helstu veðurspár, sem fylgja þessum tímamótum.

UPPRUNI tyllidaganna í föstuinngang og þeirra siða, sem þeim fylgja, er ekki af kirkjulegum rótum runninn í öndverðu, þótt margir haldi að svo sje. Upprunans er að leita aftur í grárri forneskju.

Snorri Sturluson segir svo frá, að Óðinn hafi sett þau lög í Svíþjóð, að þar skyldi blóta þrisvar á ári. Blóta skyldi mót vetri til árs, en að miðjum vetri til gróðrar, hið þriðja sinn að sumri, það var sigurblót. Þá þektust ekki aðrar árstíðir en vetur og sumar. Miðsvetrarblótið fór því fram upp úr jafndægrum á vori, þegar dagurinn fór að verða lengri en nóttin. Þá var hinu vaknandi lífi fagnað og blótað til gróðrar og frjósemi. Með kristninni voru blótin afnumin, en margir siðir í sambandi við þau heldust og fluttust miðsvetrarblóts siðirnir yfir á föstuinnganginn. Eru nú eflaust gleymdir margir þessir siðir, en um suma vita menn enn. Sá var einn siður við miðsvetrarblótið að taka kvist af völdum viði sem hafði í sjer fólgið sjerstakt grómagn. Var þessi kvistur nefndur „lífkvistur“, og með honum skyldi endurvakið það líf, sem veturinn hafði lagt í dvala. Var honum lostið á ávaxtatrje og akra til þess að þeir gæfi góða uppskeru. Enn fremur var fjenaður lostinn með honum, til þess að auka frjóvsemi. Og á sama hátt og í sama tilgangi voru konur lostnar með honum. Til þessa siðar er að rekja flengingarnar á mánudaginn í föstuinngang. Og enn í dag er það siður

---

og áður. Það hefur ekki þótt rjett að setja þar á löggjöf hvítra manna, því að hinir frumstæðu Wahgibúar mundu ekki skilja hana. — Mikils er um það vert að höfðingjarnir sje ríkir og eigi margar konur, því að það vekur virðingu og traust hjá almenningi. Og undir virðingu höfðingjanna er það komið að allir lifi í sátt og samlyndi.

Fyrir fáum árum áttu Wahgibúar engin áhöld nema úr trje, beini og steini. Nú er byrjað að kenna þeim að fara með nýtísku verkfæri, og stunda akuryrkju og kvikfjárrækt í stórum stíl. Það á að menta þá og gera þá sjálfbjarga svo að þeir hljóti ekki sömu örlög og margar aðrar frumstæðar þjóðir. Því mun verða veitt mikil athygli um allan hinn mentaða heim hvernig þessi tilraun tekst.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

að prýða flengingarvendina með blómum, tákni gróandans.

Meðal annars, sem fórnað var við gróðrarblót voru brauð. Þau voru gerð á alveg sjerstakan hátt og voru kölluð fórnarbrauð. Leifar af þessum sið eru það, að nú eiga menn að borga bollur fyrir flengingar.

Síðar var það tekið upp í sambandi við gróðrarblótin að háð var burtreið og skyldi annar riddarinn tákna vetur en hinn sumar. Þetta var einvígi sumars og veturs, og bar sumarið auðvitað altaf sigur af hólmi. — Þessi táknræna athöfn breyttist síðar í það, að „slá köttinn úr tunnunni". Upphaflega mun hani hafa verið hafður í tunnunni, því að hann er ímynd frjóvsemi. Skyldi hann leystur úr læðingi, og hefur tunnan þá verið tákn vetrardvalans. Það er einnig talið táknrænt, að tunnuna skyldi brjóta, og talið stafa frá þeirri gömlu trú, að dauðir gengi ekki aftur, ef brotnir voru munir þeir, sem þeir áttu í lifanda lífi.

FASTAN var upphaflega í kristnum sið aðeins 4 dagar fyrir páska, en upp úr aldamótunum 200 var hún lengd í 40 daga, þannig að fasta skyldi 40 virka daga fyrir páska, en ekki sunnudagana. Hófst því fastan með öskudegi. En hann dregur nafn sitt af því, að þá áttu menn að setjast í sekk og ösku og iðrast synda sinna. Er sá siður frá Gyðingum kominn. Seinna breyttist fastan þannig, að fastað var jafnt sunnudaga sem aðra daga. Og með siðaskiptunum breyttist sá siður, að ausa ösku yfir höfuð sjer, í glens og gaman, þannig að fólk var látið bera ösku óafvitandi, og þótti að því minkunn. Á þann hátt var hinn gyðinglegi iðrunarsiður gerður að skopleik.

Þriðjudagurinn í föstuinngang var seinasti dagurinn, sem menn máttu neyta kjöts fyrir páska. Var það tækifæri notað til þess að eta eins mikið kjöt og menn þoldu, eða jafnvel meira en menn höfðu gott af. Þaðan er sprengidagsnafnið komið. En það var fleira bannað á föstunni en kjötát. Þá var allur gleðskapur bannaður. Enn fremur var það stranglega bannað að ganga í hjónaband á föstunni og um eitt skeið var hjónum bannað að sænga saman. Það var því um að gera að skemta sjer vel áður en fastan skall á, og þess vegna kom upp kjötkveðjuhátíðin, sem enn er haldin í kaþólskum löndum (carnevale). Hófst hún með alls konar skrípaleikum, en upp af því hefur sprottið ein af helstu listum mannkynsins, leiklistin. Við þessi tækifæri gætti mjög ljettúðar, hlupu saman strákar og stelpur, sem ekkert þektust og trúlofuðu sig. Upp af því spratt svo „hjónaleysadagurinn", sem lengi var við líði í Englandi. Eitthvað hefur þessa og gætt hjer á landi og geymist endurminningin um það í vísunni:

Þriðjudaginn í föst'inngang,  
það er mjer í minni,  
þá á hver að þjóta í fang  
á þjónustunni sinni.

Í BÓKINNI „Íslenskir þjóðhættir" segir sjera Jónas Jónasson frá ýmsu í sambandi við föstuinnganginn, en getur þess, að sjer sje ekki kunnugt um að nein hátíðahöld (eða hvað á að kalla það) hafi farið fram hjer á Íslandi á mánudaginn. Hjer í Reykjavík hafði þessi dagur þó á sjer sjerstakan svip um tíma að minsta kosti. Skal nú sagt frá því hvernig hann var haldinn hjer í bæ fyrir 60—70 árum (1880—90).

Dagurinn hjet þá á máli Reykvíkinga Fastelavn eða Fastelavnsmánudagur. Er það nafn úr dönsku komið, en Danir höfðu apað það eftir Þjóðverjum, sem kölluðu daginn (á lágþýsku) „fastel-auen" (abend) eða föstukvöld. En Danir misskildu þetta og tóku svo saman sem nafnið væri „faste-lauen" og að „lauen" þýddi þar sama og „Lag" eða fagnaður. Til þessa fagnaðar var svo í Danmörk aflað matgjafa með sníkjum, og fátæklingar notuðu þá líka tækifærið til þess að ganga húsa á milli og biðja að gefa sjer flesk. Varð úr þessu alment sníkjuráp húsa á milli. Og af þessum sið drógu „hátíðahöldin" hjer í bæ nokkurn keim, þótt það hjeti svo að gjöfum væri safnað með því að skemta fólki.

ÞEGAR upp úr þrettándanum fóru drengir í barnaskólanum að búa sig undir hina svokölluðu „marcheringu" á mánudaginn í föstuinngang. En „marcheringin" var þannig, að þeir gengu skrautklæddir í hópum húsa á milli og sungu fyrir fólk, en það var talin borgaraleg skylda allra, að leysa þá út með gjöfum, svo sem í þakklætisskyni fyrir komuna og skemtunina. Hjer var því um að ræða fjáröflunardag fyrir drengina, helgaðan af venju, og var mikið í húfi að hann tækist sem best og þess vegna þurfti líka að vanda mjög undirbúninginn.

Ekki var stofnaður einn allsherjar flokkur til þess að fara í gönguna, heldur margir smáflokkar með 5 og 7 drengjum og var hver flokkur út af fyrir sig. Var það mikið metnaðarmál að komast í þessa flokka. Sjálfkjörnir voru allir elstu drengirnir, sem komnir voru að fermingu, en yngri fengu þó að fljóta með og var það mjög undir flokksforingjunum komið. En fyrir hverjum flokki var sjerstakur foringi, og var hann nefndur „kattarkóngur". Aðalstarf hans, fyrir utan það að stjórna flokknum, var að taka á móti öllum gjöfum og hafa fjárreiður á hendi.

Eftir að flokkarnir höfðu verið stofnaðir var byrjað á því að æfa

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

þau lög, er syngja skyldi við „húsvitjanirnar“. Helstu lögin voru þessi: „Ljómar dagur í austurátt“, „Á stað burt í fjarlægð“, „Svo ríddu þá með mjer á Sólheimasand“ og „Öxar við ána“ eftir að það lag kom (1886). En auk þess var til vonar og vara æft eitt lag, er syngja skyldi til óvirðingar þeim er kynni að taka illa á móti gestunum eða láta þá synjandi frá sjer fara. Það var: „Hjer eru blessuð börnin frönsk.“

Þá kostaði það ekki lítið umstang, erfiði og úrlausnargáfu að koma upp þeim einkennisbúningum, sem göngumenn áttu að vera í. Enginn fekk að „marchera“ nema hann væri í einkennisbúningi og með vopn. Ekki kom til mála að kaupa einkennisbúninga. Það hefði orðið skrítið upplitið á foreldrunum, ef drengirnir hefði farið fram á að fá peninga til þess. Hjer varð að bjargast við sín eigin föt og skreyta þau, en við það varð þó ærinn kostnaður. Þá höfðu drengir ekki fulla vasa af peningum eins og nú, og aðstandendur þeirra máttu varla sjá af 25 aurum, hvað þá meira. Fyrir 25 aura gátu þeir fengið tvær vænar ýsur eða 3—4 potta af mjólk. En við þetta tækifæri mátti þó ekki horfa í aurana, því að vonandi var að drengirnir kæmi miklu ríkari heim aftur.

Þegar aurarnir voru fengnir þustu drengirnir upp í Bankastræti til Sigurðar Kristjánssonar og keyptu þar alla vega mislitan pappír til skreytinganna. Örkin kostaði 3 aura, en það var ekki gljápappír, eins og hjá Sigfúsi Eymundssyni. Gljápappírinn þótti of dýr, örkin af honum kostaði víst 5 aura. En svo var líka til gullpappír og silfurpappír og kostaði örkin 10 aura. Af honum varð að kaupa eitthvað svolítið til þess að skreyta foringjana og til þess að hafa í virðingarmerki (orður).

Svo var farið með pappírinn og fötin heim til Margrjetar Pálsdóttur, móður Magnúsar Magnússonar skipstjóra. Hún útbjó alla einkennisbúningana, klipti mislita pappírinn niður og saumaði hann á fötin og húfurnar og gekk frá öðru skrauti. Fekk hún 25 aura fyrir hvern búning, en þeir voru margir og hafði hún víst nóg að gera við þetta um mánaðartíma.

Einkennisbúningarnir voru þann -ig:

Gulur borði var saumaður á buxurnar utan fótar, ofan frá mjöðm og niður úr. Á jakkakraga var saum aður tvílitur borði, gulur og blár. Riddaraband blátt, og um 3 þumlunga breitt, var yfir öxl og niður á mjöðm. Á öxlum voru skúfar tvílitir og með kögri. Blátt belti var um miðju, en á brjósti margar orður, sem áttu að líkjast Dannebrogsorðunni. Húfurnar voru „kaskeiti“ og saumaður á gjörðina þrílitur borði, gulur, blár og rauður, en framan í stjarna mikil. Aftur á móti voru foringjar með þrístrendan hatt á höfði og varð jafnan að sauma hann. Neðst á honum var logagyltur borði, en upp úr honum geisi mikill hvítur skúfur. Á ermum voru þrílit bönd, gul, blá og rauð.

Allir þurftu drengirnir að hafa vopn. Flestir höfðu heljarmikil trje-sverð, er hinir og aðrir smíðuðu fyrir þá, og til þess að gera þá sjálfa vígmannlegri og sverðin ægilegri, voru eggjarnar málaðar eldrauðar. Sumir höfðu gaddakylfu með 18 göddum, og var það eigi síður ægilegt vopn.

Öllum þessum undirbúningi þurfti að vera lokið á sunnudag. Var þá tilhlökkun mikil og er ekki víst að öllum hafi orðið svefnsamt um nóttina. En snemma var farið á fætur, því að gangan átti að hefjast klukkan 7 og það var um að gera að vera ekki á eftir öðrum flokkum, því að venjulega fengu þeir mestar og bestar gjafir er fyrstir komu á hvern stað. Að vísu gáfu menn altaf eitthvað, þótt margir kæmi flokkarnir, hver á eftir öðrum.

ÞEGAR hver flokkur hafði heimt alla sína menn, var lagt á stað. Gengu saman tveir og tveir, en foringinn rak lestina. Á eftir hverjum flokk kom hópur yngri drengja, sem ekki voru liðtækir, en fengu þó þann heiður að fylgja flokknum og bera fyrir hann poka undir gjafirnar. Voru það venjulega hvít koddaver. Hinum yngri þótti mikil virðing að því að bera pokana, eink-um þegar í þá bættist og þeir fóru að þyngjast.

Mikið kapp var um það hver yrði fyrstur upp í Latínuskólann, því að Jón Þorkelsson rektor gaf altaf peninga, og þeim mest er fyrstur kom. Fekk fyrsti flokkurinn krónu og þótti það höfðinglegt, en næstu flokkar fengu 50 aura eða 25. Sá flokkurinn, er fyrstur varð, rauk þegar upp á loft í Latínuskólanum og byrjaði að syngja. Bar þá stundum svo við að rektor var ekki klæddur. En það var engin miskunn hjá drengjunum. Ef þeim þótti koma hans dragast of lengi byrjuðu þeir að berja sverðunum niður í gólfið svo að glumdi við í húsinu. Kom þá rektor fram, þakkaði þeim fyrir komuna og rjetti þeim krónu. Svo ruddist flokkurinn niður aftur og bar þá stundum svo við að hann mætti öðrum flokki og varð þar fátt um kveðjur og stundum hnippingar, en ekki dugði að eyða tímanum í illindi, hann var alt of dýrmætur til þess. Svo var sungið niðri fyrir þann kennara, sem þar bjó, en hann var ekki jafn rausnarlegur og rektor. Þá voru venjulega margir flokkar komnir að skólanum.

Svo var farið niður í Lækjar-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

götu og gengið í öll húsin þar, til Jónassens læknis, Helga Halfdanarsonar, Þorláks Johnson og Sigfúsar Eymundssonar. Síðan var farið í búðirnar í Hafnarstræti Þar gerðu drengirnir sig heimakomna og slógu óspart í gólfið með vopnum sínum ef þeim þótti sjer ekki sint nógu snemma. Var svo farið í hvert hús í miðbænum, nema hús Helga E. Helgesen skólastjóra, sem stóð þar sem nú er Skjaldbreið. Drengirnir þorðu ekki að heimsækja hann, eða fanst það ekki sæmandi. Einnig var farið upp í Bankastræti og vestur á Stíg að Hlíðarhúsum.

ÞESSI ganga stóð í rúmar fjórar klukkustundir, eða fram undir hádegi. Flestir tóku vel á móti flokkunum, en mjög voru gjafir mismunandi. Sumir gáfu altaf peninga, eins og Krieger lyfsali, og þótti það best. Verslanir gáfu stund -um 25 eða 50 aura, en aðallega voru gjafir þeirra 6—8 kringlur, 3—4 kexkökur eða þá nokkrar tvíbökur. Bakarar gáfu venjulega vínarbrauð eða piparkökur. Þessar piparkökur voru brún sætabrauð, um 6 þumlunga á lengd og 2 þumlungar á breidd. Voru þau bökuð í stórum stíl í þann mund er ver menn komu í bæinn, því að þeir keyptu öll ósköp af þeim, bæði til saðningar og sælgætis, og sáust oft vera að maula þetta standandi undir húsveggjum. Þessi brauð kostuðu 6 aura hvert.

Hvergi var drengjunum boðið inn. Sums staðar sungu þeir úti fyrir dyrum, en víðast hvar var farið beint inn í eldhús og sungið þar. Sögumaður minn segir frá því, að einu sinni kom hann ásamt sínum mönnum vestur að Hlíðarhúsum. Þar bjó þá Jón Ólafsson og kona hans Elín Magnúsdóttir. Þeir drengirnir fóru inn í eldhús og sungu þar og var þá langt liðið að hádegi. Kom þá Elín með flatkökur jafnmargar og þeir voru, smurði þær vel með íslensku smjöri. — Kvaðst hún ætla að þeir væri orðnir svangir eftir alla gönguna, og það var víst satt, því að þeir rifu í sig flatbrauðið og urðu fegnir. Annars segir hann að skemtilegast hafi verið að koma til Egils Egilssonar í Glasgow. Hann tók þeim opnum örmum, ljek á alls oddi og bað þá altaf að syngja meira. Og svo borgaði hann vel.

Að lokinni göngu var fengnum skift. Það gerði foringi hvers flokks. Var öllu skift jafnt á milli göngumanna, kökum, kringlum, tvíbökum, vínarbrauðum, piparkökum og peningum, en litlu strákarnir, sem höfðu rogast með pokana fengu ekki neitt, þeir urðu að láta sjer nægja skemtunina og virðinguna af því að fá að vera hinum samferða. Mest þótti varið í peningana, og það þótti gott ef 2 krónur, eða 2,50 komu í hlut.*

ÞESSI siður lagðist niður um 1890. Eins og áður er getið voru það aðeins drengir úr barnaskólanum, sem máttu taka þátt í göngunni. Fermdir drengir fengu ekki að vera með. En þeir höfðu það sjer þá til gamans þennan dag að slá köttinn úr tunnunni. Var það aðeins leikur, en ekki fjáröflunar fyrirtæki eins og gangan.

Leikur þessi fór fram í húsagarði barnaskólans, sem þá var á horninu á Pósthússtræti og Austurstræti. Var lóð skólans girt með hárri girðingu, en í miðjum garðinum voru salerni skólans 6 eða 8 í sjerstökum skúr og mátti ganga í kring um hann.

Piltarnir festu nú kaðal milli skúrsins og girðingarinnar og á honum hekk tunnan. Gengu þeir svo hver á hæla öðrum umhverfis skúrinn og sló hver með barefli á tunnuna um leið og hann kom að henni. Á þessu gekk þangað til gjarðirnar losnuðu af tunnunni og hún fell í stafi og hrundi niður. Sá, sem greiddi henni seinasta höggið, það er reið henni að fullu, var nefndur „kattarkóngur“ og þótti það hinn virðulegasti titill og lýsa mikilli hreysti. Ekki komst fólk að til þess að horfa á leik þenna.

ÁRIÐ 1890 var þessi leikur þreyttur á tjörninni af ríðandi mönnum. Skamt suðvestur af lækjarósnum höfðu verið höggvin göt á ísinn með nokkru millibili og þar reknir niður háir staurar. Milli þeirra var strengdur kaðall og á honum hekk tunnan, og var í henni dauður hrafn. Umhverfis var stór skeiðvöllur haslaður með háum stöngum og blöktu fánar á stöngunum. Um 20 ungir menn tóku þátt í leikn um og voru þeir allir á góðum hestum. En auk þess hafði Bertelsen málari slegist í hópinn og reið hann á gömlum klár, sem nefndur var Bakara-Rauður og hver maður í bænum þekti. Hann var eign Bernhöfts bakara og var klárinn aðallega frægur fyrir það að draga þyngri æki en aðrir hestar og að honum heldu engar túngirðingar. En reiðhestur var hann aldrei talinn, enda var það gert til gamans að hafa þá Bertelsen með. Var Ber-

---

* Klemens Jónsson segir frá því í grein í „Skírni“ 1913 að einu sinni hafi Sæmundur með 16 skó verið dubbaður upp eins og drengir þeir, er „marcheruðu“ og reiddi hann heljar mikinn trjekorða um öxl. Sneri hann baki við hverjum, sem hann mætti á götu, og gekk öfugur inn í húsin. En það var vegna þess, að hann var með stóra auglýsingu á bakinu og stóð þar skráð skýru letri: „Jeg geri grín fyrir fjóra, en enginn má gefa mjer í staupinu“. Segir Klemens að honum muni hafa áskotnast margir „firskildingar“ þann dag, og hefur þetta þá verið mikið fyrr, eða áður en krónumyntin kom til sögunnar.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

telsen í rauðu pilsi og hafði sófl mikinn reiddan um öxl og dinglaði með honum í tunnuna, eða þá í Rauð, en hann jós við hvert högg og vakti riddarinn og klárinn mikinn hlátur áhorfenda.

Veður var gott þennan dag og hjarn lá yfir ísnum á tjörninni. Var því gott að spretta úr spori þarna og riðu kapparnir á spretti að tunnunni og börðu hana með lurk eða refði, sem þeir höfðu í höndum, en hljóðfærasláttur kvað við á undan hverri atlögu og á eftir. Flestir þeir Reykvíkingar, er vetlingi gátu vald-ið, voru komnir til að horfa á og skemtu sjer ágætlega. Stóð þessi skemtun nær tvær klukkustundir. Kattarkóngur varð Jón Þórðarson frá Vigfúsarkoti (bróðir Þorgríms læknis sem seinast var í Keflavík). Reið Jón á leirljósum hesti, hinum mesta gæðing og fallegum, og vakti það almennan fögnuð er Jón sló hausinn af hrafninum, eftir að tunnan var fallin í stafi.*

FLENGINGAR tíðkuðust þá einnig á mánudaginn í föstuinngang og meðal hinna efnaðri var það venja að gefa öllu fólkinu bollur þann dag. Enginn fór þá út úr húsi til flenginga, heldur ljetu menn sjer nægja að flengja heimafólk. En þegar „marcheringunum“ ljetti tóku flengingar að fara í vöxt og var þá jafnvel farið að ganga húsa á milli til flenginga þangað til þetta var orðinn allsherjar siður og tekju lind fyrir bakara og þá sem búa til blómavendi. Helst þetta enn og hefur dagurinn fengið nafnið „bolludagur.“

* Í endurminningum sínum segir Daníel Daníelsson frá þessum atburði og er frásögn hans nokkuð á annan veg, en það stafar af misminni. „Ísafold“ segir einnig frá þessu og kallar þetta „danska þjóðskemtun.... sem mátti segja að væri góðra gjalda verð, heldur en ekki neitt, þótt veglegra mætti að hafast til íþrótta.“

# Landkynning í London




**UNDANFARIN ár hefur mikil og góð landkynning orðið að ferðum íslenskra flugvjela milli flughafna víða um heim. Hefur það vakið feikna athygli, að svo fámenn þjóð og Íslendingar skuli vera jafn framarlega á sviði flugmálanna og raun ber vitni um. Sjerstaklega hefur það þótt til fyrirmyndar, að áhafnir milli landaflugvjelanna skuli vera íslenskar, en þess eru mörg dæmi um aðrar og stærri þjóðir, að flugvjelum þeirra er stjórnað af erlendum mönnum.**

**Einn þáttur þessa landkynningarstarfs íslensku flugfjelaganna er gluggasýning, sem flugfjelagið Loftleiðir hafði í s.l. des. og jan. mánuðum í stórum sýningarglugga Kensington flugstöðvarinnar í London. Umboðsmaður Loftleiða í London, Björn Björnsson, stórkaupmaður, átti frumkvæði að sýningu þessari, sem vakti mikla athygli, bæði sökum þess hve smekkleg hún var og eigi síður vegna hins, að hjer var um að ræða fyrstu gluggasýningu íslensks fyrirtækis í London og markar hún að því leyti tímamót.**

**Myndin, sem hjer birtist var tekin af Poul Henning, ljósmyndara í London, en hann var á ferð hjer heima seinnipartinn í fyrrasumar og tók þá margar og einkennilegar ljósmyndir af landi og þjóð.**

## Fjaðrafok

**Frækinn stökkmaður**

Þeir Guðbrandur og Hljóða-Bjarni synir Prjóna-Pjeturs voru stökkmenn miklir, einkum Guðbrandur. Þeir voru látnir prjóna duggarapeysur í ungdæmi sínu, eins og þá var títt. Stjaki stóð á hlaðinu á Heiði (á Langanesi) tveggja alna hár, og var höggvinn stallur í miðjan stjakann. Það var leikur þeirra bræðra að bregða sjer út með prjónana, hlaupa upp á stjakann og fóta sig efst á honum, og fella þó ekki niður lykkjuna. Guðbrandi tókst það, en Bjarna ekki. Einu sinni kom Guðbrandur gangandi til Sauðaneskirkju og stóð margt fólk úti á hlaði. Þar stóðu líka fjórir hestar, bundnir hver aftan í annan. Stóð sá ysti við stjaka en stjakinn við for. Guðbrandur bregður á skeið og hleypur yfir hestana og forina. — Hlaupið var mælt og var meira en fimtán alnir. (Ól. Davíðsson).

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur